

# Aðalskipulag Reykhólahrepps 2022-2034



# Aðalskipulag Reykhólahrepps 2022-2034

Skipulagsgreinargerð






A1394-061-U09

[www.ata.is](http://www.ata.is)

Aðalskipulag Reykhólahrepps 2022-2034 var samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps

þann 8.2.2023 skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

og 16 gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021



Aðalskipulag Reykhólahrepps 2022-2034

var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 12.05.'23 skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.



## Efnisyfirlit

|  |           |  |           |
|--|-----------|--|-----------|
| <b>Myndaskrá</b>                             | <b>6</b>  | 4.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokk og landnotkunarreiti | 21        |
| <b>1 Inngangur</b>                           | <b>7</b>  | 4.4.1 Péttylismörk (PM)                                    | 21        |
| 1.1 Tildrög endurskoðunar                    | 7         | 4.4.2 Íbúðarbyggð (ÍB)                                     | 22        |
| 1.2 Hlutverk aðalskipulags                   | 7         | 4.4.3 Svæði fyrir frístundabyggð (F)                       | 25        |
| 1.3 Skipulagsgögn                            | 7         | <b>5 Vistkerfi og auðlindir</b>                            | <b>33</b> |
| 1.4 Viðfangsefni og uppbygging aðalskipulags | 8         | 5.1 Meginmarkmið   | 33        |
| 1.5 Skipulagsferli, kynning og samráð        | 9         | 5.2 Forsendur  | 34        |
| <b>2 Skipulagssvæðið</b>                     | <b>11</b> | 5.3. Markmið   | 44        |
| 2.1 Mörk og staðhættir                       | 11        | 5.3.1 Sveitarfélagið í heild                               | 44        |
| 2.2 Samhengi við Vestfirði og Vesturland     | 11        | 5.3.2 Reykhólar  | 44        |
| 2.3 Samhengi við aðrar áætlanir              | 12        | 5.3.3 Flatey   | 44        |
| <b>3 Leiðarljós og framtíðarsýn</b>          | <b>15</b> | 5.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokk og landnotkunarreiti | 45        |
| 3.1 Leiðarljós                               | 15        | 5.4.1 Vatnsból (VB)  | 45        |
| 3.2 Framtíðarsýn                             | 15        | 5.4.2 Vatnsverndarsvæði, grannsvæði (VG)                   | 47        |
| <b>4 Búseta og byggðarmynstur</b>            | <b>16</b> | 5.4.3 Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði (VF)                    | 49        |
| 4.1 Meginmarkmið                             | 16        | 5.4.4 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)                  | 51        |
| 4.2 Forsendur                                | 17        | 5.4.5 Iðnaðarsvæði (I)                                     | 57        |
| 4.3 Markmið                                  | 20        | 5.4.6 Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)                  | 61        |
| 4.3.1 Sveitarfélagið í heild                 | 20        | <b>6 Atvinnustarfsemi</b>                                  | <b>62</b> |
| 4.3.2 Reykhólar                              | 20        | 6.1 Meginmarkmið   | 62        |
| 4.3.3 Flatey                                 | 20        | 6.2 Forsendur  | 63        |
|  |           | 6.3 Markmið  | 72        |

|   |           |   |            |
|---|-----------|---|------------|
| 6.3.1 Sveitarfélagið í heild                                | 72        | 8.3.1 Sveitarfélagið í heild                                | 105        |
| 6.3.2 Reykhólar   | 74        | 8.3.2 Reykhólar   | 105        |
| 6.3.3 Flatey  | 74        | 8.3.3 Flatey  | 105        |
| 6.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokka og landnotkunarreiti | 75        | 8.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokka og landnotkunarreiti | 106        |
| 6.4.1 Landbúnaðarsvæði (L)                                  | 75        | 8.4.1 Óbyggð svæði (ÓB)                                     | 106        |
| 6.4.2 Athafnavæði (AT)                                      | 80        | 8.4.2 Vötn, ár og sjór (V)                                  | 108        |
| 6.4.3 Afpreyingar- og ferðamannasvæði (AF)                  | 82        | 8.4.3 Hverfisverndarsvæði (HV)                              | 110        |
| <b>7 Samfélagsþjónusta og menningarlíf</b>                  | <b>84</b> | 8.4.4 Friðlýst svæði (FS)                                   | 114        |
| 7.1 Meginmarkmið  | 84        | 8.4.5 Minjavernd (MV)                                       | 116        |
| 7.2 Forsendur   | 85        | <b>9 Útivist og afpreying</b>                               | <b>121</b> |
| 7.3 Markmið   | 86        | 9.1 Meginmarkmið  | 121        |
| 7.3.1 Sveitarfélagið í heild                                | 86        | 9.2 Forsendur   | 122        |
| 7.3.2 Reykhólar   | 86        | 9.3 Markmið   | 123        |
| 7.3.3 Flatey  | 86        | 9.3.1 Sveitarfélagið í heild                                | 123        |
| 7.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokka og landnotkunarreiti | 87        | 9.3.2 Reykhólar   | 126        |
| 7.4.1 Verslun og þjónusta (VP)                              | 87        | 9.3.3 Flatey  | 127        |
| 7.4.2 Samfélagsþjónusta (S)                                 | 91        | 9.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokka og landnotkunarreiti | 128        |
| 7.4.3 Kirkjugarðar og grafreitir (K)                        | 94        | 9.4.1 Opin svæði (OP)                                       | 128        |
| <b>8 Landslag, minjar og lífríki</b>                        | <b>96</b> | 9.4.2 Íþróttasvæði (ÍÞ)                                     | 130        |
| 8.1 Meginmarkmið  | 96        | <b>10 Samgöngur</b>   | <b>132</b> |
| 8.2 Forsendur   | 97        | 10.1 Meginmarkmið   | 132        |
| 8.3 Markmið   | 105       | 10.2 Forsendur  | 133        |

|  |            |  |            |
|--|------------|--|------------|
| 10.3 Markmið   | 136        | <b>12 Náttúruvá og varúðarsvæði</b>                          | <b>154</b> |
| 10.3.1 Sveitarfélagið í heild                                | 136        | 12.1 Meginmarkmið  | 154        |
| 10.3.2 Reykhólar   | 136        | 12.2 Forsendur   | 155        |
| 10.3.3 Flatey  | 136        | 12.3 Markmið   | 156        |
| 10.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokka og landnotkunarreiti | 137        | 12.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokka og landnotkunarreiti | 157        |
| 10.4.1 Vegir, götur og stígar (VE)                           | 137        | 12.4.1 Varúðarsvæði (VA)                                     | 157        |
| 10.4.2 Stofnvegir (VE-SV)                                    | 138        | <b>Viðauki. Umsagnaraðilar</b>                               | <b>159</b> |
| 10.4.3 Tengivegir (VE-TV)                                    | 139        |  |            |
| 10.4.4 Gönguleiðir (VE-GL)                                   | 140        |  |            |
| 10.4.5 Reiðleiðir (VE-RL)                                    | 141        |  |            |
| 10.4.6 Flugvellir (FV)                                       | 142        |  |            |
| 10.4.7 Hafnir (H)  | 144        |  |            |
| <b>11 Veitukerfi</b>   | <b>146</b> |  |            |
| 11.1 Meginmarkmið  | 146        |  |            |
| 11.2 Forsendur   | 147        |  |            |
| 11.3 Markmið   | 150        |  |            |
| 11.3.1 Sveitarfélagið í heild                                | 150        |  |            |
| 11.3.2 Reykhólar   | 150        |  |            |
| 11.3.3 Flatey  | 150        |  |            |
| 11.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokka og landnotkunarreiti | 151        |  |            |
| 11.4.1 Veitur, rafveita (VH-R)                               | 151        |  |            |

## Myndaskrá

|         |                                |    |         |                                 |     |         |                                 |     |
|---------|--------------------------------|----|---------|---------------------------------|-----|---------|---------------------------------|-----|
| Mynd 1  | Gróf mörk Reykhólahrepps       | 11 | Mynd 20 | Jarðir                          | 64  | Mynd 39 | Hverfisverndarsvæði             | 109 |
| Mynd 2  | Framtíðarsýn og leiðarljós     | 15 | Mynd 21 | Lögbýli                         | 65  | Mynd 40 | Friðlýst svæði                  | 113 |
| Mynd 3  | Péttbýlismörk                  | 21 | Mynd 22 | Frumframleiðsla                 | 65  | Mynd 41 | Friðlýstar fornminjar           | 115 |
| Mynd 4  | Íbúðarsvæði á Reykhólum        | 22 | Mynd 23 | Vestfjarðaleiðin                | 67  | Mynd 42 | Aðalgönguleiðir í dreifbýli     | 123 |
| Mynd 5  | Svæði fyrir frístundabyggð     | 25 | Mynd 24 | Ferðaleiðakerfi svæðisskipulags | 68  | Mynd 43 | Aðalreiðleiðir í dreifbýli      | 124 |
| Mynd 6  | Jarðlög                        | 33 | Mynd 25 | Áhugaverðir viðkomustaðir       | 70  | Mynd 44 | Gönguleiðir í þéttbýli          | 125 |
| Mynd 7  | Jarðvegur                      | 34 | Mynd 26 | Ferðaleiðir                     | 72  | Mynd 45 | Gönguleiðir í Flatey            | 126 |
| Mynd 8  | Verðmæt gróðurlendi            | 35 | Mynd 27 | Landbúnaðarsvæði                | 74  | Mynd 46 | Opin svæði                      | 127 |
| Mynd 9  | Vatnafar                       | 36 | Mynd 28 | Athafnasvæði                    | 79  | Mynd 47 | Íþróttasvæði                    | 129 |
| Mynd 10 | Borholustaðir á Hrafnnesi      | 37 | Mynd 29 | Afþreyingar- og ferðamannasv.   | 81  | Mynd 48 | Vegir                           | 132 |
| Mynd 11 | Vatnsverndarsvæði              | 37 | Mynd 30 | Verslunar- og þjónustusvæði     | 86  | Mynd 49 | Yfirborð vega                   | 132 |
| Mynd 12 | Fjöruvistgerðir                | 38 | Mynd 31 | Svæði fyrir samfélagsþjónustu   | 90  | Mynd 50 | Vegir, götur og stígar          | 136 |
| Mynd 13 | Jarðhita- og kaldavatnsholur   | 39 | Mynd 32 | Kirkjugarðar og grafreitir      | 93  | Mynd 51 | Flugvellir                      | 141 |
| Mynd 14 | Vatnsból                       | 44 | Mynd 33 | Hvað er landslag?               | 96  | Mynd 52 | Hafnir                          | 143 |
| Mynd 15 | Vatnsverndarsvæði, grannsvæði  | 46 | Mynd 34 | Skóglendi                       | 97  | Mynd 53 | Raforkukerfi Orkubús Vestfjarða | 147 |
| Mynd 16 | Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði   | 48 | Mynd 35 | Mörk verndarsv. Breiðafjarðar   | 102 | Mynd 54 | Rafínur og möstur Landsnets     | 147 |
| Mynd 17 | Efnistökusvæði                 | 50 | Mynd 36 | Náttúruverndarsvæði             | 103 | Mynd 55 | Rafveita                        | 150 |
| Mynd 18 | Iðnaðarsvæði                   | 56 | Mynd 37 | Óbyggð svæði                    | 105 | Mynd 56 | Varúðarsvæði                    | 156 |
| Mynd 19 | Sérstök not haf- og vatnssvæða | 60 | Mynd 38 | Vötn, ár og sjór                | 107 |         |                                 |     |



# 1 Inngangur

## 1.1 Tildrög endurskoðunar

Rúmur áratugur er frá því Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 tók gildi og því var kominn tími til að yfirfara forsendur þess og stefnu m.t.t. ýmissa breytinga sem hafa orðið frá staðfestingu þess árið 2009. Þessar forsendur varða íbúa- og atvinnuþróun og þróun í samfélags- og umhverfismálum, bæði þegar litið er til sveitarfélagsins sjálfs, svæðisins sem það tilheyrir og landsins alls. Til dæmis eru tilkomnar ýmsar svæðis- og landsbundnar áætlanir sem þarf að framfylgja eða gæta samræmis við. Á svæðisvísu ber helst að nefna [Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar](#), þar sem sveitarfélögin þrjú hafa sett sér sameiginleg markmið í atvinnu-, samfélags- og umhverfismálum, til nánari útfærslu í aðalskipulagi hvers þeirra.

## 1.2 Hlutverk aðalskipulags

Í 28. gr. skipulagslaga er kveðið á um gerð aðalskipulags og þar segir: „Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál.“ Einnig segir í greininni: „Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags varðandi landnotkun, takmarkanir á landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og byggðamynstur, þ.m.t. þéttleika byggðar.“ Stefna sem sett er fram í aðalskipulagi skal líta til a.m.k. tólf ára.

## 1.3 Skipulagsgögn

Nýtt aðalskipulag fyrir Reykhólahrepp hefur skipulagstímabilið 2022-2034 og er sett fram í skipulagsgreinargerð og á fimm skipulagsuppdráttum sem eru:

- Aðalskipulagsuppdráttur vestur í mkv. 1:70.000.
- Aðalskipulagsuppdráttur austur í mkv. 1:70.000.
- Aðalskipulagsuppdráttur Reykhólar í mkv. 1:10.000.
- Aðalskipulagsuppdráttur Breiðafjarðareyjar í mkv. 1:70.000.
- Aðalskipulagsuppdráttur Flatey í mkv. 1:10.000.

Afmarkanir sem fram koma á uppdráttunum má skoða alla saman í [vefsjá](#) aðalskipulagsins og kalla fram skilmála sem tengjast hverri afmörkun. Auk skipulagsuppdráttanna eru settir fram eftirfarandi þemauppdrættir:

- Flokkun landbúnaðarlands vestur í mkv. 1:50.000.
- Flokkun landbúnaðarlands austur í mkv. 1:50.000.
- Vegir í náttúru Íslands í mkv. 1:100.000.

Í skipulagsgreinargerð eru skýringaruppdrættir til að skýra forsendur og stefnu en þeir eru ekki bindandi:

- Ferðaleiðir í Reykhólahreppi, sjá mynd 26 í kafla 6.3.1.
- Náttúruverndarsvæði í Reykhólahreppi, sjá mynd 36 kafla 8.2.
- Aðalgönguleiðir í dreifbýli, sjá mynd 42 í kafla 9.3.1.
- Aðalreiðleiðir í dreifbýli, sjá mynd 43 í kafla 9.3.1.
- Aðalgönguleiðir í þéttbýli, sjá mynd 44 í kafla 9.3.2.
- Aðalgönguleiðir í Flatey, sjá mynd 45 í kafla 9.3.3.

#### 1.4 Viðfangsefni og uppbygging aðalskipulags

Í aðalskipulagi skal, skv. gr. 4.3.1 í skipulagsreglugerð, fjalla um eftirfarandi:

- Þróun þéttbýlis, helstu einkenni einstakra þéttbýlisstaða, samspieli þeirra og hlutverkaskipting.
- Íbúáþróun, íbúasamsetning, íbúðarhúsnæði, íbúðarbyggð. Blöndun íbúða við aðra landnotkun.
- Opín svæði, útivistarsvæði og aðstaða til íþróttaiðkana.
- Verslun og önnur þjónusta. Þróun miðbæjarstarfsemi, nærþjónustu og annarrar verslunar- og þjónustustarfsemi, þ.m.t. skóla, menningarstarfsemi og ferðamannþjónustu og megináhrifaþætti á miðbæjarstarfsemi.
- Athafna- og iðnaðarstarfsemi.
- Landbúnaðarsvæði, þ.m.t. ferðaþjónusta og önnur atvinnustarfsemi sem tengist búrekstrinum.
- Skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis.
- Efnistaka, efnislosun og urðun úrgangs.
- Samgöngur, vegir og stígar.
- Veitur og fjarskipti.
- Vernd vatns, náttúru- og menningarminja.
- Varúðarsvæði og náttúruvá.
- Málsmeðferð stakra framkvæmda sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið.
- Samræmi stefnu aðalskipulags við landsskipulagsstefnu.
- Samræmi stefnu aðalskipulags við markmið skipulagslaga og sjónarmið um sjálfbæra þróun í sveitarfélaginu, sérstaklega hvað varðar búsetumynstur, samgöngur og auðlindanýtingu.
- Samræmi stefnu aðalskipulags við gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun.

Í verkefnislýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps, sem kynnt var vorið 2020 var greint frá helstu forsendum framangreindra viðfangsefna, dregin fram stefna svæðisskipulags og fyrra aðalskipulags

og lagðar nánari áherslur fyrir viðfangsefnin á þeim grunni. Við áframhaldandi mótun nýs aðalskipulags voru viðfangsefnin flokkuð undir eftirfarandi meginviðfangsefni:

- Íbúáþróun og byggðarmynstur
- Vistkerfi og auðlindir
- Atvinnustarfsemi
- Samfélagsþjónusta og menningarlíf
- Landslag og lífríki
- Útivist og afþreying
- Samgöngur
- Veitukerfi
- Náttúruvá

Í aðalskipulaginu er sett fram framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið í heild. Sett eru fram meginmarkmið fyrir meginviðfangsefnin að ofan og þau útfærð með markmiðum fyrir undirviðfangsefni sem aftur eru útfærð með skipulagsákvæðum fyrir svæði út frá þeim landnotkunarflokkum sem skilgreindir eru í skipulagsreglugerð. Ákvæðin eru sett fram sem almennir skilmálar fyrir hvern landnotkunarflokk og/eða sem sértækir skilmálar um einstök svæði. Í samræmi við þessa uppbyggingu eru meginhlutar skipulagsgreinargerðar þessir:

- **Inngangur:** Um hlutverk aðalskipulags, viðfangsefni og áherslur endurskoðunar og skipulagsgögn (kafli 1).
- **Skipulagssvæðið:** Um staðhætti, mörk og samhengi við fyrirliggjandi stefnu (kafli 2).
- **Framtíðarsýn:** Um heildarsýn á allt sveitarfélagið til lengri tíma litið (kafli 4).
- **Stefna og skilmálar:** Um forsendur og stefnu fyrir viðfangsefni og landnotkunarákvæði við viðeigandi landnotkunarflokka (kaflar 4-12).
- **Umhverfismatsskýrsla:** Er í sér skjali sem er fylgiskjal með aðalskipulaginu.

### 1.5 Skipulagsferli, kynning og samráð

Endurskoðun aðalskipulagsins var skipt upp í fimm áfanga með eftirfarandi verkþætti:

| Áfangar og helstu verkþættir   | Vinnslutími                           |
|--|---------------------------------------|
| <p><b>1 Undirbúningur og gerð verkefnislýsingar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Uppfærsla gildandi aðalskipulags í landfræðilegt upplýsingakerfi og uppsetning vefsjár með skipulagsgögnum og ýmsum forsendugögnum.</li> <li>➤ Samráðsfundur með sveitarstjórn um viðfangsefni og áherslur við endurskoðunina (haldinn 4. des 2019).</li> <li>➤ Kynningarvefur um endurskoðunina (birtur í apríl 2020).</li> <li>➤ Drög að lýsingu: Samantekt um forsendur, viðfangsefni, nálgun við umhverfismat og samráð, ferli og tímarás (kynnt og fjallað um á fundi með sveitarstjórn 17. mars 2020).</li> <li>➤ Afgreiðsla sveitarstjórnar á lýsingu, skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga (9. júní 2020).</li> <li>➤ Kynning lýsingar á kynningarvef og vef Reykhólahrepps og sending til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila (júní 2020).</li> </ul> | <p><i>des. 2019 - júní 2020</i></p>   |
| <p><b>2 Tillögugerð: Greining, stefnumótun og umhverfismat</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Frekari forsendugreining í þéttbýli og dreifbýli.</li> <li>➤ Íbúakönnun um stöðu og framtíðarþróun sveitarfélagsins og umhverfis- og skipulagsmál (júlí 2020).</li> <li>➤ Könnun meðal landeigenda um núverandi landnotkun og áform um breytingar, svo sem m.t.t. frístundabyggðar, ferðaþjónustu, íbúðarhúsa án tengsla við búskap, efnistöku og skógræktar. Fylgt eftir með símtölum eftir þörfum.</li> <li>➤ Mótun tillögu og umhverfismat.</li> </ul>  | <p><i>apríl 2020 - ágúst 2021</i></p> |

|   |                                 |
|---|---------------------------------|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Afgreiðsla sveitarstjórnar á tillögu til kynningar skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.</li> </ul>  |                                 |
| <p><b>3 Kynning og umsagnir</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Kynning tillögu á vef Reykhólahrepps með 4 vikna fresti til að senda ábendingar áður en gengið var frá tillögu til formlegrar auglýsingar.</li> <li>➤ Sending tillögu til umsagnaraðila (sjá lista í viðauka 1) með 4 vikna umsagnarfresti.</li> <li>➤ Úrvinnsla ábendinga og umsagna og lagfæringar á tillögu eftir þörfum.</li> <li>➤ Afgreiðsla sveitarstjórnar á tillögu til athugunar Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. (4 vikna umsagnartími).</li> </ul> | <p><i>sept. - des. 2021</i></p> |
| <p><b>4 Auglýsing tillögu</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Úrvinnsla úr umsögn Skipulagsstofnunar.</li> <li>➤ Lagfæringar og fullvinnsla tillögu til auglýsingar.</li> <li>➤ Auglýsing tillögu skv. 31. gr. skipulagslaga með 6 vikna athugasemdafresti.</li> </ul>   | <p><i>feb.- ágúst 2022</i></p>  |
| <p><b>5 Samþykkt og staðfesting</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Úrvinnsla athugasemda sem bárust og svör við þeim.</li> <li>➤ Frágangur skipulagsgagna til samþykktar og staðfestingar, skv. 32 gr. skipulagslaga.</li> <li>➤ Samþykkt sveitarstjórnar.</li> <li>➤ Staðfesting Skipulagsstofnunar og gildistaka með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.</li> </ul>   | <p><i>ágúst - feb. 2023</i></p> |

Skipulagslög og skipulagsreglugerð kveða á um megindrætti í ferli endurskoðunar aðalskipulags. Hún hófst með kynningu lýsingar í júní 2020 og bárust þá ábendingar sem hafðar voru til hliðsjónar við endurskoðunina.

Vegna heimsfaraldurs og samkomutakmarkana var farin sú leið að leggja kannanir fyrir íbúa og landeigendur í stað þess að halda íbúafundi. Bréf/-vefkönnun var gerð meðal landeigenda. Spurt var um núverandi landnotkun og áform um breytingar, svo sem m.t.t. frístundabyggðar, ferðapjónustu, íbúðarhúsa án tengsla við búskap, efnistöku og skógræktar. Einnig var lögð vefkönnun fyrir íbúa í þéttbýlinu og íbúa- og húseigendur í Flatey þar sem kallað var eftir sjónarmiðum þeirra.

Tillaga að aðalskipulagi á vinnslustigi og tilheyrandi umhverfismatsskýrsla var kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga með auglýsingu og birtingu skipulagsgagna á Netinu (vef sveitarfélagsins, verkefnavef aðalskipulags og facebook-síðu svæðisskipulags Stranda, Reykhóla og Dala) þann 20. október 2021. Auglýsingar um gögnin voru einnig birtar á bb.is þann 20. október og Morgunblaðinu þann 20. október. Tengill á skipulagsgögn var á sama tíma sendur til fjölda hagsmunaaðila og lögbundinna umsagnaraðila, sbr. lista í viðauka. Gefinn var 4 vikna frestur til að senda inn umsagnir og ábendingar við efni tillögunnar. Að honum liðnum var unnið úr umsögnum og gengið frá tillögu til athugunar Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga og 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd vann úr umsögn Skipulagsstofnunar og samþykkti tillögu til auglýsingar á fundi sínum 7. apríl 2022.

Aðalskipulagstillagan og umhverfismatsskýrsla var auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana þann 8. júlí 2022. Frestur til að skila skriflegum athugasemdum var 6 vikur frá auglýsingu. Að honum liðnum var unnið úr þeim athugasemdum sem bárust og tillagan svo samþykkt og send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar. Hið nýja aðalskipulag tekur gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

## 2 Skipulagssvæðið

### 2.1 Mörk og staðhættir

Aðalskipulagið nær til alls lands sem fellur innan staðarmarka Reykhólahrepps. Skipulagsvald sveitarfélaga nær 115 metra frá stórstraumsfjörobörði, í samræmi við skilgreiningu staðarmarka sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og jarðalögum nr. 81/2004.

Til fjalla liggja sveitarfélagsmörkin eins og vötnum hallar frá Glámu í vestri, að Kollafjarðarheiði og Reiphólsfjöllum, upp á Þorskafjarðarheiði og þaðan eftir Vaðalfjallaheiði og Bæjardalsheiði að Steinadalsheiði og að lokum niður Brekkudal í Gilsfjörð.

Til stranda nær Reykhólahreppur frá Kjálkafirði í vestri til Gilsfjarðar í austri. Á milli þessara tveggja fjarða liggja 11 firðir: Kerlingarfjörður, Mjóifjörður, Vattarfjörður, Skálmarfjörður, Kvígindisfjörður, Kollafjörður, Gufufjörður, Djúpihfjörður, Þorskafjörður, Berufjörður, og Króksfjörður. Strandlengja sveitarfélagsins er því mjög löng og úti fyrir henni eru ótal sker, hólmar og smáeyjar sem gefur henni mikla sérstöðu. Flatey er stærst eyjanna og sú eina með fasta búsetu.

Nánar er fjallað um helstu einkenni umhverfis, samfélags og atvinnulífs á skipulagssvæðinu í forsendum í köflum 4-12.


### 2.2 Samhengi við Vestfirði og Vesturland

Reykhólahreppur liggur á sunnanverðum Vestfjörðum en nær jafnframt til eyja á norðanverðum Breiðafirði. Sveitarfélagið er því hluti af tveimur landslagsheildum og um leið tveimur stjórnunarheildum; Vestfjörðum annars vegar og Breiðafirði sem verndarsvæði sem um gilda sérstök lög hinsvegar.

Sem hluti af Vestfjörðum er Reykhólahreppur aðili að Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Vestfjarðastofu.<sup>1</sup> Undir þeim hatti er unnið að fjölmörgum verkefnum sem hafa bein eða óbein áhrif aðalskipulagsgerð. Þar er um að

<sup>1</sup> [Um Fjórðungssamband Vestfirðinga](#) á vef Vestfjarðastofu.

ræða atvinnu- og byggðapróunarverkefni sem og verkefni sem snúa að frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi.<sup>2</sup>



Mynd 1. Gróf mörk Reykhólahrepps skv. vefsíðu Skipulagsstofnunar.

Reykhólahreppur á fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd sem er umhverfis- og auðlindaráðherra til ráðgjafar um framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar.

Reykhólar eru eini þéttbýlisstaður sveitarfélagsins. Næstu þéttbýlisstaðir eru Hólmavík í um 60 km akstursfjarlægð og Búðardalur sem er í tæplega 75 km fjarlægð. Vegalengd til Ísafjarðar um Þorskafjarðarheiði og Djúp er um 240 km. Með tilkomu Dýrafjarðarganga og áformuðum breytingum á Vestfjarðavegi í Reykhólahreppi (sbr. aðalskipulagsbreytingu samþ. 15.10.2019) er vegalengd frá Reykhólum til Ísafjarðar um 240 km.

<sup>2</sup> [Vestfjarðastofa og verkefni hennar.](#)

Auk þess að vera hluti af Vestfjörðum og Breiðafirði hefur Reykhólahreppur átt vaxandi samstarf við nágrannasveitarfélögin Strandabyggð og Dalabyggð, en bættar samgöngur um Gilsfjörð og Þröskulda hafa skapað ný tækifæri til samvinnu. Sveitarfélögin hafa t.d. mótað sér sameiginlega svæðisskipulagsáætlun sem er nokkurs konar sóknaráætlun þeirra á sviðum landbúnaðar, sjávarnýtja og ferðaþjónustu. Nánar er fjallað um þá áætlun og aðrar áætlanir tengdar aðalskipulagi í forsendum 4.-12. kafla, eftir því sem við á, og í umhverfisskýrslu.

### 2.3 Samhengi við aðrar áætlanir

Við mótun aðalskipulagstillögunnar hafa áætlanir á lands-, svæðis- og á staðarvísu verið rýndar og þær hafðar til hliðsjónar eftir því sem við á. Hér er fjallað um þær stefnur og áætlanir sem helst má nefna, en í umhverfisskýrslu er gerð nánari grein fyrir öðrum áætlunum sem voru rýndar við mótun aðalskipulagstillögunnar.

Árið 2015 settu Sameinuðu þjóðirnar sér 17 heimsmarkmið um sjálfbæra þróun, sem ná skyldi fyrir árið 2030. Þau varða helstu þætti í þróun umhverfis og samfélags og er hvert með allmörg undirmarkmið. Markmið sem einkum tengjast aðalskipulagi varða t.d. lýðheilsu og vellíðan, vatnsgæði, sjálfbæra orku, úrgangsméðhöndlun, aðgerðir í loftslagsmálum, heilbrigði vistkerfa á landi, í vatni og sjó, líffræðilega fjölbreytni og vernd náttúru- og menningarminja. Ríkisstjórnin samþykkti í júní 2018 að forgangsraða 65 af 169 undirmarkmiðum heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna við innleiðingu þeirra á Íslandi.

Eftirtaldir alþjóðasamningar geta átt við um endurskoðun aðalskipulagsins:

- Alþjóðasamþykkt um fuglavernd (París 1950).
- Landslagssamningur Evrópu (Florence 2000).
- Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971).
- Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979).

- Samningur um líffræðilega fjölbreytni (Río 1992).
- Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Río 1992).
- Parísarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna.
- Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (C 42/1995).

**Landsskipulagsstefna 2015-2026** felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Henni er ætlað að tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlanna sveitarfélaga og stuðla að sjálfbærri þróun. Einnig á landsskipulagsstefna að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um þróun byggðar og landnýtingu.

Landsskipulagsstefna 2015-2026 nær til fjögurra viðfangsefna sem eru:

- Skipulag á miðhálandi Íslands
- Skipulag í dreifbýli
- Búsetumynstur og dreifing byggðar
- Skipulag á haf- og strandsvæðum

Undir þessum megin viðfangsefnunum fjórum eru markmið sem varða einstaka efnisþætti eða málaflokka eins og byggð, náttúruvernd, orkuvinnslu eða samgöngur.

Skipulagsstofnun vann á árunum 2019-2021 tillögu að viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu, skv. tilmælum þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra. Tillagan fólst í nánari stefnumótun um skipulag byggðar og landnýtingar með tilliti til loftslagsmála, landslags og lýðheilsu og með hliðsjón af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Tillögunni var skilað til ráðherra í mars 2021 sem lagði hana fram sem þingsályktunartillögu á Alþingi í apríl en hún hlaut ekki afgreiðslu á 151. löggjafarþingi 2020–2021.<sup>3</sup>

<sup>3</sup> [Landsskipulagsstefna](#).

**Pingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun** fyrir árin 2018-2024<sup>4</sup> lýsir stefnu ríkisins í byggðamálum og er ætlað að stuðla að jákvæðri þróun byggða og að efla samkeppnishæfni þeirra sem og landsins alls. Meginmarkmið byggðaaætlunarinnar er að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Til að ná þessum markmiðum eru tilgreindar margvíslegar áherslur sem lúta m.a. að aðgengi, fjarskiptum og þjónustu, fjölbreyttum samgöngumátum, bættum almenningssamgöngum, aðgangi að raforku, orkuskiptum, aukinni fullvinnslu afurða í héraði, aukinni skógrækt og að náttúruvernd stuðli að eflingu byggða.

Orkuskipti í samgöngum og átak í kolefnisbindingu eru tvö helstu áhersluatriði **Aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum 2018-2030**<sup>5</sup>. Settar eru fram 33 aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum sem eiga að stuðla að því að minnka losun og auka kolefnisbindingu. Í sameiningu eiga þær að leiða til þess að Ísland geti staðið við skuldbindingar skv. Parísarsamningnum til 2030 og náð markmiðum ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi 2040.

**Samgönguáætlun 2020-2034**<sup>6</sup> tekur til stefnu, fjáröflunar og útgjalda allra greina samgangna, þ.e. flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. almenningssamgangna, hafnamála, sjóvarna, öryggismála og umhverfismála samgöngugreina. Þar skal skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gera grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Í Samgönguáætlun 2020-2034 eru markmið um greiðar, öruggar og hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar samgöngur, sem og jákvæða byggðapróun. Til að ná þeim markmiðum eru skilgreindar áherslur sem snúa m.a. að þjónustu í grunnnetinu, aðgengi hreyfihamlaðra, þörfum ferðaþjónustunnar, uppbyggingu og rekstri samgöngukerfisins, flutningsleiðum, vistvænum almenningssamgöngum, fjölbreyttum ferðamátum, öryggismálum, umhverfsvænum orkugjöfum, lágmörkun áhrifa samgangna/umferðar á

<sup>4</sup> [Pingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun](#)

<sup>5</sup> [Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030](#)

<sup>6</sup> [Samgönguáætlun 2020-2034](#)

loftgæði og hljóðvist við þjóðvegi í þéttbýli og styttingu ferðatíma innan skóla- og vinnusóknarsvæða.

**Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun)**<sup>7</sup> er gerð í samræmi við lög nr. 48/2011. Þar er virkjunarkostum raðað í orkunýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk.

**Orkuskiptun samþykkti Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028**<sup>8</sup> í febrúar 2020. Megintilgangur kerfisáætlunar er að kynna fyrir hagaðilum framtíðaráform fyrirtækisins um uppbyggingu flutningskerfisins. Að auki eru í framkvæmdahluta áætlunarinnar lögð fram til afgreiðslu Orkuskiptunnar þau framkvæmdaverkefni næstu þriggja ára sem ekki hafa hlotið afgreiðslu áður.

Samkvæmt 13. gr. laga um náttúruvernd skal umhverfis- og auðlindaráðherra gefa út náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. **Náttúruminjaskrá**<sup>9</sup> skiptist í þrjú hluta: A-hluti er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýst eða friðuð. B-hluti er framkvæmdaaætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum og C-hluti er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða.

**Í Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029**<sup>10</sup> eru sett markmið um stýringu og sjálfbæra þróun, vernd náttúru og menningarsögulegra minja, öryggismál, skipulag og hönnun og ferðamannaleiðir.

**Vegvísir í ferðaþjónustu**<sup>11</sup> var settur fram árið 2015 í samstarfi Stjórnstöðvar ferðamála, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Samtaka ferðaþjónustunnar. Áhersla er lögð á sjö lykilþætti: Samhæfingu,

<sup>7</sup> [Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða](#)

<sup>8</sup> [Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028.](#)

<sup>9</sup> Umhverfisstofnun. [Náttúruminjaskrá.](#)

<sup>10</sup> [Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029](#)

<sup>11</sup> [Vegvísir í ferðaþjónustu](#)

jákvæða upplifun ferðamanna, áreiðanleg gögn, náttúruvernd, hæfni og gæði, aukna arðsemi og dreifingu ferðamanna. Það er einkum stefna um náttúruvernd og dreifingu ferðamanna sem snertir endurskoðun aðalskipulagsins.

**Áfangastaðaáætlun Vestfjarða**<sup>12</sup> markar sýn á ferðapjónustu í landshlutanum og setur aðgerðaáætlun til þriggja ára í senn. Endurnýjuð Áfangastaðaáætlun Vestfjarða 2020 liggur nú fyrir í drögum. Samkvæmt drögnum er sameiginleg framtíðarsýn Vestfjarða til ársins 2024 að „Vestfirðir eru sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðapjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Ferðamannaleiðin Vestfjarðaleiðin byggist upp samhliða þróun í afþreyingu sem byggir á sérkennum svæðisins, ægifagurrar náttúru og heildstæðra þorpsmynda allt árið um kring“.

**Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030**<sup>13</sup> er sameiginleg áætlun Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar um byggðapróun m.t.t. landbúnaðar, sjávarnytja og ferðapjónustu. Með áætlunargerðinni vilja sveitarfélögin þrjú móta og festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn á þróun svæðisins í þeim tilgangi að styrkja atvinnulíf og byggð. Með því að greina tækifæri sem búa í auðlindum og sérkennum svæðisins og móta á þeim grunni markmið í atvinnumálum, samfélagsmálum og umhverfismálum og síðan skipulagsstefnu sem styður við þau, eru væntingar um að ná meiri árangri en ella við að takast á við áskoranir í byggðamálum.

Sóknaráætlanir landshluta eru hluti af nýrri byggðastefnu og í þeim eru skilgreind verkefni á svæðisvísu. Í **Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019** og 2020-2024<sup>14</sup> eru skilgreind fjögur meginmarkmið:

- Atvinna og nýsköpun: Fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki og auka þannig verðmætasköpun í landshlutanum.

- Samfélag: Hækka menntunarstig með aðgengi að hágæða menntun, auka velferð, bæta lýðheilsu og efla þannig mannauð og atvinnulíf.
- Umhverfi og skipulag: Auka umhverfisvitund íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja, bæta aðgengi að sjálfbærum lausnum og draga úr sóun.
- Menning: Á Vestfjörðum blómstri menning sem er studd af öflugum fyrirtækjum og sveitarfélögum. Þar sé auðugt listalíf, viðburðir og framúrskarandi aðstaða til útiveru.

Tilgangur **laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995** er að vernda landslag, jarðmyndanir, lífríki og menningarminjar í Breiðafirði. Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019<sup>15</sup>, sem undirrituð var af umhverfis- og auðlindaráðherra árið 2015. Framkvæmdaáætlunin var yfirfarin og samþykkt af Breiðafjarðarnefnd í apríl 2018.

<sup>12</sup> [Áfangastaðaáætlun Vestfjarða.](#)

<sup>13</sup> [Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030.](#)

<sup>14</sup> [Sóknaráætlun Vestfjarða.](#)

<sup>15</sup> [Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019.](#)



### 3 Leiðarljós og framtíðarsýn

#### 3.1 Leiðarljós

Að aðalskipulag Reykhólahrepps stuðli að byggðapróun, landnotkun, auðlindanýtingu og umhverfismótun sem er hagkvæm, sjálfbær og heilsuvæn.

#### 3.2 Framtíðarsýn

##### *Framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið í heild*

Atvinnulíf byggir á auðlindum og sérkennum í náttúru, landslagi, menningu og sögu.

Mannlíf einkennist af samheldni, umhyggju og virðingu fyrir náttúru og sögu svæðisins.

Staðarandi sem birtist í landslagi og mannvirkjum er sterkur í sveitarfélaginu.

##### *Framtíðarsýn fyrir Reykhóla*

Reykhólaþorpið er heilsuvænn, aðlaðandi og áhugaverður staður til búsetu og heimsóknna.

##### *Framtíðarsýn fyrir Flatey*

Flatey er einstakur staður þar sem upplifa má sérstakt landslag, lífríki og menningarminjar.



Mynd 2. Framtíðarsýn og leiðarljós svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar sem aðalskipulag Reykhólahrepps tekur mið af.

## 4 Búseta og byggðarmynstur



### 4.1 Meginmarkmið

Að skipulag styðji við búsetu í þéttbýli og dreifbýli og stuðli að því að byggðarmynstur í sveitarfélaginu og bæjarmynd Reykhóla og Flateyjar taki mið af sögu og sérkennum lífríkis og landslags.

Til að stuðla að þessu **meginmarkmiði** eru í kafla 4.3 sett fram **markmið** um:

- Íbúðarbyggð í þéttbýli og dreifbýli
- Frístundabyggð í dreifbýli
- Bæjarmynd Reykhóla og Flateyjar

**Heimsmarkmið** sem tengjast þessu meginmarkmiði



Til að stuðla að framangreindum markmiðum eru í kafla 4.4 settir **almennir skilmálar** og **sértækir skilmálar** fyrir svæði sem falla í eftirfarandi landnotkunarflokka:

- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Frístundabyggð (F)

Í kafla 4.2 er gerð grein fyrir helstu **forsendum** markmiða og skilmála.

## 4.2 Forsendur

### Íbúafjöldi og dreifing byggðar

Íbúafjöldi Reykhólahrepps frá árinu 2008 hefur verið á milli 270 til 290 manns. Þróunin hefur verið nokkuð sveiflukennd milli ára eins og jafnan er í fámennari byggðarlögum, þar sem aðflutningur eða brottflutningur hvers einstaklings eða fjölskyldu vegur hlutfallslega þungt.<sup>16</sup>

Þann 1. janúar 2021 voru íbúar í sveitarfélaginu 236 og bjuggu 108 þeirra á Reykhólum<sup>17</sup>, 120 í dreifbýlinu<sup>18</sup>, og 8 íbúar í Flatey.<sup>19</sup> Íbúðarbyggðin skiptist því til helminga á milli dreifbýlis og þéttbýlis.

### Aldursdreifing íbúafjöldans

Í húsnæðisáætlun Reykhólahrepps 2019-2027 kemur fram að börn og ungmenni eru hlutfallslega nokkuð stór hópur í Reykhólahreppi samanborið við landsmeðaltal og einnig íbúar á áttæðisaldri. Aldurshóparnir milli 20 og 50 ára í sveitarfélaginu voru hins vegar hlutfallslega undir landsmeðaltali. Á bilinu 30 til 40 einstaklingar voru innan hvers 10 ára aldursbils fram að áttæðu. Um 10 manns í hreppnum voru eldri en 80 ára, en um 30 manns á áttæðisaldri.

### Húsakostur og húsnæðisþarfir

Í Reykhólahreppi voru árið 2019 skráðar 157 íbúðir, þar af 138 í einbýli, 8 í tvíbýli og 11 íbúðir í húsi með 6-12 íbúðum og eru það þjónustuíbúðirnar 11 á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Barmahlíð á Reykhólum. Fjöldi íbúa á hverja íbúð í sveitarfélaginu er að meðaltali 1,8 íbúar/íbúð.<sup>20</sup>

Íbúaspá Húsnæðisáætlunar Reykhólahrepps 2019-2027 gerir ráð fyrir 0,5% og 1% árlegum vexti og með hliðsjón af búsetu og atvinnuháttum er talið líklegt að einblína megi á þéttbýlið á Reykhólum við almenna

uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Þá er talið að eftirspurn eftir húsnæði verði mest í sérbýli líkt og verið hefur.

Árstíðarsveiflur í íbúafjölda og möguleg uppbygging atvinnuvega sem jafnframt eru árstíðarbundnir, s.s. í ferðaþjónustu, gefa þó tilefni til að velta upp möguleikum á fjárfestingu í húsnæði gagngert til að taka á móti tímabundnu vinnuafli. Forráðamenn fyrirtækja eru best til þess fallnir að meta þörfina fyrir slíkar lausnir í takt við uppbyggingu síns reksturs.<sup>21</sup>

Ef miðað er við 2,5 íbúa á íbúð, samanber meðalfjölda íbúa á hverja íbúð á landsvísu, og með hliðsjón af framangreindri íbúaspá, má reikna með að þörf sé fyrir 4-10 nýjar íbúðir í Reykhólahreppi til ársins 2027. Í reynd er meðalíbúafjöldi á íbúð í sveitarfélaginu 1,75 og miðað við það þyrfti 6-15 nýjar íbúðir fram til ársins 2027.<sup>22</sup>

Þegar deiliskipulagðar lóðir fyrir einbýlishús, par- og raðhús í deiliskipulagsáætlunum á Reykhólum mæta áætlaðri húsnæðisþörf. Tilefni kann þó að vera til að breyta deiliskipulagi með það að markmiði að bjóða upp á meiri fjölbreytni lóða og húsagerða.

### Framtíðaríbúðarsvæði

Í fyrra aðalskipulagi var fjallað um framtíðaríbúðarsvæði vestan við Karlseyjarveg, á milli Vesturbrautar og flugvallar og gert ráð fyrir að til lengri tíma litið muni íbúðarbyggð þróast til norðurs í góðum tengslum við miðlæg þjónustu- og útivistarsvæði. Ástæða þykir til að halda í þessa sýn í nýju aðalskipulagi og er því skilgreint íbúðarsvæði fyrir blandaða byggð á reitnum.

<sup>16</sup> VSÓ Ráðgjöf (2019). Reykhólahreppur. Húsnæðisáætlun 2019-2027.

<sup>17</sup> Hagstofa Íslands (2021). Íbúar í pósthúmeri 380 Reykhólar.

<sup>18</sup> Hagstofa Íslands (2021). Íbúar í pósthúmeri 381 Reykhólar.

<sup>19</sup> Hagstofa Íslands (2021). Íbúar í pósthúmeri 345 Flatey á Breiðafirði.

<sup>20</sup> VSÓ Ráðgjöf (2019). Reykhólahreppur Húsnæðisáætlun 2019-2027.

<sup>21</sup> VSÓ Ráðgjöf (2019). Reykhólahreppur Húsnæðisáætlun 2019-2027.

<sup>22</sup> VSÓ Ráðgjöf (2019). Reykhólahreppur Húsnæðisáætlun 2019-2027.

Á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Barmahlíð á Reykhólum eru 13 hjúkrunarrými og 2 dvalarrými. Miðað við að um 30 manns voru á áttæðisaldri árið 2019 (skv. húsnæðisáætlun) kann að þurfa á næstu 10-15 árum að fjölga dvalar- og hjúkrunarrýmum.<sup>23</sup>

### Frístundabyggð

Í lok árs 2021 voru 96 frístundahús í Reykhólahreppi skráð í fasteignaskrá Þjóðskrár.<sup>24</sup> Frístundahús eru hús utan þéttbýlis sem aðallega eru nýtt til tímabundinnar orlofsdvalar og þar sem að öðru jöfnu er óheimilt að hafa skráð lögheimili. Þau geta ýmist staðið stök eða verið hluti af frístundabyggð.<sup>25</sup> Í fyrra aðalskipulagi voru skilgreind 12 svæði fyrir frístundabyggð, sem skv. skipulagsreglugerð eru svæði þar sem tvö eða fleiri frístundahús, sem ekki eru ætluð til fastrar búsetu, standa í þyrpingu eða nýta sameiginlega tengingu við veg eða veitur.

Við mótun nýs aðalskipulags komu fram nokkrar tillögur frá landeigendum um breytingar á núverandi frístundabyggðarsvæðum eða óskir um að afmarka ný svæði og var tekið tillit til þeirra við mótun tillögunnar.

### Þéttbýlismörk og bæjarmynd Reykhóla

Byggðarmynstur þéttbýlisins einkennist af einnar hæðar sérbýlishúsum sem liggja í boga í kringum stofnanasvæði með Reykhólakirkju í miðju. Kirkjan stendur hæst í þorpínu og gefur því virðulegan svip. Mögulegt er að þetta bæði stofnanasvæðið og hálfhringinn í kringum það og styrkja þannig bæjarmyndina um leið og haldið væri í stuttar vegalengdir milli íbúða og þjónustu.

Í aðalskipulaginu er lögð áhersla að styrkja þorpið svo til verði heildstæður bær með tíð og tíma. Í þeim tilgangi eru sett fram markmið um að mótuð verði skýrt afmörkuð og vel hirt rými sem til samans, með lágreistri og samfelldri byggð og landslagssérkennum, skapa fallega bæjarmynd Reykhóla. Lögð er áhersla á að skipulag skapi góða umgjörð fyrir

samfélagsþjónustu, menningarlíf og útivist innan og í grennd þorpsins. Mörk þéttbýlis eru dregin með hliðsjón af þessum áherslum. Uppbygging frístundabyggðar, sem gjarnan hefur annan yfirbragð en eiginlegir bæir, innan þéttbýlismarkna er ekki talin styðja við framangreinda stefnu og talið er ákjósanlegra að frístundabyggð byggist upp utan þorpsins á einstökum býlum.



<sup>23</sup> VSÓ Ráðgjöf (2019). Reykhólahreppur Húsnæðisáætlun 2019-2027.

<sup>24</sup> [Fasteignaskrá Þjóðskrár](#).

<sup>25</sup> Lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús (nr. 75/2008).

### Bæjarmynd Flateyjar

Búsetu í Flatey má rekja aftur til landnáms en segja má að þorpið í dag endurspegli áhugaverða verslunar- og byggingarsögu Breiðafjarðar.

Þorpið er eitt helsta einkenni Flateyjar. Í þorpinu eru um 40 hús sem mynda þyrpingu með fjölbreyttu bæjarmynstri. Sjálf þorpið í Flatey er mikið menningarverðmæti hvort heldur sem litið er til einstakra húsa, umhverfis þeirra, samstæðu húsa eða þorpsins sem heildar. Sérstaða þorpsins er talin slík að minnstu inngrip eða breytingar á húsum geti haft veruleg áhrif á svipmót byggðarinnar. Auk þess sem byggingararfurinn hefur verndargildi er saga byggðar í eyjunni merkileg<sup>26</sup>.

Þorpið, aðliggjandi mýrar og strönd og svæðið umhverfis kirkjuna í Flatey hefur verið skilgreint sem verndarsvæði í byggð skv. lögum þar um, sjá nánar kafla 8.2 um minjavernd. Norðan og austan þorpsins er strandsvæði með bryggjum, gördum og vörum, s.s. Silfurgarður, Stórigarður og Eyjólfsbryggja, sem eru merkir minnisvarðar um tilraunir til hafnarbóta í Flatey. Á strandsvæðinu er auk þess fjölbreytt fuglalíf.

Eðlilegt væri að líta á þorpið og svæðið suður á Bókhúsflöt og vestur að Vesturbúðavör og Teinæringsvogi sem eina heild þegar hugað er að varðveislu húsa og umhverfis þeirra.<sup>27</sup>



<sup>26</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006. Þorpið í Flatey á Breiðafirði – Byggða- og húsakönnun.

<sup>27</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson, 2006. Þorpið í Flatey á Breiðafirði – Byggða- og húsakönnun.

### 4.3 Markmið

#### 4.3.1 Sveitarfélagið í heild

##### Íbúðarbyggð

- Meginuppbygging nýrrar íbúðarbyggðar fari fram á Reykhólum, en svigrúm verði fyrir stök íbúðarhús í dreifbýli í samræmi við stefnu og skilmála fyrir landbúnaðarsvæði í kafla 6.

##### Frístundabyggð

- Frístundabyggð skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar, landslags eða náttúruverndar.

#### 4.3.2 Reykhólar

##### Þéttbýlismörk

- Mörk þéttbýlis taki mið af þeirri skipulagsheild sem þorpið, höfnin og útivistarsvæði umhverfis mynda.

##### Íbúðarbyggð

- Mótud verði samfelld lágrest íbúðarbyggð í kraga umhverfis stofnanasvæði í miðju þorpsins, með góðum gönguleiðum til þjónustusvæða meðfram Karlseyjarvegi sem er aðalgata og aðalaðkomuvegur þéttbýlisins. Miðað verði að aukinni fjölbreytni húsagerða og íbúðastærða til að mæta þörfum sem flestra, í samræmi við húsnæðisáætlun sveitarfélagsins á hverjum tíma.
- Skilgreint er nýtt íbúðarsvæði meðfram Karlseyjarvegi þar sem verði heimilt að blanda saman íbúðum, verslun og þjónustu samkvæmt nánari útfærslu í deiliskipulagi.

##### Bæjarmynd

- Mótud verði skýrt afmörkuð og vel hirt rými sem til samans með lágrestri og samfelldri byggð og landslagssérkennum, skapa fallega bæjarmynd Reykhóla.

#### 4.3.3 Flatey

##### Frístundabyggð

- Próun byggðar og umhverfismótun í Flatey beri vitni um ríka virðingu fyrir náttúru- og menningarminjum. Frístundabyggðin falli vel að því svipmóti byggðar sem fyrir er.

#### 4.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokk og landnotkunarreiti

##### 4.4.1 Þéttbýlismörk (PM)

###### Sértækir skilmálar fyrir landnotkunarreiti

Auk markmiða í kafla 4.3 gilda eftirfarandi skilmálar fyrir þéttbýlið.

| Auðkenni                | Lýsing                                  | Skilmálar   |
|-------------------------|---|---|
| <b>PM-2</b><br>452,7 ha | <b>Þéttbýlismörk</b><br><b>Reykhóla</b> | Mörk utan um skipulagsheildina sem samanstendur af þorpinu, framtíðarbyggðasvæðum og opnum svæðum umhverfis ætluð eru til hefðbundinnar nýtingar og útivistar. Áhersla verði lögð á að nýta land innan þéttbýlismarka sem best. |



Mynd 3. Þéttbýlismörk.

#### 4.4.2 Íbúðarbyggð (ÍB)

##### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.



Mynd 4. Íbúðarsvæði á Reykhólum.



### Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 4.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um þau svæði fyrir íbúðarbyggð sem afmörkuð eru á skipulagsuppdráttum.

- Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.
- Við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og umhverfismótun skal taka tillit til landslagseinkenna, sérstæðra kennileita, merkilegra jarðmyndana, verðmætra vistkerfa og búsvæða, fornleifa og annarra menningarminja.

### Sértækir skilmálar fyrir landnotkunarreiti

Auk markmiða í kafla 4.3 og almennra skilmála um íbúðarbyggð gilda eftirfarandi skilmálar um einstök svæði fyrir íbúðarbyggð.




| Auðkenni              | Lýsing  | Skilmálar   |
|-----------------------|---|---|
| <b>ÍB-1</b><br>2,3 ha | <b>Íbúðarbyggð</b><br>Íbúðarsvæði við Karlseyjarveg.<br>Ekki er í gildi deiliskipulag.  | Á reitnum er gert ráð fyrir íbúðum í bland við verslun og þjónustu.<br>Við deiliskipulagsgerð skal huga að fjölbreytni lóðastærða og húsgerða.<br>Þess verði gætt að nýbyggingar falli vel að bæjarmynd Reykhóla.<br>Tryggja skal góðar stígatengingar við helstu þjónustubyggingar og nærliggjandi útivistarsvæði. |
| <b>ÍB-2</b><br>7,5 ha | <b>Íbúðarbyggð á Reykhólum</b><br>Deiliskipulag er í gildi fyrir tvö svæði innan landnotkunarreitsins:<br>1. Deiliskipulag íbúðarsvæðis við Hellisbraut gerir ráð fyrir 9 húsum, einbýlis- og raðhúsum. Skipulagssvæðið er 2 ha og afmarkast af Hellisbraut að vestan, safnasvæðinu að norðan, landbúnaðarsvæði að austan og áframhaldandi íbúðarbyggð að sunnan.<br>2. Deiliskipulag íbúðarbyggðar norðan Hellisbrautar (m.s.br.). Skv. deiliskipulaginu er heimilt að reisa á lóð | Við deiliskipulagsgerð, endurskoðun eða breytingar á deiliskipulagi skal huga að fjölbreytni lóðastærða og húsgerða.<br>Þess verði gætt að nýbyggingar falli vel að bæjarmynd Reykhóla.<br>Tryggja skal góðar stígatengingar við helstu þjónustubyggingar og nærliggjandi útivistarsvæði.                           |

|  |  |  |
|--|--|--|
|  | <p>Hólatröð 5-7 þriggja íbúða raðhús, bílageymslur valkvæðar. Á Hólatröð 6-8 er heimilt að reisa einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri bílageymslu. Skipulagssvæðið er 0,7 ha að stærð og afmarkast afmarkast af Maríutröð að vestan, Hellisbraut að sunnan, Grettiströð að austan og opnu svæði að norðan. Fyrir hluta reitsins liggur ekki fyrir deiliskipulag.</p> |  |
|--|--|--|

#### 4.4.3 Svæði fyrir frístundabyggð (F)

**Skilgreining skipulagsreglugerðar:**

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.



Mynd 5. Svæði fyrir frístundabyggð.

### Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 4.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um þau svæði fyrir frístundabyggð sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.

- Við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landslagsmótun skal taka tillit til landslagseinkenna, sérstæðra kennileita, merkilegra jarðmyndana, verðmætra vistkerfa og búsvæða, fornleifa og annarra menningarminja.
- Ný frístundabyggðarsvæði skulu vera fyrir utan svæði sem tilgreind eru í 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Einnig skal forðast að hrófla við birkiskógum eða kjarri vöxnum svæðum við framkvæmdir.
- Skógrækt í smáum stíl telst eðlilegur hluti svæða fyrir frístundabyggð enda þjóni hún fyrst og fremst frístundabyggðinni til fegurunar, skjólmyndunar og landmótunar. Sjá þó sérskilmála fyrir Þorpið í Flatey og sérskilmála hverfisverndar (kafla 8.4.3).
- Forðast skal að ganga á gott ræktarland við afmörkun frístundabyggðarsvæða.
- Við skipulag frístundabyggðarsvæða skal sérstaklega huga að áskorunum sem tengjast gróðureldum, svo sem flóttaleiðum og brunavörnum á frístundabyggðarsvæðum.
- Innan frístundabyggðarsvæða er gert ráð fyrir nauðsynlegum innviðum, svo sem vegum, stígum, borholum fyrir heitt og kalt vatn, rotpróm, fjarskiptabúnaði, sorpgámum o.þ.h. eftir því sem þörf krefur á grunni deiliskipulags og/eða framkvæmdaleyfisgagna.
- Skilmálar fyrir stærðir lóða, byggingarreita og bygginga eru settir í deiliskipulagi.

### Sértækir skilmálar fyrir landnotkunarreiti

Auk markmiða í kafla 4.3 og almennra skilmála um frístundabyggð gilda eftirfarandi skilmálar um einstök frístundabyggðarsvæði sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.

| Auðkenni             | Lýsing  | Skilmálar   |
|----------------------|---|---|
| <b>F-2</b><br>0,9 ha | <b>Innri-Tröllendi</b><br>Á reitnum eru tvö frístundahús. | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 6 frístundahús.<br>Öll uppbygging og framkvæmdir skal taka mið af þeirri byggð og svipmóti sem fyrir er í Flatey og falla vel að umhverfinu.<br>Frekari skilmálar skulu skilgreindir í deiliskipulagi. |

|                              |   |   |
|------------------------------|---|---|
| <p><b>F-4</b><br/>0,9 ha</p> | <p><b>Vesturbúðir, Flatey</b><br/><i>Frístundahúsareitur á norðanverðri Flatey. Á reitnum er sjóhús byggt 1988, íbúðarhús og hjallur frá 1947 og nýlega byggð bátaskýli upp af Teinæringsvogi. Svæðið er fullbyggt.</i></p> | <p>Reiturinn er ætlaður er ætlað fyrir frístundahús en heimilt er að reka minniháttar ferðaþjónustu.</p> <p>Um svæðið gilda ákvæði laga um verndarsvæði í byggð og er svæðið þeim grunni skilgreint sem hverfisverndarsvæði HV-2 og settir eftirfarandi skilmálar:</p> <p>Unnið verði að því að vernda og styrkja svipmót byggðarinnar og viðhalda byggingarlistarlegu og menningarsögulegu gildi hennar, ásamt samspili við einstaka náttúru og landslag. Stuðlað verði að verndun og viðhaldi einstakra húsa sem og þorpsins sem heildar. Það verði gert með því að hlúa að fjölbreyttum bæjarrýmum og samspili við landslag, s.s. göturýmum og torgum í þorpinu og áhugaverðum sjónlínunum að kennileitum á eyjunni. Í skipulagi séu settir sveigjanlegir skilmálar sem svo nýta megi húsin sem best. Leggja skal áherslu á að endurgera og viðhalda húsum, umhverfi og almenningsrymum með þeim hætti að það styrki heildarásýnd verndarsvæðisins og bæta það sem fyrir er og færa hús og mannvirki nær upphaflegri gerð eftir því sem tækifæri gefst.</p> <p>Stuðlað verði að vernd fornminja og landslagssérkenna sem bera vitnisburð um söguna. Tryggja vernd einstakrar náttúru, landslags og landslagsheilda. Það verði gert með því að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Gera grein fyrir minjum og setja verndarákvæði um þær.</li> <li>- Skilgreina gönguleiðir og áfangastaði sem segja sögu lands, lífríkis og búsetu og nýtast jafnt íbúum sem gestum, dreifa álagi og beina umferð frá viðkvæmum svæðum.</li> <li>- Hanna og setja upp fræðsluskilti og merkingar þar sem við á.</li> <li>- Bæta þjónustu við ferðamenn, s.s. salerni og ruslatunnur.</li> <li>- Tryggja samræmi við stefnu í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.</li> </ul> <p>Stuðlað verði að endurgerð og viðhaldi mannvirkja sem bæði eru merkilegar minjar og þjóna ennþá mikilvægu hlutverki, s.s. garðar og bryggjur. Frekari skilmálar skulu skilgreindir í deiliskipulagi.</p> |
|------------------------------|---|---|

|                              |  |   |
|------------------------------|--|---|
| <p><b>F-6</b><br/>4,0 ha</p> | <p><b>Þorpið</b><br/><i>Afmörkuð gömul byggð á norðurhluta Flateyjar sem myndar heillega þorpsmynd frá 19. öld. Svæðið er skilgreint sem verndarsvæði í byggð skv. lögum nr. 87/2015.<br/>Í gildi er deiliskipulag samb. 1993 þar sem gert ráð fyrir 2 nýjum húsum sem eiga að fylla upp í skörð í götumyndinni.</i></p> | <p>Reiturinn er ætlaður fyrir frístundahús, en heimild er fyrir þeim hótél- og veitingarekstri sem fyrir er á svæðinu og aðra minniháttar ferðaþjónustu samkvæmt afmörkun og skilmálum í deiliskipulagi.</p> <p>Um svæðið gilda ákvæði laga um verndarsvæði í byggð og er svæðið þeim grunni skilgreint sem hverfisverndarsvæði HV-2 og settir eftirfarandi skilmálar:</p> <p>Unnið verði að því að vernda og styrkja svipmót byggðarinnar og viðhalda byggingarlistarlegu og menningarsögulegu gildi hennar, ásamt samspili við einstaka náttúru og landslag. Stuðlað verði að verndun og viðhaldi einstakra húsa sem og þorpsins sem heildar. Það verði gert með því að hlúa að fjölbreyttum bæjarrýmum og samspili við landslag, s.s. göturýmum og torgum í þorpinu og áhugaverðum sjónlínnum að kennileitum á eyjunni. Í skipulagi séu settir sveigjanlegir skilmálar sem svo nýta megi húsin sem best. Leggja skal áherslu á að endurgera og viðhalda húsum, umhverfi og almenningsrýmum með þeim hætti að það styrki heildarásýnd verndarsvæðisins og bæta það sem fyrir er og færa hús og mannvirki nær upphaflegri gerð eftir því sem tækifæri gefst.</p> <p>Stuðlað verði að vernd fornminja og landslagssérkenna sem bera vitnisburð um söguna. Tryggja vernd einstakrar náttúru, landslags og landslagsheilda. Það verði gert með því að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Gera grein fyrir minjum og setja verndarákvæði um þær.</li> <li>- Skilgreina gönguleiðir og áfangastaði sem segja sögu lands, lífríkis og búsetu og nýtast jafnt íbúum sem gestum, dreifa álagi og beina umferð frá viðkvæmum svæðum.</li> <li>- Hanna og setja upp fræðsluskilti og merkingar þar sem við á.</li> <li>- Bæta þjónustu við ferðamenn, s.s. salerni og ruslatunnur.</li> <li>- Tryggja samræmi við stefnu í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.</li> </ul> <p>Stuðlað verði að endurgerð og viðhaldi mannvirkja sem bæði eru merkilegar minjar og þjóna ennþá mikilvægu hlutverki, s.s. garðar og bryggjur.</p> <p>Heimilt er að byggja sjóvarnir til að sporna við landbroti, í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um náttúruvá (sjá kafla 12.3.1) og landslag og náttúru og minjar (sjá kafla 8.3.1) skv. útfærslu í deiliskipulag og/eða framkvæmdaleyfi.</p> |
|------------------------------|--|---|

|                         |   |   |
|-------------------------|---|---|
| <b>F-8</b><br>4,0 ha    | <b>Skálmarnesmúli</b><br><i>Á svæðinu er eitt frístundahús.</i>   | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 5 hús. Afmörkun svæðisins verði skilgreind í deiliskipulagi.   |
| <b>F-10</b><br>53,8 ha  | <b>Kvígindisfjörður</b><br><i>Deiliskipulag liggur fyrir frá 2016, m.br. samþ. 2018. Í því eru afmarkaðir 12 byggingarreitir.</i>   | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 14 frístundahús.   |
| <b>F-12</b><br>171,4 ha | <b>Frístundabyggð í landi Kirkjubóls</b><br><i>Í gildi er deiliskipulag frá 2018 sem gerir ráð fyrir 23 lóðum fyrir frístundahús og er hver þeirra 10.000 m<sup>2</sup> að stærð, nema lóð undir gamla bæinn sem er 2000 m<sup>2</sup>. Lóðirnar liggja ekki saman og er gert ráð fyrir sér aðkomuvegi að flestum þeirra.</i> | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 25 frístundahús á aðskildum lóðum með aðkomuvegum frá Bæjarnesvegi, sem útfærðar skulu með þeim hætti að náttúrulegur skógur skerðist sem minnst. Til mótvægis skógarruðningi sem kann að verða við framkvæmd deiliskipulags er gert ráð fyrir nýskógrækt, sbr. samning Kirkjubólsfélagsins við Skógræktina 26.1.2015. Trjárækt á svæðinu skal bundin við tegundir sem finnast á svæðinu. Óheimilt er að planta öspum og hávöxnum barrtrám.<br><br>Svæðið fellur undir HV-2 Hverfisvernd Bæjarnes og Svínanes og vísast til skilmála þar um í kafla 8.4.3. |
| <b>F-14</b><br>21,6 ha  | <b>Klettur í Kollafirði</b>   | Á reitnum er gert er ráð fyrir allt að 15 lóðum fyrir frístundahús.   |
| <b>F-15</b><br>18,7 ha  | <b>Seljaland</b>  | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 6 frístundahús.  |
| <b>F-16</b><br>34,7 ha  | <b>Fremri-Gufudalur</b><br><i>Á reitnum eru 4 frístundahús.<br/>Deiliskipulag liggur fyrir frá árinu 2005, m.br. samþ. 2016.</i>  | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 6 frístundahús.<br><br>Aðkoma að öllum húsum (íbúðar- og frístundahúsum) um heimreiðina að býlinu. Vanda skal útlit og frágang bygginga og lóða.   |
| <b>F-18</b><br>4,0 ha   | <b>Grónes í Gufudalssveit.</b><br><i>Á svæðinu eru 3 frístundahúsalóðir.</i>  | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 5 frístundahús. Afmörkun svæðisins verði skilgreind í deiliskipulagi.  |
| <b>F-20</b>             | <b>Miðhús í Djúpafirði.</b>   | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 5 frístundahús. Afmörkun svæðisins verði   |

|                        |  |  |
|------------------------|--|--|
| 4,0 ha                 | <i>Deiliskipulag liggur fyrir frá 1995.</i>  | skilgreind í deiliskipulagi.   |
| <b>F-22</b><br>4,0 ha  | <b>Hallsteinsnes í Gufudalssveit</b><br><i>Á reitnum eru 3 frístundahús.</i>   | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 5 frístundahús. Afmörkun svæðisins verði skilgreind í deiliskipulagi. |
| <b>F-24</b><br>78,3 ha | <b>Djúpidalur í Gufudalssveit</b><br><i>Á reitnum eru 3 lóðir.</i>   | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 10 frístundahús.  |
| <b>F-26</b><br>6,2 ha  | <b>Pórisstaðir í Þorskafirði</b><br><i>Í gildi er deiliskipulag frá 2012 sem tekur til svæðis F-26, F-28 og F-30 og gerir ráð fyrir allt að 14 frístundahúsum á þeim samanlagt. Á reitnum eru skilgreindar 7 lóðir í deiliskipulaginu.</i>                                 | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja alls 8 frístundahús.  |
| <b>F-28</b><br>2,2 ha  | <b>Pórisstaðir í Þorskafirði</b><br><i>Á reitnum er eitt frístundahús. Í gildi er deiliskipulag frá 2012 sem tekur til svæðis F-26, F-28 og F-30 gerir ráð fyrir allt að 14 frístundahúsum á þeim samanlagt. Á reitnum eru skilgreindar 3 lóðir í deiliskipulaginu.</i>    | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja alls 4 frístundahús.  |
| <b>F-30</b><br>4,7 ha  | <b>Pórisstaðir í Þorskafirði</b><br><i>Á reitnum er eitt frístundahús. Í gildi er deiliskipulag frá 2012 sem tekur til svæðis F-26, F-28 og F-30 og gerir ráð fyrir allt að 14 frístundahúsum á þeim samanlagt. Á reitnum eru skilgreindar 4 lóðir í deiliskipulaginu.</i> | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja alls 5 frístundahús.  |
| <b>F-34</b>            | <b>Hyrningsstaðir í Berufirði</b>  | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 10 frístundahús. Afmörkun svæðisins verði                             |



|                        |   |   |
|------------------------|---|---|
| 5,0 ha                 | Á reitnum eru 7 frístundahús.   | skilgreind í deiliskipulagi.<br>Svæðið fellur undir HV-10 Hverfisvernd Berufjörður, Barmahlíð og Vaðalfjöll og vísast til skilmála þar um í kafla 8.4.3.                                      |
| <b>F-36</b><br>4,0 ha  | <b>Skáldsstaðir</b><br>Á reitnum eru 2 frístundahúsalóðir.  | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 5 frístundahús. Afmörkun svæðisins verði skilgreind í deiliskipulagi.  |
| <b>F-38</b><br>29,8 ha | <b>Hafrahlíð í Reykhólasveit</b><br>Á reitnum er í gildi deiliskipulag Hafrahlíðar auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 22.2.2011. | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 4 frístundahús.<br>Svæðið fellur undir HV-10 Hverfisvernd Berufjörður, Barmahlíð og Vaðalfjöll og vísast til skilmála þar um í kafla 8.4.3.  |
| <b>F-40</b><br>99,6 ha | <b>Hafrafell 3 í Reykhólasveit</b><br>Svæðið er óbyggt en á því eru 5 landeignir.   | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 21 frístundahús.<br>Svæðið fellur undir HV-10 Hverfisvernd Berufjörður, Barmahlíð og Vaðalfjöll og vísast til skilmála þar um í kafla 8.4.3. |
| <b>F-42</b><br>53,1 ha | <b>Hafrafell 1 í Reykhólasveit</b><br>Svæðið er óbyggt.   | Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 25 frístundahús.<br>Svæðið fellur undir HV-10 Hverfisvernd Berufjörður, Barmahlíð og Vaðalfjöll og vísast til skilmála þar um í kafla 8.4.3. |

## 5 Vistkerfi og auðlindir



### 5.1 Meginmarkmið

Að skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda og góðri umgengni um þær til að tryggja heilbrigði vistkerfa og hagsæld samfélagsins til langs tíma litið.

Til að stuðla að þessu **meginmarkmiði** eru í kafla 5.3 sett fram markmið um:

- Grunnvatn
- Jarðveg og gróður
- Yfirborðsvatn
- Jarðefni
- Jarðhita
- Strandsvæði
- Orkuauðlindir

Heimsmarkmið sem tengjast þessu meginmarkmiði



Til að stuðla að þeim markmiðum eru í kafla 5.4 settir **almennir skilmálar** og **sértækir skilmálar** fyrir svæði sem falla í eftirfarandi landnotkunarflokka:


- Vatnsból (VB)
- Vatnsverndarsvæði (VF, VG)
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)

Í kafla 5.2 er gerð grein fyrir helstu **forsendum** markmiða og skilmála.

## 5.2 Forsendur

### Berggrunnur og jarðminjar

Gamalt og þétt blágrýti með litla lekt einkennir berggrunn sveitarfélagsins. Úrkoma sem fellur á svæðinu rennur því að mestu á yfirborði, nema þar sem laus vatnsgeng jarðlög hylja fast berg. Á þeim stöðum sem slík jarðlög hafa mikla útbreiðslu og vatnsrýmd, eru möguleikar á að vinna jarðvatn til neyslu. Á Breiðafjarðareyjum er jarðvegur víðast hvar grunnur sem veldur vatnsskort og eru mýrar helstu forðabúr neysluvatns á eyjunum. Í Flatey þarf sérstaklega að huga að þessari stöðu.<sup>28</sup>



Mynd 6. Jarðlög. Skýringar: blátt: basískt og ísúrt gosberg og setlög, gult: súrt gosberg, grænt: basískt og ísúrt innskotsberg, svartar línur: mismæði.<sup>29</sup>

<sup>28</sup> Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018. Forsendur.

<sup>29</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, gögn sótt 18. des 2018.

### Jarðefni

Í Reykhólahreppi eru aðallega malarnámur, grjótnámur, setnámur. Engin efnistökusvæði eru í sjó. Umfangslítill efnistaka hefur farið fram í árfarvegum til eigin nota landeigenda en umfangsmeiri efnistaka er einkum tengd vegaf framkvæmdum og stærri nýframkvæmdum.

Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu vindorkugarðs á Garpsdalsfjalli, í landi Garpsdals. Efni til framkvæmdanna verður sótt í námur innan sveitarfélagsins, þ.e. Garpsdal og í Króksfjarðarnes, en skv. frumhönnun er áætluð efnispörf um 350.000 m<sup>3</sup>. Nánari efnispörf verður sett fram þegar nær dregur framkvæmdum eftir að nákvæmari jarðgrunnsathugun heur átt sér stað í staði hvernar vindmyllu. Efnispörf verður einnig mætt með uppúrtekt fyrir undirstöður þeirra. Árið 2020 og 2021 var gengið frá aðalskipulagsbreytingum vegna endurnýjunar Vestfjarðavegar með tilheyrandi efnistökusvæðum.

Til efni er til stækkunar iðnaðarsvæðisins í Karlsey fyrir starfsemi tengdri höfninni og nýtingu sjávarnytja. Tillagan gerir því ráð fyrir um 2 ha stækkun iðnaðarsvæðisins með landfyllingu. Gert er ráð fyrir að efni í landfyllinguna verði sótt í námur innan sveitarfélagsins, t.d. í námu við Reykhóla og í Miðhúsamel.

Við endurskoðun aðalskipulags var leitað til landeigenda og Vegagerðarinnar til að kanna stöðu á námum, áform um áframhaldandi efnistöku í þeim eða á nýjum svæðum. Listi yfir efnistökusvæði í kafla 5.4.4 og skilmálar um umfang hvers svæðis byggir á þeim svörum sem bárust.

Efnistökusvæði eru greind m.t.t. þess hvort þau falla undir umfangs-/ stærðarmörk sem tilgreind eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samkvæmt þeim lögum gildir eftirfarandi:

- Efnistaka þar sem áætlað er að raska 25 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 500.000 m<sup>3</sup> eða meira, er ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.

- Efnistaka, utan þess sem tilgreint er í tölul. 2.01, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m<sup>3</sup> eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra, skal tilkynna til Skipulagsstofnunar sem ákveður hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum, með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar.

### Jarðvegur og gróðurfar

#### Jarðvegur

Í Reykhólahreppi er aðallega sortujörð en það er eldfjallajarðvegur sem er algengasta jarðvegstegund á Íslandi. Sortujörð á svæðinu skiptist í brúnjörð, svartjörð, mójörð og votjörð. Henni er hætt við rofi þegar hún er illa varin af gróðri. Glerjörð, þ.e. tegundir hennar melajörð og malarjörð, sem einnig er eldfjallajarðvegur, er að finna á svæðinu upp til fjalla og heiða þar sem er lítt gróið land. Á votlendissvæðum er mójörð, með háu hlutfalli lífrænna efna (>20%). Leirmagn er mest í sortujörð af gerðinni votjörð og brúnjörð.<sup>30</sup>


Túnrækt er fyrst og fremst á sortujörð, svo og skógrækt, en einnig á mójörð. Í kjarr- og skóglendi má búast við að jarðvegurinn sé að auka hlutfall sitt af lífrænum efnum. Engin virk landgræðslusvæði á vegum Landgræðslunnar eru í sveitarfélaginu.<sup>31</sup>

#### Gróðurfar

Mó- og graslendi með smágerðum gróðri er ríkjandi á láglandi sveitarfélagsins. Votlendi eru allvíða en þau gegna mikilvægu hlutverki við kolefnisbindingu, auk þess að vera búsvæði margra fuglategunda. Upp til fjalla og heiða er ýmist mosi eða lítt gróið land.

Eyjar á Breiðafirði eru grösugar og sumar með gróskumiklum hvannaskógum. Gróðurfar er fjölbreyttara í eyjum nær landi en þeim sem eru fjær.

Náttúrulegir birkiskógar eru áberandi og verðmætt sérkenni gróðurfars og landslags í Reykhólahreppi en birkiskógar voru og eru eitt af lykilvistkerfum Íslands.<sup>32</sup>



Mynd 7. Jarðvegur. Skýringar: dökkgrænt: mójörð, ljósgrænt: svartjörð, ljósbrúnt: brúnjörð-svartjörð-mójörð, dökkbrúnt: brúnjörð-svartjörð-votjörð, grádillótt: melajörð-malarjörð, ljósgrátt: bergjörð.<sup>33</sup>

<sup>30</sup>Ólafur Arnalds og Hlynur Óskarsson 2009: [Íslenskt jarðvegskort](#), Náttúrufræðingurinn 78 (3–4), bls. 141–153, 2009.

<sup>31</sup> Kortasjá Landgræðslunnar.

<sup>32</sup> Landgræðslan 2020: [Endurheimt birkiskóga á Íslandi](#).


<sup>33</sup> Gögn frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

## Kolefnisbinding

Í fyrstu útgáfu aðgerðaáætlunar ríkisins í loftslagsmálum var lögð áhersla á átak í endurheimt votlendis, birkiskóga og kjarrlendis, sem og stöðvun jarðvegseyðingar og frekari landgræðslu og skógrækt. Unnið hefur verið að nánari útfærslu þess átaks og því áfram fylgt eftir í annarri útgáfu áætlunarinnar. Í takt við áætlunina er í tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu sett markmið um vernd og endurheimt votlendis og með skipulagsákvæðum um landnotkun sem miðar að varðveislu og bindingu kolefnis í votlendi og verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Einnig er því beint til sveitarfélaga að marka í sínu aðalskipulagi stefnu um skóga og skógrækt með það að markmiði að tryggja viðhald og útbreiðslu náttúruskóga, vernda líffræðilega fjölbreytni og auka bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

Jarðvegur gegnir mikilvægu hlutverki sem kolefnisgeymir og getur kolefni því losnað út við landnotkun og framkvæmdir. Mikilvægt er því að huga að jarðvegsvernd en ótvíræð samlegðaráhrif eru á milli loftslagsaðgerða sem varða kolefnisbindingu og aðgerða á sviði gróður- og jarðvegsverndar og aðgerða í þágu verndar lífríkis og endurheimtar vistkerfa. Þannig má vinna að mörgum mikilvægum markmiðum í einu.<sup>34</sup> Ein helsta uppspretta koldíoxíðlosunar á Íslandi er framræst votlendi. Land sem hefur verið þurrkað upp með framræsluskurðum í Reykhólahreppi eru í nýtingu og ekki talin ástæða til að endurheimta votlendi á þeim svæðum.

Viðbótarbinding í Reykhólahreppi er í gegnum skógrækt og verndun votlendis. Stefna um skógrækt er útfærð í stefnu um landbúnaðarsvæði. Í könnun sem var gerð meðal landeigenda og ábúenda kom fram áhugi á endurheimt votlendis.



Mynd 8. Verðmæt gróðurlendi. Skýringar: gulbrún svæði: myrlandi<sup>35</sup>, blá og grænblá svæði: náttúrulegir skógar. ljósgræn svæði: ræktaður skógur.<sup>36</sup>

<sup>34</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2020: [Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum](#). 2. útg.


<sup>35</sup> Gögn úr [vistgerðaflokkun](#) Náttúrufræðistofnunar Ísland, [vefsjá Alta](#).

<sup>36</sup> Gögn frá [Skógræktinni](#), vefsja Alta [www.vefsja.is](http://www.vefsja.is).

### Yfirborðsvatn

Mikill fjöldi straumvatna er í Reykhólahreppi eins og annars staðar á Vestfjörðum. Í þeim er fjöldi fossa sem falla niður af hásléttunni, oft í stórbrotnum giljum og gljúfrum. Þó eru engar stórar ár á svæðinu. Engin stór vötn eru í Reykhólahreppi, en hins vegar er fjöldi smærri vatna, tjarna og sjávarlóna. Víða í vötnum er silungsveiði og í ám er víðast hvar silungsveiði og lax í þeim stærri. Í Reykhólahreppi er þrjár laxveiðiár, þ.e. Þorskafjarðará, Gufudalsá og Fjarðarhornsa.<sup>37</sup>

Markmið laga um stjórn vatnamála nr. 26/2011<sup>38</sup> er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma vernd vatnsauðlindarinnar. Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011<sup>39</sup>, um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun skal skipta öllu vatni, bæði yfirborðsvatni og grunnvatni í vatnshlot. Skv. Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022- 2027<sup>40</sup> hefur vistfræðilegt ástand vatns á skipulagssvæðinu verið flokkað sem mjög gott og megi það ekki falla um flokk skv. lögum um stjórn vatnamála.



Mynd 9. Vatnafar. Skýringar: blátt: ár og vötn, fjólublátt: fossar og flúðir, rautt: helstu veiðiár og vötn.<sup>41</sup>

<sup>37</sup> Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018. Forsendur.

<sup>38</sup> [Lög um um stjórn vatnamála nr. 26/2011.](#)


<sup>39</sup> [Reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun nr. 535/2011.](#)

<sup>40</sup> Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022- 2027. Staðfest í apríl 2022.

<sup>41</sup> Landupplýsingagrunnur Landmælinga Íslands - Vatnafar. [www.angling.is](http://www.angling.is)

## Grunnvatn

Vatnsból Reykhóla eru austan við Miðhúshæð (tvö vatnsból), en í dreifbýlinu er algengt að smásytrur á lagmótum í fjallshlíðum séu nýttar sem einkaveitur fyrir einstaka bæi. Í þurru árferði er lítið afgangur í vatnsbólum þéttbýliskjarnans að Reykhólum og því lítið upp á að hlaupa ef vatnspörfin eykst. Á Króksfjarðarnesi er eitt vatnsból. Á grundvelli rannsókna ÍSOR<sup>42</sup> hefur verið borað eftir vatni í Hrafnanesi og er áætlað að tengja það við vatnsveituna. Borun eftir neysluvatni í Hrafnanesi er talin vænleg til árangurs. Þar er þykk berghlaups-urð og víða sæmilega vatnsrík. Gerð er tillaga um borstað og einn til vara. Auðvelt virðist vera að skilgreina vatnsverndarsvæði upp af umræddum lindum og borholum.



Mynd 10. Borholustaðir á Hrafnanesi, myndin er úr skýrslu ÍSOR.<sup>43</sup>

<sup>42</sup> Árni Hjartarson, 2016. ÍSOR. Vatnsöflun fyrir Reykhóla

<sup>43</sup> Árni Hjartarson, 2016. ÍSOR. Vatnsöflun fyrir Reykhóla

Flateyjarveitur, sem er einkafyrirtæki, rekur vatnsveitu í Flatey.<sup>44</sup> Vatnið er fengið úr brunnnum á eyinni, en þegar vatnspörfin er mikil er bætt við með flutningi frá meginlandinu. Vatninu er þá tappað af ferju með slöngu sem leidd er í vatnstank á Tröllsenda og þaðan rennur vatnið niður í þorp eftir lögnum.

Á skýringarmyndinni hér til hliðar má sjá þau vatnsverndarsvæði sem hafa verið afmörkuð í Reykhólahreppi í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.



Mynd 11. Vatnsverndarsvæði. Skýringar: dökkbláir punktar: brunnsvæði, blátt: grannsvæði, ljósblátt: fjarsvæði.<sup>45</sup>

<sup>44</sup> Munnleg heimild frá sveitarstjóra Reykhólahrepps, 24.6.2020.

<sup>45</sup> Gögn Orkustofnunar, sótt 7.11.2018


## Strandsvæði

Skerja- og eyjalandslag við strendur Reykhólahrepps er sérstætt á landsvísu og grunnsævið þar og fjörur eru mikilvæg vistkerfi sem standa þarf vörð um. Þangfjörur eru afar lífríkar og eru strandsvæðin mikilvæg fyrir fuglalíf. Víða við ströndina eru jafnframt hverir og heitar uppsprettur.

Ákvæði laga um vernd Breiðafjarðar taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins og þarf að taka mið af því við mótun stefnu um strandsvæði innan verndarsvæðisins. Nánari umfjöllun um stefnu Verndaráætlunar Breiðafjarðar er að finna í forsendukafli 8.2 um landslag og lífríki.

Eitt viðfangsefni landsskipulagsstefnu er skipulag haf- og strandsvæða sem miðar að því að veita grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland. Í þeim hluta landsskipulagsstefnu er lagður grundvöllur að gerð strandsvæðisskipulags í samræmi við lög nr. 88/2018.<sup>46</sup> Strandsvæðisskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði á fjörðum og flóum utan staðarmarka sveitarfélaga sem ná 115 m út fyrir stórstraumsfjöru. Innan þeirra marka er það sveitarfélaga að marka stefnuna og getur hún náð til sömu viðfangsefna og<sup>47</sup> strandsvæðisskipulag, en viðfangsefni þess eru m.a. nýting svæða til eldis eða ræktunar nytjastofna, efnistaka, náttúruvernd, samgönguleiðir og ferðapjónusta. Með stefnunni er lagður grunnur að leyfisveitingum fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi á því svæði sem skipulagið tekur til. Við gerð strandsvæðisskipulags ber að gæta samræmis við skipulag á landi.

Í landsskipulagsstefnu er tekin ákvörðun um á hvaða svæðum skuli vinna strandsvæðisskipulag, en ekki liggur fyrir ákvörðun um gerð slíks skipulags fyrir Breiðafjörð.



Mynd 12. Fjöruvistgerðir í Reykhólahreppi. Græn svæði eru þangfjörur og appelsínugul svæði eru leir.<sup>48</sup>

<sup>46</sup> [Lög um skipulag haf- og strandsvæða.](#)

<sup>47</sup> [Skipulag haf- og strandsvæða.](#)

<sup>48</sup> Unnið úr vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Ísland, [vefsíða](#) Alta.




## Jarðhiti

Jarðhiti er í fjörum og sjó og er það eitt af sérkennum Breiðafjarðar sem telst sérstakt jarðfræðilega en einnig sjónrænt og líffræðilega. Á Reykhólum á Reykjanesi er mestur jarðhiti á öllu svæðinu. Megin jarðhitasvæðið liggur við sunnanverða hæðina sem Reykhólabyggð stendur á. Allar helstu hveraþyrpingar á svæðinu raðast á línu sem með stefnu NV-SA sem nær frá Höllustaðalaugum, um Reykhóla að hvernum Einireyki við Langavatn.<sup>49</sup>

Jarðhitinn er mikilvæg auðlind í Reykhólahreppi og byggir atvinnulíf á Reykhólum að stórum hluta á honum. Töluvert er um ónýtt jarðhitavatn á yfirborði sem hitaveiturnar eru ekki að nýta. Áhugi er á að ná yfirsýn yfir hagnýtingarmöguleika jarðhitans og talið mikilvægt að fá betri og meiri nýtingu auðlindarinnar á sjálfbæran hátt samfélaginu til framdráttar.<sup>50</sup>

Í Verndaráætlun Breiðafjarðar er lagt til að vernda hverfi, heitar uppsprettur og umhverfi þeirra á verndarsvæðinu.<sup>51</sup>



Mynd 13. Jarðhita- og kaldavatnsholur.<sup>52</sup> Skýringar: bláir punktar: kaldavatnsholur, rauðir punktar: heitavatnsöflun.

<sup>49</sup> Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018. Forsendur.

<sup>50</sup> [http://www.reykholar.is/frettir/Atvinnumalafundur\\_a\\_Reykholum/](http://www.reykholar.is/frettir/Atvinnumalafundur_a_Reykholum/)

<sup>51</sup> Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019.

<sup>52</sup> Gögn frá Orkustofnun í [vefsíá Alta](#), uppfært 13.11.2015.

### Vatnsorka

Engin vatnsorkuver eru í Reykhólahreppi. Skv. breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018<sup>53</sup> vegna vatnsfallsvirkjunar í Garpsdal er gert er ráð fyrir byggingu vatnsaflsvirkjunar í Múlaá í Gilsfirði með um 950 kW uppsett af<sup>54</sup>. Framkvæmdir eru hafnar við virkjunina og mun hún koma til með að auka framboð á raforku í sveitarfélaginu og bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum.<sup>55</sup>

Tröllárvirkjun í Vattarfirði hefur verið í skoðun sem virkjunarkostur. Virkjunarkosturinn er ekki skilgreindur í gildandi rammaáætlun, en hefur verið settur í orkunýtingarflokk í tillögu verkefnisstjórnar 4. áfanga rammaáætlunar (sem hvorki hefur verið samþykkt sem þingsályktun né hlotið málsmeðferð skv. lögum um rammaáætlun). Að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir henni í aðalskipulagi.

### Vindorka

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er því beint til sveitarfélaga að taka afstöðu til möguleika á orkuframleiðslu, þ.m.t. með vindorku, í sátt við náttúru og samfélag.<sup>56</sup> Stefna svæðisskipulagsins endurspeglar viðhorf landsskipulagsstefnu til orkuframleiðslu með vindorku. Í tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnuna er því áfram beint til sveitarfélaga að móta stefnu um nýtingu vindorku í sátt við umhverfi og samfélag, með þeim viðbótartilmælum að staðinn verði vörður um sérstætt landslag og tekið tillit til grenndarhagsmuna og annarrar landnotkunar.<sup>57</sup>

<sup>53</sup> [Vefur Reykhólahrepps, efni sótt bann 7.5.2020.](#)

<sup>54</sup> Fjórðungssamband Vestfirðinga (2017). [Tillögur að smávirkskjunum á Vestfjörðum.](#) Svar við fyrirspurn frá Orkustofnun, maí 2017.

<sup>55</sup> Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018. Greinargerð og umhverfisskýrsla vegna vindorkugarðs í Garpsdal. Dags. 24.09.2020. Breytt 26.03.2021.

<sup>56</sup> Landsskipulagsstefna 2015-2026, gr. 2.5.1.

<sup>57</sup> Skipulagsstofnun 2021: [Tillaga Skipulagsstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðherra að landsskipulagsstefnu.](#) Loftslag, landslag, lýðheilsa Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026. gr. 6.3.

Aðalskipulagsbreyting vegna vindorkugarðs á Garpsdalsfjalli, í landi Garpsdals, var samþykkt af sveitarstjórn í apríl 2021.<sup>58</sup>

Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu vindorkugarðs á Garpsdalsfjalli, í landi Garpsdals í samræmi við samþykta aðalskipulagsbreytingu þar um. Gerð er grein fyrir þeim áformum í sér kafla hér á eftir og í kafla 5.4.5 um iðnaðarsvæði.

Ekki liggja fyrir frekari áform um virkjun vindorku í Reykhólahreppi en komi þau fram ber að gæta að samræmi við stefnu aðalskipulags í viðeigandi málaflökkum og fara eftir skipulagslögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum, auk laga um verndar og orkunýtingaráætlun,<sup>59</sup> sbr. mörk hvað varðar matsskyldu og rammaáætlun og eftirfarandi mörk: Skv. tölulið 3.16 laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 eru vindorkuver með uppsett rafafli 1 MW eða meira eða mannvirki sem eru 25 m eða hærra tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um hvort þær skuli háðar umhverfismati.<sup>60</sup> Skv. tölulið 3.02 laganna eru öll orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira háðar umhverfismati.

### Vindorkugarður í Garpsdal

Sett stefna og skipulagsákvæði um iðnaðarsvæði í landi Garpsdals, þar sem heimilt verður að reisa vindorkuver með allt að 89 MW uppsettu afli. Iðnaðarsvæðið er jafnframt skilgreint sem varúðarsvæði með tilvísun í lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Markmið með uppbyggingu vindorkugarðsins er að auka framboð á raforku í sveitarfélaginu og fjölga atvinnutækifærum sem og að styrkja stöðu sveitarfélagsins hvað varðar framtíðarþætur. Leitast er við

<sup>58</sup> Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018. Greinargerð og umhverfisskýrsla vegna vindorkugarðs í Garpsdal. Dags. 24.09.2020. Breytt 26.03.2021.

<sup>59</sup> Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.

<sup>60</sup> EM Orka allt að 130 MW Vindorkugarður í Garpsdal Reykhólahreppi, Austur Barðastrandasýslu. Tillaga að matsáætlun.

að tryggja að raforkuframleiðslan hafi sem minnstu mögulegu umhverfisáhrif í för með sér og eru í því skyni sett skilyrði hvað varðar hönnun og uppsetningu á vindmyllum og öðrum mannvirkjum sem tengjast framkvæmdinni.

Vindorkugarðurinn í Garpsdal mun samanstanda af 21 vindmyllu auk safnvirkis til framleiðslu á rafmagni allt að 89 MW. Svæðið er um 437 ha að stærð og í um 500 m y.s.

Framkvæmdin fellur undir lið 3.02 skv. 1. viðauka laga um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr. 111/2021 um öll orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira og jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira. Framkvæmdir skv. þessum lið er ávallt háðar umhverfismati.

Fyrir liggur matsáætlun vegna vindorkugarðs í Garpsdal og ákvörðun Skipulagsstofnunar um hana.<sup>61</sup> Vindorkunýting yfir 10 MW fellur jafnframt undir rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða og hefur vindorkugarður á Garpsfjalli verið til umfjöllunar við mótun 4. áfanga rammaáætlunar. Í tillögudrögum sem verkefnisstjórn lagði fram í lok mars 2021 er vindorkugarður í landi Garpsdals settur í orkunýtingarflokk.<sup>62</sup>

Rammaáætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana. Samkvæmt sömu lögum skulu virkjanakostir sem verndar- og orkunýtingaráætlun á að taka til og hefur ekki verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun skulu lúta sömu reglum og virkjunarkostir í biðflokki. Samkvæmt skipulagsreglugerð skulu svæði í biðflokki skilgreind sem varúðarsvæði. Skilgreining á varúðarsvæði felur sér takmörkun á landnotkun og skal í aðalskipulagi setja ákvæði og skilmála sem fela í sér takmarkanir til að bregðast við þeim sérstöku aðstæðum sem á svæðinu ríkja svo sem um mannvirkjagerð, umgengni og landnotkun.

Fjölmargar rannsóknir hafa verið unnar í tengslum við umhverfismat framkvæmdarinnar þar sem lagt er mat á þau áhrif sem framkvæmdin

<sup>61</sup> Endanleg matsáætlun og ákvörðun Skipulagsstofnunar um hana.

<sup>62</sup> Skil verkefnisstjórnar 4. áfanga.

hefur eða getur haft í för með sér. Umræddar rannsóknir voru nýttar í greinargerð og umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingarinnar og er vísað í þau gögn til nánari upplýsinga í umhverfismatskýrslu aðalskipulagsins.<sup>63</sup>

Framkvæmdin er framkvæmdaleyfiskild samkvæmt lögum nr. 123/2000, gr.4., mgr. 3, 13.gr. og 14.gr. og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi eru gefin út í samræmi við mat á umhverfisáhrifum, skipulagsáætlanir og hönnunargög samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og önnur leyfi til starfsemi og framkvæmda samkvæmt sérilögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda. Í samræmi við lög nr.123/2010 í leyfismálum getur sveitarstjórn sett fram nánari skilyrði um framkvæmd. Við umsókn á framkvæmdaleyfi verður gerð krafa um frekari gögn eins og haugsetningar- og frágangsaætlun og efnistökuáætlun.

### Lýsing framkvæmda í Garpsdal

Svæðið sem fellur undir nýja skilgreiningu vegna vindorkuvirkjunar. Stærð svæðisins er um 4,37 km<sup>2</sup>. Áætlað er að innan framkvæmdarinnar verði allt að 21 vindmylla, safnstöð raforku, aðkomuvegur og vegir innan svæðis, jarðstrengur auk athafnasvæðis verktaka. Líftími vindorkugarða er að jafnaði um 25 ár en í þessu verkefni er gert ráð fyrir 30 ár.

Aðkoma verður frá Garpsdalsvegi (602) eftir núverandi vegslóða, sem liggur að framkvæmdasvæðinu um 6,5 km leið, sem áætlað er að endurbæta og byggja upp að því marki sem þörf er á. Nákvæm lega og útfærsla mun koma fram í deiliskipulagi svæðisins sem byggja mun á umhverfismat framkvæmdarinnar. Heimilt er að víkja af núverandi slóð ef niðurstaða umhverfismatsins gefur ástæðu til. Fyrir verkefni af þessu tagi er framkvæmdatími, mikilvægasta tímabilið með tilliti til áhrifa á þjóðvegakerfið þar sem aðföng vindorkugarða eru umfangsmikil og mjög þung. Kröfur um álag sem myndast á byggingarstigi eru metnar í

<sup>63</sup> Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018. Greinargerð og umhverfisskýrsla vegna vindorkugarðs í Garpsdal. Dags. 24.09.2020. Breytt 26.03.2021.

frummatsskýrslu á þjóðvegakerfinu og öðrum aðkomuvegum upp að fyrirhuguðu byggingarsvæði.

Tenging er áætluð með jarðstreng við spennistöð Landsnets í Geiradal sem er í um 6 km fjarlægð, auðkenndur Garpsdalsstrengur 132 kV á aðalskipulagsuppdrætti. Kvaðið eru settar um að við lagningu strengsins skuli öllu raski haldið í lágmarki og frágangur miðast að því að afmá ummerki framkvæmdarinnar.

Það efni sem áætlað til framkvæmdarinnar er samkvæmt frumhönnunar allt að 350.000 m<sup>3</sup>. Efni verður sótt í nálæg efnistökusvæði sem tilgreind eru í gildandi aðalskipulagi þ.e. Garpsdal og í Króksfjarðarnes, en meta þarf stöðu þeirra þegar til framkvæmda kemur. Nánari efnispörf verður sett fram þegar nær dregur framkvæmdum eftir að nákvæmari jarðgrunnsathugun hefur átt sér stað í stæði hveirrar vindmyllu innan vindorkugarðs. Efnispörf verður einnig mætt með uppúrtekt fyrir undirstöður fyrir vindmyllurnar. Áður en efnistaka hefst þarf framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að liggja fyrir í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.

Líftími vindorkugarða er að jafnaði um 25 ár en í þessu verkefni er gert ráð fyrir 30 ár. Eftir líftíma vindorkuver skal allt niðurrif og frágangur miðast að því að lágmarka og afmá eins og hægt er öll ummerki mannvirkja og framkvæmda eins og jarðrask. Frágangur og niðurrif er í höndum eigenda og eða rekstraraðila á þeim tíma.

Eftirfylgni og eftirlit með framkvæmdum og er á ábyrgð sveitarstjórnar eins og lög gera ráð fyrir og í samstarfi með viðeigandi opinberar stofnanir eftir því sem við á. Sækja þarf um ýmis leyfi í samræmi við og reglugerðir um virkjanir og verður gerð krafa um að virkjunaraðili uppfylli lög og reglugerðir. Meðal annars þarf að sækja þarf um byggingarleyfi í samræmi við lög nr. 160/2010 um mannvirki, og framkvæmdaleyfi í samræmi við skipulagslög, nr.123/2010 og virkjunarleyfi í samræmi við lög nr. 65/2003 og lög um starfsleyfi.

Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi eru síðan gefin úr í samræmi við mat á umhverfisáhrifum, skipulagsáætlunum og hönnunargögnum samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og önnur leyfi til starfsemi og framkvæmda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda. Í samræmi við lög nr.123/2010 í leyfismálum getur sveitarstjórn sett fram nánari skilyrði um framkvæmd. Framkvæmdin er framkvæmdaleyfiskyld samkvæmt lögum nr. 123/2000 , gr.4., mgr. 3, 13.gr. og 14.gr. og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfi er leyfi sveitarstjórnar til meiriháttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku. Samkvæmt því hefur sveitarstjórnin eftirlitskyldu með framkvæmdum.

Við umsókn á framkvæmdaleyfi verður gerð krafa um frekari gögn eins og haugsetningar- og frágangaráætlun og efnistökuáætlun.

### 5.3. Markmið

#### 5.3.1 Sveitarfélagið í heild

##### Grunnvatn og yfirborðsvatn

- Stuðlað verði að sjálfbærri nýtingu auðlinda svæðisins, þ.m.t. grunnvatns og yfirborðsvatns. Gæði neysluvatns verði tryggt fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- Skilgreint verði vatnsverndarsvæði umhverfis vatnsból á Hrafnanesi (auðk. VB-900 og VB-901 á skipulagsupphætti) í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.

##### Jarðvegur og gróður

- Stuðlað verði að aukinni bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi með því að standa vörð um útbreiðslu náttúruskóga, líffræðilega fjölbreytni og óröskuð votlendi.

##### Jarðefni

- Farið sé vel með jarðefni og vandað sé til efnistöku og frágangs á efnistökusvæðum.

##### Jarðhiti

- Stuðlað verði að betri nýtingu jarðhitaauðlindarinnar. Áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu jarðhita til atvinnuþróunar, s.s. fyrir ylrækt og smáidnað og til framleiðslu á vönduðum, hreinum sjávarafurðum.

##### Strandsvæði

- Strönd, fjörum og grunnsævi verði viðhaldið í eins náttúrulegu ástandi eins og kostur er.

##### Orkumál

- Stuðlað verði að auknu raforkuöryggi með orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Þó er ekki gert ráð fyrir umfangsmiklum vindorkuverum umfram vindorkuver í Garpsdal.

- Stuðlað verði að því að mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.
- Stuðlað verði að orkuskiptum með því að veita svigrúm í deiliskipulagi fyrir uppbyggingu innviða eins og hleðslustöðva fyrir rafbíla og eldsneytisstöðva fyrir metan, vetni og annað loftslagsvænt eldsneyti, sem og innviði fyrir rafvæðingu Reykhólafnar.

#### 5.3.2 Reykhólar

##### Jarðhiti

- Áhersla verði á að nýting jarðhitans verði samfélaginu til framdráttar.

##### Vatn

- Íbúum og fyrirtækjum verði tryggt gott aðgengi að heitu og köldu vatni til að styðja við þróun og nýsköpun.

#### 5.3.3 Flatey

##### Vatn

- Farið sé vel með neysluvatn og staðinn vörður um forðabúr neysluvatns í Flatey.

##### Orkumál

- Þróun orkumála í Flatey verði með sjálfbærni að leiðarljósi.

## 5.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokk og landnotkunarreiti

### 5.4.1 Vatnsból (VB)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Vatnsból, svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar (VB).



Mynd 14. Vatnsból.

### Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 5.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um vatnsból sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.

- Vatnsból skal vera afgirt og engar framkvæmdir sem gætu ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.
- Brunnsvæði (VB) er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það er algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Svæðið er friðað fyrir búfenaði og skal það girt mannheldri girðingu, sem er minnst 5 metra frá vatnsbóli.

| Auðkenni               | Lýsing                             | Skilmálar  |
|------------------------|------------------------------------|--|
| <b>VB-2</b><br>1,0 ha  | <b>Vatnsból</b>                    | Sjá reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. |
| <b>VB-4</b><br>1,0 ha  | <b>Vatnsból</b>                    | Sjá reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. |
| <b>VB-6</b><br>1,0 ha  | <b>Vatnsból Hrafnanesi (II)</b>    | Sjá reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. |
| <b>VB-8</b><br>1,0 ha  | <b>Vatnsból Hrafnanesi (I)</b>     | Sjá reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. |
| <b>VB-10</b><br>1,0 ha | <b>Vatnsból í Króksfjarðarmúla</b> | Sjá reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. |

#### 5.4.2 Vatnsverndarsvæði, grannsvæði (VG)

##### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.



Mynd 15. Vatnsverndarsvæði, grannsvæði.



### Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 5.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um vatnsverndarsvæði (grannsvæði) sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.

- Á grannsvæðum er notkun á hættulegum efnum og birgðageymsla slíkra efna bönnuð. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki eru leyfðar nýjar byggingar, sumarbústaðir eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarmotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti. Svæðið er friðað fyrir búfænaði.

| Auðkenni                | Lýsing   | Skilmálar  |
|-------------------------|--|--|
| <b>VG-2</b><br>381,6 ha | <b>Grannsvæði fyrir vatnsból Reykhóla</b>      | Sjá reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. |
| <b>VG-4</b><br>689,8 ha | <b>Grannsvæði vatnsbóls í Króksfjarðarmúla</b> | Sjá reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. |

### 5.4.3 Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði (VF)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.



Mynd 16. Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði.

### Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 5.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um vatnsverndarsvæði (fjarsvæði) sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.


- Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna sem talin eru upp í ákvæðum fyrir grannsvæði (VG). Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

| Auðkenni                  | Lýsing                              | Skilmálar  |
|---------------------------|-------------------------------------|--|
| <b>VF-2</b><br>371,5 ha   | <b>Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði</b> | Sjá reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. |
| <b>VF-4</b><br>179,2 ha   | <b>Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði</b> | Sjá reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. |
| <b>VF-6</b><br>294,1 ha   | <b>Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði</b> | Sjá reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. |
| <b>VF-8</b><br>222,1 ha   | <b>Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði</b> | Sjá reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. |
| <b>VF-10</b><br>61,3 ha   | <b>Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði</b> | Sjá reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. |
| <b>VF-12</b><br>209,9 ha  | <b>Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði</b> | Sjá reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. |
| <b>VF-14</b><br>1118,6 ha | <b>Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði</b> | Sjá reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. |
| <b>VF-16</b><br>327,5 ha  | <b>Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði</b> | Sjá reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. |

#### 5.4.4 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

##### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.



Mynd 17. Efnistökusvæði.

## Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 5.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um þau efnistökusvæði sem afmörkuð eru á skipulagsuppdráttum.

- Eiganda eða umráðamanni eignarlands í landnotkunarflokknum landbúnaðarland er heimil, án framkvæmdaleyfis, minniháttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða vistkerfi og jarðminjar sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga 60/2013. Að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi.
- Öll efnistaka, sem ekki er til eigin nota á landbúnaðarsvæðum, er háð framkvæmdaleyfi og skal vera bundin skilyrðum um magn, góða umgengni og vandaðan frágang námanna að efnistöku lokinni.
- Efnistökuframkvæmdir eru eftir atvikum matsskyldar eða tilkynningarskyldar skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, háð stærð svæða og umfangi efnistöku. Í aðalskipulagi þessu er gengið út frá því að mat á stærð og umfangi efnistökuframkvæmda miði við stærð svæðis og umfang efnistöku eins og hún er á hverjum tíma skilgreind í framkvæmdaleyfisumsókn um a.m.k. tveggja ára efnistökuframkvæmd. Samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 gildir eftirfarandi:
  - Efnistaka þar sem áætlað er að raska 25 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 500.000 m<sup>3</sup> eða meira, er ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.
  - Efnistaka þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m<sup>3</sup> eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra, skal tilkynna til Skipulagsstofnunar sem ákveður hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum, með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar.
- Almennt er ekki gert ráð fyrir að efnistaka kalli á gerð deiliskipulags, heldur sé unnt að gera fullnægjandi grein fyrir efnistökuframkvæmdum í framkvæmdaleyfisgögnum á grundvelli aðalskipulags.
- Í framkvæmdaleyfisumsókn vegna efnistöku skal gera grein fyrir stærð og staðsetningu efnistökusvæðis og aðkomu að því og hvað til greina kemur að taka mikið efni á svæðinu horft til a.m.k. tveggja ára. Jafnframt skal greina frá landslagi og gróðri á svæðinu og hvernig fyrirhugað er að standa að framkvæmdum meðan á vinnslu stendur og eftir að vinnslu lýkur. Við upphaf efnistöku skal ganga frá gróðri og efsta hluta jarðvegs námasvæðis á þann hátt að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir efnistökusvæði. Að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi. Ef stærð/umfang efnistöku er yfir þeim mörkum sem skilgreind eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum þarf að gæta þess að gögn uppfylli einnig kröfur þeirra laga.
- Gengið verði frá efnistökusvæðum þegar efnistöku er lokið. Gerð er krafa um að þegar beinni efnistöku vegna tiltekinna framkvæmda er skal efnistökusvæðinu lokað og gengið frá því jafnóðum.
- Við framkvæmdir vegna nýrrar legu Vestfjarðavegar frá Bjarkalundi að Skálanesi: Skylt er að haga efnisvinnslu vegna Vestfjarðavegar milli Bjarkalundar og Skálaness í samræmi við framkvæmdarlýsingu og skýringaruppdrætti sem fram koma í greinargerð aðalskipulagsbreytingar. Vanda skal frágang allra efnistökusvæða.

**Sértækir skilmálar um landnotkunarreiti**

Auk markmiða í kafla 5.3 og framangreindar almennra skilmála gilda eftirfarandi skilmálar um einstök efnistökusvæði sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.

| Auðkenni              | Lýsing                                       | Skilmálar   |
|-----------------------|--|---|
| <b>E-2</b><br>0,4 ha  | <b>Gormur, í landi Kirkjubóls og Fjarðar</b> | Klöpp í klæðingar og burðarlag.<br>Hámarksvinnslumagn 10.000 m <sup>3</sup> á 4.000 m <sup>2</sup> .  |
| <b>E-4</b><br>0,25 ha | <b>Klettsháls í landi Illugastaða</b>        | Klöpp í klæðingar og burðarlag.<br>Hámarksvinnslumagn 10.000 m <sup>3</sup> á 2.500 m <sup>2</sup> .  |
| <b>E-6</b><br>0,7 ha  | <b>Klettsháls í landi Kvígindisfjarðar</b>   | Klöpp í klæðingar og burðarlag.<br>Hámarksvinnslumagn 10.000 m <sup>3</sup> á 7.000 m <sup>2</sup> .  |
| <b>E-8</b><br>3,0 ha  | <b>Utan Krakár / Háubakkar</b>               | Efni í fyllingu og neðra burðarlag.<br>Hámarksvinnslumagn er 100.000 m <sup>3</sup> á 30.000 m <sup>2</sup> .   |
| <b>E-10</b><br>2,3 ha | <b>Gufudalur</b>                             | Efnistaka vegna framkvæmda við Vestfjarðaveg. Gömul náma sem nýtist í fyllingar, neðra og efra burðarlag og rofvörn.<br><br>Vinnsla og frágangur: Fyrirhuguð efnistaka myndi felast í því að svæðið yrði unnið aftar. Óvíst er um efnisþykkt skriðusetsins, en reikna má með að það gæti verið á bilinu 0-3 m þykkt. Skriðuefnið yrði notað í fyllingar. Úr klöppinni yrði sprengt grjót í rofvarnir en hugsanlega væri einnig hægt að vinna neðra og efra burðarlag úr klöppinni. Gróna svæðinu fyrir ofan klöppina yrði hlíft eins og kostur er. Gengið væri frá námunni þannig að ofanafýtingu yrði ýtt upp að námustálinu og þannig væri efnistökusvæðið látið mynda brekku og reynt að fella það sem best að skriðukeilunni. Að öðru leyti yrði svæðið sléttuð út og sáð í það. Miðað yrði við að námusvæðið félli sem best að landinu í kring. Engin þörf væri fyrir námuveg.<br><br>Verndargildi. Jarðmyndunin hefur meðal verndargildi þar sem efnistakan yrði nokkuð áberandi frá veginum en ganga mætti frá efnistökusvæðinu þannig að sjónræn áhrif yrðu í lágmarki. |

|                       |                                     |  |
|-----------------------|-------------------------------------|--|
|                       |                                     | Hámarksvinnumagn 35.000 m <sup>3</sup> á 23.000 m <sup>2</sup> .   |
| <b>E-12</b><br>4,5 ha | <b>Melanes</b>                      | <p>Efnistaka vegna framkvæmda við Vestfjarðaveg. Gömul náma sem nýtist í fyllingu og neðra burðarlag.</p> <p>Vinnsla og frágangur: Námunar verða unnar niður á 2-6 m dýpi en skilið verður eftir malarlag ofan á jökulleirnum. Námustál verður jafnað út og verður leitast við að fella það að óröskuðu umhverfi sínu. Allri ofanafýtingu verður haldið til haga og henni jafnað út yfir námusvæðin. Sáð verður í efnistökusvæðin eftir að efnistöku lýkur og tún ræktuð upp aftur. Hægt er að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistöku verði hverfandi.</p> <p>Nokkrar skeringar í Melanesið og er þá möguleiki á að útvíkka skeringarnar í námur. Hafa ber í huga að reikna má með að strandhjallinn sé mikið til gerður úr leir og sylti neðan við efsta malarlagið og verði óstöðugur þegar verið er að vinna hann, sérstaklega í vætutíð.</p> <p>Verndargildi. Námusvæðin teljast hafa lágt verndargildi þar sem um er að ræða.</p> <p>Fyllingarefni og styrktarlag.</p> <p>Hámarksvinnumagn 100.000 m<sup>3</sup> á 45.000 m<sup>2</sup>.</p> |
| <b>E-14</b><br>2,0 ha | <b>Grjótlager á Melanesi</b>        | <p>Efnistaka vegna framkvæmda við Vestfjarðaveg. Grjótlager er staðsettur á gamla flugvællinum á Melanesi. Efnið kom úr vegafarmkvæmdum milli Krakár og Eyrar í Kollafirði.</p> <p>Hámarksvinnumagn er 20.000 m<sup>3</sup> á 20.000 m<sup>2</sup>.</p> <p>Vinnsla og frágangur: Grjótið verður tekið og notað í rofvarnir. Grjótlagerinn hefur mjög lágt verndargildi (5. flokkur) og nauðsynlegt er að fjarlægja hann af svæðinu.</p>  |
| <b>E-16</b><br>1,5 ha | <b>Álftadalsá í landi Gufudals</b>  | <p>Fyllingarefni og styrktarlag.</p> <p>Hámarksvinnumagn 49.000 m<sup>3</sup> á 15.000 m<sup>2</sup>.</p>  |
| <b>E-18</b><br>2,5 ha | <b>Hraunastaðir í landi Árbæjar</b> | Klöpp í rofvarnir.   |

|                       |                                    |  |
|-----------------------|------------------------------------|--|
|                       |                                    | Hámarksvinnumagn 45.000 m <sup>3</sup> á 25.000 m <sup>2</sup> .   |
| <b>E-20</b><br>3,4 ha | <b>Klappir á Grónesi</b>           | <p>Efnistaka vegna framkvæmda við Vestfjarðaveg. Ný náma sem nýttast í efra burðarlag, klæðningu og rofvörn.</p> <p>Þessi náma er hugsuð sem varanáma. Náman er í klapparholti sem er í 15-45 m hæð y.s. á Grónesi. Klappirnar eru að mestu ógrónar og er um að ræða óummyndaða stakdílotta basaltklöpp. Fast upp við klapparholtið eru hlaðnir garðar en óvíst er með um aldur þeirra.</p> <p>Vinnsla og frágangur: Sprengja þyrfti í námunni og yrði náman unnin niður um 6-8 m. Við frágang námunnar yrði námustálið látið standa í hallanum 4:1. Miðað yrði við að námusvæðið félli sem best að umhverfi sínu.</p> <p>Verndargildi jarðmyndunarinnar er lágt og hefur svæðið enga sérstöðu. Námusvæðið er hins vegar að hluta inn á náttúruminjasrá og telst það því hafa hátt verndargildi.</p> <p>Hámarksvinnumagn 100.000 m<sup>3</sup> á 34.000 m<sup>2</sup>.</p> |
| <b>E-22</b><br>1,5 ha | <b>Miðjanes</b>                    | <p>Möl og grjót úr storkubergi fyrri rofvarnir og klæðingarefni.</p> <p>Hámarksvinnumagn 60.000 m<sup>3</sup> á 15.000 m<sup>2</sup>.</p>  |
| <b>E-24</b><br>1,8 ha | <b>Hjalli innan Hallsteinsness</b> | <p>Efnistaka vegna framkvæmda við Vestfjarðaveg. Ný náma sem nýttist í fyllingar.</p> <p>Vinnsla og frágangur: Fyrirhuguð efnistaka mun felast í því hjallinn verði unninn aftar og neðar. Óvíst er um efnisþykkt, en reikna má með að hún gæti verið á bilinu 0-5 m að þykkt. Um útvíkkaða skeringu er að ræða við lagningu tengivegar að Djúpadal.</p> <p>Verndargildi jarðmyndunarinnar er lágt og hefur svæðið enga sérstöðu. Námusvæðið er hins vegar inn á náttúruminjasrá og telst það því hafa mjög hátt verndargildi.</p> <p>Hámarksvinnumagn er 50.000 m<sup>3</sup> á 18.000 m<sup>2</sup>.</p>   |
| <b>E-26</b><br>0,5 ha | <b>Reykhólar</b>                   | <p>Að malarnámi loknu verður námufláinn jafnaður og öðru efni í námubörmunum jafnað yfir svæðið.</p> <p>Hámarksvinnumagn er 10.000 m<sup>3</sup> á 5.000 m<sup>2</sup>.</p>  |




|                       |                                   |   |
|-----------------------|-----------------------------------|---|
| <b>E-28</b><br>4,5 ha | <b>Hjalli utan Þórisstaða</b>     | Möl úr strandhjalla fyrir fyllingar og neðra burðarlag.<br>Hámarksvinnslumagn 90.000 m <sup>3</sup> á 45.000 m <sup>2</sup> .               |
| <b>E-30</b><br>2,5 ha | <b>Miðhúsamelur</b>               | Möl úr fornum sjávarkambi fyrir styrktarlag, burðarlag og klæðningu.<br>Hámarksvinnslumagn 100.000 m <sup>3</sup> á 25.000 m <sup>2</sup> . |
| <b>E-32</b><br>0,5 ha | <b>Múlahlíð í landi Múla</b>      | Burðarlags og styrktarlagsefni.<br>Hámarksvinnslumagn 25.000 m <sup>3</sup> á 5.000 m <sup>2</sup> .  |
| <b>E-34</b><br>0,5 ha | <b>Seljanes</b>                   | Hámarksvinnslumagn 20.000 m <sup>3</sup> á 5.000 m <sup>2</sup> .   |
| <b>E-36</b><br>0,6 ha | <b>Stallar á Króksfjarðarnesi</b> | Burðarlag, styrktarlags og rofvarnarefni.<br>Hámarksvinnslumagn 49.000 m <sup>3</sup> á 6.000 m <sup>2</sup> .                              |
| <b>E-38</b><br>2,5 ha | <b>Garpsdalur</b>                 | Hámarksvinnslumagn 50.000 m <sup>3</sup> á 25.000 m <sup>2</sup> svæði.   |

### 5.4.5 Iðnaðarsvæði (I)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólþælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.



Mynd 18. Iðnaðarsvæði.

### Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 5.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um þau iðnaðarsvæði sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.

- Við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og umhverfismótun skal taka tillit til landslagseinkenna, sérstæðra kennileita, merkilegra jarðmyndana, verðmætra vistkerfa og búsvæða, fornleifa og annarra menningarminja.
- Vanda skal umhverfisfrágang og umgengni á iðnaðarsvæðum.
- Við staðarval og ákvörðun um útfærslu iðnaðarsvæða skal leitast við að lágmarka áhrif á landslag, gróður, votlendi og búsvæði fugla og taka skal tillit til verndargildis þessara umhverfisþátta.

### Sértækir skilmálar um landnotkunarreiti:

Auk markmiða í kafla 5.3 gilda og almennra skilmála um landnotkunarflokkinn gilda eftirfarandi skilmálar um einstök iðnaðarsvæði.

| Auðkenni             | Lýsing  | Skilmálar   |
|----------------------|---|---|
| <b>I-2</b><br>5,6 ha | <b>Karlsey</b><br>Á reitnum eru byggingar og aðstaða Þörungaverksmiðjunnar og Norðursalts.  | Reiturinn er einkum ætlaður hafnsækna starfsemi og starfsemi sem er tengd nýtingu sjávarauðlinda. Gert er ráð fyrir um 2 ha stækkun iðnaðarsvæðisins með landfyllingu, sbr. mörk á þéttbýlisupprætti, sem verði nánar útfærð í deiliskipulagi og framkvæmdaleyfisgögnum. Þar verði gerð nánari grein fyrir efnispörf, hvaðan efni er sótt og hver áhrif kunna að verða á verndarsvæði Breiðafjarðar, landslag og ásýnd. Gæta þarf að málsmeðferð skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Einnig skal gæta að hæðarsetningu þannig að tekið sé tillit til hækkandi sjávarstöðu í framtíðinni. Sjá einnig skilmála um sérstök not haf- og vatnssvæða (SN) við Reykhólahöfn í kafla 5.4.5. |
| <b>I-4</b><br>3,0 ha | <b>Króksfjarðarnes</b><br>Á reitnum er gamalt iðnaðarhúsnæði fyrir vinnslu landbúnaðarafurða.<br>Gamla verslunarhúsið er friðlýst.  | Aðstaða fyrir vinnslu sjávarfangs og landbúnaðarafurða. Innan reitsins er heimild fyrir ferjubryggju með tilheyrandi aðstöðu.<br>Um friðlýst hús gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.  |
| <b>I-6</b><br>3,0 ha | <b>Tengivirki í Geiradal</b><br>Tengivirki í Geiradal.<br>Var tekið í notkun 1983 og var reist sem hluti af því markmiði að tengja Vestfirðina og Mjólkárverkjun við 132 kV byggðalínuna.<br>Hlutverk tengivirkisins er einnig að þjóna | Reiturinn er ætlaður fyrir tengivirki sem tengir Vestfirði og Mjólkárverkjun við 132 kV byggðalínuna.<br>Innan reitsins er uppbygging og endurbætur heimilar í samræmi við hlutverk reitsins.   |


|                               |   |  |
|-------------------------------|---|--|
|                               | <p>sveitunum í kring svo sem Króksfjarðarnesi og Reykhólum.</p>   |  |
| <p><b>I-8</b><br/>42,9 ha</p> | <p><b>Galtarvirkjun</b><br/> <i>Um er að ræða um 950 kW rennslisvirkjun í Múlaá í Garpsdal. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3.15 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar á grundvelli fyrir laga nr. 106/2000 um að vatnsaflsvirkjun við Múlaá í Garpsdal skuli ekki háð umhverfismati. Framkvæmdasvæði er ekki umfangsmikið en að hluta ósnortið. Styrkja þarf vegslóða og leggja stuttan slóða að stöðvarhúsi. Reiknað er með að 13-15 ha framræst votlendi í nágrenni við inntaksmannvirki verði endurheimt og að þrýstipípa verði á svæði sem er að mestu ógrónir melar og graslendi. Ekki verður rask á votlendi sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd en einhver áhrif verða líklega á Garpsdalsvatn sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Mannvirki framkvæmdarinnar eru umfangslítill og ekki líklegt til að hafa mikil sjónræn áhrif. Deiliskipulag fyrir Galtarvirkjun í Garpsdal var samþ. árið 2020.</i></p> | <p>Reiturinn er ætlaður 950 kW vatnsaflsvirkjun með inntaksmannvirkjum, niðurgrafinn fallpípu, stöðvarhúsi og tengivirki. Mannvirki skulu felld að umhverfi sínu, látin standa lágt í landi eða niðurgrafin þar sem því verður komið við.</p> <p>Gera skal grein fyrir úrgangsmálum í deiliskipulagi/framkvæmdaleyfisumsókn. Ef vart verður við að vatnsyfirborð Garpsdalsvatns lækki skal gripið til aðgerða við þrengingar á útfalli vatnsins. Ein af mótvægisáðgerðum framkvæmdarinnar er endurheimt votlendis á landi ofan við Garpsdalsvatn. Vöktunaráætlun og áætlun um mótvægisáðgerðir verða nánar settar fram í framkvæmdaleyfi.</p> <p>Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykhólahrepps samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi Reykhólahrepps samkvæmt lögum um mannvirki. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit. Afla þarf leyfis Orkustofnunar samkvæmt raforkulögum. Leyfi Fiskistofu þarf til framkvæmda við ár og vötn samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.</p> |

|                                 |                          |   |
|---------------------------------|--------------------------|---|
| <p><b>I-10</b><br/>444,0 ha</p> | <p><b>Garpsdalur</b></p> | <p>Vindorkugarður þar sem heimilt er að virkja rafmagn með allt að 21 vindmyllu auk annarra mannvirkja sem fylgja framleiðslu á rafmagni allt að 89 MW. Hámarkshæð vindmylla er 158 m. Svæðið er um 4,37 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Lýsing skal lágörkuð að því marki sem mögulegt er að teknu tilliti til öryggis s.s. flugumferðar og merkingu á vindmyllum í samræmi við loftferðalög nr. 60/1998 og nýja ákvörðun Samgöngustofu um merkingu og lýsingu hindrana sem tók gildi 15. september 2019.</p> <p>Efni til framkvæmdarinnar er samkvæmt frumhönnun áætlað allt að 350.000 m<sup>3</sup> og verður efni sótt í nálæg efnistökusvæði sem tilgreind eru í gildandi aðalskipulagi þ.e. Garpsdal (E1) og í Króksfjarðarnes (E2) þar sem heimilt er að sækja allt að 50.000 m<sup>3</sup>.</p> <p>Áður en efnistaka hefst þarf framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að liggja fyrir í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.</p> <p>Framkvæmdaraðili skal skila inn efnistökuáætlun. Í efnistökuáætlun á að setja fram efnispörf, hvar efni er tekið, umfang um hve mikið m<sup>2</sup> og m<sup>3</sup>, hve langt niður er áætlað að vinna og hvernig efnið verður unnið og hvernig landslagsfrágangi verði háttað og setja þarf fram tímaáætlun um vinnslu og lokafrágang.</p> <p>Skipulagsákvæði: Til þess að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd þá þarf að huga vel að litavali, fyrirkomulagi mannvirkja og lágmarka alla lýsingu á svæðinu en taka þarf tilliti til flugumferðaröryggis. Raski skal haldið í lágmarki og sérstök aðgát skal höfð við framkvæmdir nærri votlendi og að staðsetja vindmyllur ekki inn á vistfræðilega mikilvægu landi. Landslag skal fært aftur til fyrra horfs eins og mögulegt er og vegskeringar aðlagaðar landslagi og röskuð svæði grædd upp.</p> <p>Mikilvægt er að taka mið af umhverfinu og nærliggjandi svæðum í landslagshönnun, náttúrulegum gróðri þegar uppgræðsluaðferðir eru valdar og halda raski á gróðri í lágmarki. Við veitingu framkvæmdaleyfis þarf að liggja fyrir áætlun um landslagsmótun og hönnun, áætlun um mótvægisáðgerðir og aðgerðar- og vöktunaráætlun og samráð/samráðsáætlun við opinberar stofnanir s.s. Umhverfisstofnun.</p> <p>Gera skal grein fyrir úrgangsmálum í deiliskipulagi / framkvæmdaleyfisumsókn.</p> <p>Sjá einnig skilmála um varúðarsvæði í kafla 12.4.1.</p> |
|---------------------------------|--------------------------|---|

#### 5.4.6 Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)

##### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði innan netlaga á hafi og vatni þar sem sérstaklega þarf að gera ráð fyrir tilteknum notum, t.d. veiðum, fiskeldi eða siglingaleiðum.



Mynd 19. Sérstök not haf- og vatnssvæða.

##### Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 5.3 gilda eftirfarandi skilmálar um sérstök not haf- og vatnssvæða sem afmörkuð eru á skipulagsuppdráttum.

| Auðkenni       | Lýsing                      | Skilmálar   |
|----------------|-----------------------------|---|
| SN-2<br>9,9 ha | Strandsjór við Reykhólahöfn | Á svæðinu skal siglingaleiðum haldið greiðum og innan þess er heimilt að dýpka höfnina og endurbyggja og bæta við hafnarmannvirki samkvæmt nánari skilgreiningu í deiliskipulagi og/eða framkvæmdaleyfisgögnum. |

## 6 Atvinnustarfsemi



### 6.1 Meginmarkmið

Að skipulag skapi góðar aðstæður fyrir atvinnulíf sem byggist á sjálfbærri nýtingu menningar- og náttúruauðlinda til lands og sjávar.

Til að stuðla að þessu **meginmarkmiði** eru í kafla 6.3 sett fram **markmið** um:

- Landbúnað
- Sjávarnytjar
- Ferðaþjónustu
- Aðrar atvinnugreinar

**Heimsmarkmið** sem tengjast þessu meginmarkmiði



Til að stuðla að þeim markmiðum eru í kafla 6.4 settir **almennir skilmálar** og **sértækir skilmálar** fyrir svæði sem falla í eftirfarandi landnotkunarflokka:

- Landbúnaðarsvæði (L)
- Athafnasvæði (AT)
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)


Í kafla 6.2 er gerð grein fyrir helstu **forsendum** markmiða og skilmála.

## 6.2 Forsendur

### Áherslugreinar svæðisskipulags

Atvinnulíf í Reykhólahreppi byggir, að stórum hluta, annars vegar á nýtingu lands til ræktunar og búfjárhalds og hins vegar á nýtingu jarðhita og sjávarauðlinda til framleiðslu iðnaðarvöru og matvöru. Ferðaþjónustun nýtir sér svo auðlindir eins og landslag, lífríki, menningu og sögu. Þessar þrjár greinar - landbúnaður, sjávarnytjar og ferðaþjónusta - voru í svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar skilgreindar sem áherslugreinar fyrir byggða- og atvinnuþróun sveitarfélaganna. Fyrir hverja grein voru sett sóknarmarkmið á þremur sviðum; að umhverfismálum (umhverfi og auðlindir); að atvinnumálum (framleiðsla og starfsemi); og að menningarmálum (menning og þekking).

Í svæðisskipulaginu eru dregin fram tækifæri sem felast í náttúruauðlindum, landslagi, sögu, menningu og mannauði svæðisins - m.t.t. áherslugreinanna þriggja - og hvernig megi nýta þau tækifæri til að efla byggð. Þessum áherslum svæðisskipulags er fylgt eftir hér að því er snýr að umhverfi og auðlindum, en það er það svið svæðisskipulagsins sem snýr beint að aðalskipulagi hvers sveitarfélags. Framfylgd markmiða á hinum sviðunum tveimur er í gegnum aðra farvegi stjórnsýslu og samstarfs.



Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024<sup>64</sup> er stefnumótandi sértæk byggðaáætlun fyrir Vestfirði sem felur í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir. Í henni er falin sýn íbúa svæðisins á það hvernig Vestfirðir eigi að þróast næstu ár. Stefnan tekur tillit til stefnu svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030. Vestfirðir hafa mótað sér fjögur meginmarkmið í sóknaráætlun 2020- 2024, en þau eru:

- **Atvinna og nýsköpun:** Fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki og auka þannig verðmætasköpun í landshlutanum.
- **Samfélag:** Hækka menntunarstig með aðgengi að hágæða menntun, auka velferð, bæta lýðheilsu og efla þannig mannauð og atvinnulíf.
- **Umhverfi og skipulag:** Auka umhverfisvitund íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja, bæta aðgengi að sjálfbærum lausnum og draga úr sóun.

<sup>64</sup> [Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024.](#)



- **Menning:** Á Vestfjörðum blómstri menning sem er studd af öflugum fyrirtækjum og sveitarfélögum. Þar sé auðugt listalíf, viðburðir og framúrskarandi aðstaða til útiveru.

### Sjávarnytjar

Fjölbreytt lífríki Breiðafjarðar hefur gefið ýmis konar hlunnindi og hefur nýting þeirra verið mikilvæg í gegnum tíðina. Hún hefur e.t.v. minna vægi en áður fyrr, en auðlindirnar eru engu að síður enn fyrir hendi og mikil þekking til staðar sem byggja má á í margvíslegu samhengi.

Við ströndina og á sjó er fjölbreytt nýting hlunninda, s.s. þara, þangs, sölva, fjörugróðurs, salts, skelfisks, sels, æðardúns og eggja.<sup>65</sup> Í Breiðafirði eru miklir þaraskógar og meira en helmingur af grjót- og klettaströnd landsins þar sem mikil framleiðsla er á þangi, s.s. bóluþangi og klóþangi.<sup>66</sup> Náttúrufar á Breiðafirði skapar góðar aðstæður til saltframleiðslu og eru heimildir um saltframleiðslu á Reykhólum á 18. öld. Nýting jarðhitans er ein grunnforsenda í atvinnulífinu.

Þörungaverksmiðja hefur verið rekin á Reykhólum síðan 1975 og er máttarstólpi byggðar á Reykhólum, auk þess að vera sú eina sinnar tegundar á Íslandi.<sup>67</sup> <sup>68</sup> Norðursalt skaut frekari stoðum undir atvinnulíf í sveitarfélaginu þegar saltverksmiðja hóf rekstur á Reykhólum. Verksmiðjan nýtir heitt affallsvatn frá þörungaverksmiðjunni auk jarðhita staðarins til saltvinnslu úr sjónum.

Árið 2018 var stofnað nýsköpunar- og rannsóknarsetur, Paraklaustur, á Reykhólum á grunni þeirrar miklu þekkingar sem hefur byggst upp í

<sup>65</sup> Um selveiðar gildir reglugerð nr. 1100/2019 og eru selveiðar óheimilar á íslensku forráðasvæði nema að fengnu sérstöku leyfi frá Fiskistofu.

<sup>66</sup> Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030..

<sup>67</sup> Umsögn Reykhólahrepps dags.18.9.2020 um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

<sup>68</sup> Vefur Sjávarklasans, efni sótt þann 7.5.2020.

Reykhólahreppi á nýtingu þangs og þara.<sup>69</sup> Þegar fram í sækir er stefnt að því að mynda regnhlífarþjónustu sem starfar með efnilegum fyrirtækjum sem vinna að frekari virðisauka sjávargróðurs.<sup>70</sup>

Verksmiðjurnar tvær eru á iðnaðar- og hafnarsvæðum í Karlsey. Tilfni er fyrir frekari stækkun iðnaðarsvæðisins í Karlsey fyrir hafnsækna starfsemi og starfsemi tengd nýtingu sjávarauðlinda er gert ráð fyrir stækkun iðnaðarsvæðisins með landfyllingu. Einnig þarf að framtíðarlóð/-húsnæði fyrir Þörungaklaustrið og svæði fyrir mögulega aðra nýja starfsemi sem nýtir sér auðlindir staðarins. Svigrúm er nokkuð á athafnasvæði AT-4, sem er á suðurjaðri þorpsins og er tækifæri við deiliskipulagsgerð að skoða hvort það geti hentað fyrir slíka starfsemi.

Á athafnasvæðinu við Tröllenda í Flatey er frystihús, aðstaða fyrir útgerð og starfsmannahús. Mikilvægt er að finna gamla frystihúsinu hlutverk og tækifæri að skapa svigrúm til þess að styðja við notkun þess í ferðaþjónustu.

Á Breiðafirði eru mikilvæg hrygningar- og uppeldissvæði fyrir margar tegundir fiska og fleiri lífverur. Fiskimið eru þar góð. Hvalir eru tíðir á Breiðafirði og smáhveli eins og hnísa og hnýðingur eru algengustu tegundirnar en háhyrningar og hrefnur eru algengar á utanverðum firðinum. Um 20% af íslenska landselsstofninum og um helmingur af útselsstofninum halda sig við Breiðafjörð.

Fiskveiðar eru aðallega utarlega á Breiðafirði, en grásleppuveiðar hafa mest verið stundaðar innarlega í firðinum, þ.e. frá Reykhólum, Stað á Reykjanesi, Flatey og Svefneyjum.<sup>71</sup>

Vöxtur botnþörunga er mikill í innri hluta fjarðarins og hefur hluti þeirra verið nýttur í langan tíma við þörungavinnslu á Reykhólum.

<sup>69</sup> Umsögn Reykhólahrepps dags.18.9.2020 um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

<sup>70</sup> Vestfjarðastofa. Ársskýrsla 2018.

<sup>71</sup> Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018. Forsendur.

Almenn stefna íslenskra stjórnvalda um málefni hafsins er sett fram í Hafinu – stefnu íslenskra stjórnvalda<sup>72</sup>. Markmið hennar er að viðhalda heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins svo nýta megi lifandi auðlindir þess um alla framtíð. Stefna landsskipulagsstefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum grundvallast m.a. á þessum markmiðum þar sem kemur fram að skipulag nýtingar á haf- og strandsvæðum skuli grundvallast á heildarsýn á málefni hafsins þar sem viðhaldið verði heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins. Skipulagsákvæðanir um staðbundna nýtingu á haf- og strandsvæðum byggist á vistkerfisnálgun og stuðli þannig að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda.<sup>73</sup>

### Landbúnaður

Megin landnotkun í dreifbýli Reykhólahrepps er landbúnaður og hefur verið lögð áhersla á að viðhalda sauðfjárrækt eins og kostur er. Með því hefur verið lögð áhersla á að styðja við þróun hefðbundinna búgreina í sátt við umhverfi sitt og styrkja stöðu hefðbundins landbúnaðar sem atvinnugreinar.<sup>74</sup> Í Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 er mörkuð stefna um landbúnað þar sem er lögð áhersla á eflingu sauðfjárbúskaps á svæðinu og sterka tengingu milli landbúnaðar, ferðaþjónustu og menningarstarfsemi. Lögð er áhersla á sjálfbærni og að staðinn verði vörður um náttúrugæði og auðlindir sem landbúnaðarframleiðslan byggir á. Lögð er áhersla á að varðveita sögu bændasamfélagsins á svæðinu og þekkingu í greininni og að svæðið verði þekkt fyrir hágæða, hreinar landbúnaðarvörur og afburða handverk. Landbúnaður og ferðaþjónusta eru orðin mjög samofin og er blómlegur landbúnaður mikilvægur ferðaþjónusta um land allt og stýrt aðgengi að náttúruperlum skiptir þar miklu máli.<sup>75</sup>



Mynd 20. Jarðir í Reykhólahreppi. Heimild: Nyttjaland 2006.

Skráð lögbýli<sup>76</sup> í Reykhólahreppi eru fjölmörg en ekki er búið á þeim öllum. Myndin á næstu síðu sýnir sauðfjárbú og kúabú í sveitarfélaginu skv. upplýsingum frá MAST árið 2021.<sup>77</sup>

<sup>72</sup> [Hafið – samræmd stefnumörkun um málefni hafsins.](#)


<sup>73</sup> [Landsskipulagsstefna 2015-2026.](#)

<sup>74</sup> Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018


<sup>75</sup> [Ræktum Ísland. Landbúnaður á 21. Öld. Umræðuskjal](#) (2021).

<sup>76</sup> [Lögbýlaskrá 2019.](#)

<sup>77</sup> [https://skyrslur.mast.is/primaryproduction.](https://skyrslur.mast.is/primaryproduction)



Mynd 21. Lögbýli í Reykhólahreppi skv. Lögbýlaskrá árið 2019.



Mynd 22. Frumframleiðsla í Reykhólahreppi skv. MAST (2021). Þessi bú sjást einnig undir „Frumframleiðsla“ á [vefsjá](#) aðalskipulagsins.

## Flokkun landbúnaðarlands

Í mars 2021 gaf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið út leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands<sup>78</sup>. Þar eru settar fram greinargóðar lýsingar á fjórum flokkum eftir hentugleika lands til akuryrkju. Hvernig land flokkast ræðst aðallega af jarðvegsaðstæðum annars vegar og landhæð og halla hins vegar, að frádregnu landi þar sem akuryrkja er útilokuð af náttúrulegum ástæðum, t.d. þar sem eru stöðuvötn eða hraun.

Með útgáfu leiðbeininganna er leitast við að uppfylla markmið jarðalaga nr. 81/2004 en í landsskipulagsstefnu er einnig sett fram stefna um að flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Í leiðbeiningunum eru flokkarnir fjórir skilgreindir sem hér segir:

### 1. flokkur: Mjög gott ræktunarland

- Góður móajarðvegur og steinefnaríkar mýrar.
- Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur (sendin mylsna) og ekki með grófri möl.
- Jarðvegsþykkt (dýpt niður á klöpp) a.m.k. 75 cm.
- Land vel þurrk eða auðvelt að þurrka það.
- Ekki miklar mishæðir í landinu.
- Halli innan við 4% (2,29°).
- Hæð yfir sjó að jafnaði undir 100 m.

### 2. flokkur: Gott ræktunarland

- Mýrar með miklu af lífrænum efnum, lakari móar og góðir sandar og melar.
- Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur og ekki með mjög grófri möl.
- Jarðvegsþykkt a.m.k. 50 cm.
- Land vel þurrk eða auðvelt að þurrka það.

<sup>78</sup> Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, 2021. [Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar](#). Samstarfsverkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Skipulagsstofnunar og Landbúnaðarháskóla Íslands.

- Ekki mjög miklar mishæðir í landinu.
- Halli innan við 8% (4,57°).
- Hæð yfir sjó að jafnaði undir 200 m.

### 3. flokkur: Sæmilegt ræktunarland

- Lakari mýrar, móar, melar og sandar.
- Steinefnahluti jarðvegsins ekki grófari en svo að hægt sé að vinna hann án vandræða.
- Jarðvegsþykkt a.m.k. 25 cm.
- Þurrkunarskilyrði sæmileg.
- Mishæðir ekki meiri en svo að þær hamli notkun landbúnaðartækja.
- Halli innan við 12% (6,84°).
- Hæð yfir sjó að jafnaði undir 300 m.

### 4. flokkur: Lélegt ræktunarland

Í þennan flokk fellur land neðan 300 m sem ekki uppfyllir skilyrði hinna flokkanna þriggja. Þetta land hentar ekki til akuryrkju en getur hentað vel til beitar, skógræktar eða fyrir tún.

Á þemaupprætti er sett fram grófflokkun fyrir sveitarfélagið allt sem byggir á þeim þáttum flokkunarinnar sem vísa til landhæðar og halla en undanskilin eru svæði sem eru augljóslega grýtt og gróðursnauð skv. athugun á loftmynd og þau svæði þar sem finna má lítt raskað votlendi skv. gögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Nánari flokkun þarf að fara fram með athugun á vettvangi, þar sem jarðvegsaðstæður eru skoðaðar sérstaklega. Þar sem grófflokkunin tekur ekki tillit til þeirra krafna sem gerðar eru til jarðvegarins má segja að gæði landsins njóti alls vafa og nánari skoðun getur aðeins valdið því að land falli í lakari flokk.

Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarland er áskilið að þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar verði metið hve vel land hentar til akuryrkju í samræmi við leiðbeiningarnar og þess verði gætt að gott akuryrkjuland spillist ekki á óafturkræfan hátt að óþörfu.

Stór hluti sveitarfélagsins er óbyggt svæði en allt land ofan 200 m er skilgreint í þessum flokki.

Ekki er gerð flokkun fyrir landbúnaðarland á Breiðafjarðareyjum, en þar er ekki gert ráð fyrir akuryrkju á þeim svæðum.

Föst búseta er á tveimur býlum í Flatey. Bændur þar eru með kindur og hænsemi, sækja sjóinn og nýta hlunnindin.<sup>79</sup>

### Skógrækt

Samkvæmt svörum úr könnun sem var gerð vegna endurskoðunarinnar meðal landeigenda og ábúenda jarða eru áform um skógrækt á nokkrum jörðum og tekur stefnumótun fyrir landbúnaðarsvæði mið af því.

Skógrækt hefur verið stunduð á vegum verkefnisins Skjólskógar Vestfjarða, nú Skógræktarinnar. Taflan sýnir samningssvæði í Reykhólahreppi.

| Jörð              | Flatarmál ha |
|-------------------|--------------|
| Skógar            | 86           |
| Mýrartunga II     | 61,6         |
| Garpsdalur        | 43,4         |
| Miðjanes          | 12,9         |
| Skálanes          | 19,9         |
| Fremri-Gufudalur  | 15,6         |
| Bær Reykhólasveit | 26,9         |
| Hólasel           | 12,7         |

<sup>79</sup> Framfarafélag Flateyjar, Sótt 28.5.2020 af <https://www.flatey.com/saga>

|             |      |
|-------------|------|
| Reykhólar   | 26,8 |
| Höllustaðir | 29,5 |
| Skógar      | 11   |

Skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana er nýræktun skóga sem tekur til 200 ha eða stærra svæðis tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar.

### Ferðapjónusta

#### Skipulag í þágu ferðapjónustu

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar<sup>80</sup> og Áfangastaðaáætlun Vestfjarða<sup>81</sup> marka ramma fyrir skipulagsmál tengd ferðapjónustu. Áfangastaðaáætlunin markar sýn á ferðapjónustu í landshlutanum og setur aðgerðaáætlun til þriggja ára í senn. Í báðum áætlununum eru skilgreindar ferðaleiðir sem draga fram sérstöðu svæðisins og leggja línur um uppbyggingu áningarstaða. Leiðirnar veita möguleika á að þróa söguþræði og þematengdar ferðir. Þær geta þannig dregið að gesti og stutt við ferðapjónustu.

#### Helsta ferðapjónusta í Reykhólahreppi


Í Reykhólahreppi eru þrjú merkt tjaldstæði. Hótel Bjarkalundur er starfræktur yfir sumarmánuðina og er með veitingasal. Í Flatey er hótél og þar er einnig rekinn veitingastaður á sumrin. Á Reykhólum er starfrækt er farfuglaheimili allan ársins hring. Þaraböðin í Sjávarsmiðjunni er áhugaverður viðkomustaður sem dregur að.

Fjöldi ferðamanna sem heimsækir Flatey hefur einnig aukist mikið á undanförunum árum og einkorðast ferðamannatíminn nánast við sumartímann og algengast er að ferðamenn stoppi þar í nokkra

klukkutíma á milli ferða ferjunnar. Ferðamenn sækjast eftir því að upplifa gamla tíma í vel varðveittu þorpinu og einstaka náttúruna og landslag.

#### Ferðaleiðir og áfangastaðir

Í áfangastaðaáætluninni er Reykhólahreppur og Strandabyggð skilgreind sem eitt af þremur undirsvæðum Vestfjarða og rímar það vel við svæðisskipulag sveitarfélaganna tveggja auk Dalabyggðar. Í því er skilgreint leiðarkerfi fjögurra ferðaleiða með vinnuheitin: Breiðafjarðarleið, Dalaleið, Vesturslaufan og Strandaleið. Leiðirnar geta myndað lykjur út frá Vestfjarðaleiðinni<sup>82</sup> sem áfangastaðaáætlunin skilgreinir.



Mynd 23. Vestfjarðaleiðin.<sup>83</sup>

<sup>80</sup> Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030.

<sup>81</sup> Drög að Áfangastaðaáætlun Vestfjarða 2020.

<sup>82</sup> Vestfjarðaleiðin.

<sup>83</sup> Vestfjarðaleiðin að sumri.


Í svæðisskipulaginu eru mögulegum sögupráðum fyrir hverja leið lýst út frá sérkennum í náttúru, landslagi og sögu. Einnig eru skilgreint kerfi áfangastaða og áningarstaða. Gert er ráð fyrir að þorpin, Reykhólar, Búðardalur, og Hólmavík, séu lykiláfangastaðir (kallaðar svæðisstöðvar) og er það í samræmi við áherslur áfangastaðaáætlunar á uppbyggingu ferðapjónustu í bæjarkjörnum Vestfjarða og á heildstæðar þorpsmyndir. Með stefnunni er leitast við að fjölga ferðamönnum sem nýta sér þá þjónustu sem þar er fyrir og styðja um leið við þjónustu sem íbúar njóta.

Stefna svæðisskipulags miðar að því að með frekari þróun sérstöðu hvers þorps (s.s. jarðhita, þara, salts, galdra, sjávarútvegs, sauðfjár og bænda-/Íslendingasögu) verðu þau ómissandi viðkomustað á ferð um Vestfirði.

Í leiðakerfinu er gert ráð fyrir fjórum tegundum stöðva, þær eru (sjá mynd á næstu síðu):

- Skiptistöðvar þar sem hægt er að fara á milli leiða.
- Svæðisstöðvar þar sem margvísleg þjónusta er í boði.
- Þjónustustöðvar þar sem einhver þjónusta er í boði.
- Áningarstöðvar þar sem eru áhugaverðir staðir eða hægt er að stöðva bíl, borða nesti og njóta hvíldar og útsýnis.

Í aðalskipulaginu er Breiðafjarðarleiðin þróuð áfram sem lykilferðaleið innan Reykhólahrepps. Hún liggur eftir strönd, fyrir mynni dala og botn fjarða, með útsýni til skerja og eyja á aðra veginn en sveita og fjalla á hina. Á leiðinni er fjölbreytt landslag og meðfram henni er byggð í sveitum tenging að Reykhólum þar sem sækja má ýmsa þjónustu (sjá skýringarmynd í kafla 6.3.1).



Mynd 24. Ferðaleiðakerfi svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.

Stefna svæðisskipulagsins um þema og sögupræði til nánari útfærslu við vörubróun, uppbyggingu, kynningu og markaðssetningu er:

- Þema: Hlunnindabúskapur við strönd og í fjörðum í grennd við síbreytilegt eyja- og skerjalandslag með mögnuðu lífríki.
- Sögupræðir: Fuglar, hlunnindi til sjávar, hlunnindanýting, lífríki í grunnsævi og neðansjávar, þari, salt, jarðhiti, þjóðsögur tengdar sjávarnytjum.

Í svæðisskipulaginu er lagt upp með að á leiðinni verði sett upp fuglaskýli á völdum stöðum í samráði við landeigendur og ferðapjónustuaðila og er kortlagning fulgaskoðunarstaða sem og heildstæð hönnun og uppbygging fuglaskoðunaraðstöðu ásamt miðlun upplýsinga skilgreint sem verkefni í aðgerðaráætlun áfangastaðaáætlunar

Stefna svæðisskipulagsins er að unnið verði að því að bæta vegi og að leiðin verði greiðfær allt árið um kring. Búðardalur og Reykhólar verði lykilverðkomustaðir á leiðinni.

### Staðarmótun og staðarandi

Í stefnumótun vestfirskrar ferðapjónustu 2016-2020 er dregin fram eftirfarandi sérstaða;

- Einstök náttúra, friðsæld og öðruvísi upplifun.
- Nálægð við einstaka náttúru: Friðlönd, fossar, fjöll, firðir, hreinleiki og dýralíf.
- Einstök friðsæld: Afskekkt, fámenni, rólegheit, víðátta og kyrrð
- Öðruvísi upplifun: Við erum ævintýragjörn, sjálfbær, skapandi, menningarleg og dularfull.

Við hönnun áfanga- og áningarstaða er tækifæri til að draga fram sérstöðu í landslagi, sögu og menningu og bjóða upp á upplifun, s.s. með bílastæðum, borðum og bekkjum, merktum göngu-, hjóla- og reiðleiðum, í samræmi við áherslur áfangastaðaáætlunar um uppbyggingu

gæðaáfangastaða.<sup>84</sup> Réttir er hægt að nota sem áningarstað, t.d. fyrir nestisstopp. Vaðalfjöllinn eru einstök og áhugaverð til útivistar og Króksfjarðarnes er áhugaverður staður ekki síst m.t.t. þess að vera hlið inn á Vestfirðina. Á svæðinu eru staðir sem bjóða upp á einstakt útsýni og má þar nefna Skálanes og Hjallaháls í Gufudalssveit.

### Staðarandi Reykhóla

Í greiningu á auðlegð og sérstöðu Reykhóla sem Reykhólahreppur lét vinna árið 2014 í samráði við íbúa, var staðaranda Reykhóla lýst út frá fimm þemum sem hvert um sig býður upp á eftirminnilega upplifun og möguleika til hagnýtingar í ferðapjónustu.<sup>85</sup>

- Saga og menning vísar til þess að Reykhólar koma oft við sögu að fornu og nýju.
- Lífríki og landslag vísar í fingert samspil klapparholta, tjarna og mýrarfláka ásamt lífinu sem þar þrífst, innrammað af fjallahring.
- Orka birtist sem sýnilegur jarðvarmi, bæði náttúrulegur og sem hagnýt auðlind.
- Strönd er þar sem sjávarföllin gerbreyta umhverfinu tvisvar á sólarhring.
- Ævintýri eru það sem gerist þegar íbúar og gestir uppgötva allan fjölbreytileikann þrátt fyrir að hann láti lítið fyrir sér.

Ýmsir snertifletir eru milli sjávarnytja og ferðapjónustu og má nefna sem dæmi að á Reykhólum er boðið upp á þaraböð með þara unnum í Þörungaverksmiðjunni.<sup>86</sup> Unnið hefur verið að uppbyggingu heilsutengdrar ferðapjónustu til að auka fjölbreytni í atvinnulífi og liggur fyrir samþykkt deiliskipulag þar sem mótuð hefur verið framtíðarsýn með áherslu á skipulag og hönnun vistvæns áfangastaðar fyrir ferðamenn jafnt sem íbúa og stuðla að jákvæðri upplifun á svæðinu allt árið um kring<sup>87</sup>. Í samræmi við þessa þróun var í svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og

<sup>84</sup> Meginmarkmið í [Drög að Áfangastaðaáætlun Vestfjarða 2020](#).

<sup>85</sup> Alta, 2014. [Staðarandi Reykhóla](#). Greining og tillögur.

<sup>86</sup> [Vefur Markaðsstofu Vestfjarða](#), efni sótt 7.5.2020.

<sup>87</sup> Reykhólahreppur, 2016. Deiliskipulag. Útivistarsvæði og sjávarböð.


Strandabyggðar mörkuð stefna um að Reykhólar þróist áfram sem þarabaðstaður.

### Göngu- og reiðleiðir

Í svæðisskipulagi er gert ráð fyrir að þróaðar verði göngu-, hjóla-, reið- og kayakleiðir út frá ferðaleiðum fyrir akandi. Þá er í áfangastaðaáætlun er lögð áhersla á þróun afþreyingar sem byggir á sérstöðu náttúrunnar og viðhald sérkennis svæðis og náttúru. Í samræmi við þessar áherslur hefur Vestfjarðastofa verið að vinna að kortlagningu göngu- og hjólaleiða víðsvegar á Vestfjörðum, úrbætur á merkingum og aðgengi ásamt miðlun leiða og upplýsinga. Reykhólahreppur hefur unnið að uppbyggingu útivistarleiða í samræmi við þær tillögur sem voru lagðar fram í skýrslunni Staðarandi Reykhóla. Fjallað er um útivistarleiðir í kafla 9 um útivist og afþreyingu.

### Önnur atvinnustarfsemi

Auk starfa við landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu, hefur verktakaiðnaður tengdur snjómokstri og framkvæmdum ýmiskonar talsvert vægi í atvinnulífi Reykhólahrepps.<sup>88</sup>



Mynd 25. Áhugaverðir viðkomustaðir í og við Reykhóla.<sup>89</sup>

<sup>88</sup> Munnleg heimild, fundur skipulags-, bygginga-, húsnæðis-, og hafnarnefndar, 7.5.2020.

<sup>89</sup> Alta, 2014. [Staðarandi Reykhóla](#). Greining og tillögur.



## 6.3 Markmið

### 6.3.1 Sveitarfélagið í heild

#### Landbúnaður:

- Sauðfjárbúskapur verði áfram helsta aðalsmerki héraðsins og megingrein landbúnaðar á svæðinu. Lögð verði áhersla á nýsköpun í eflingu og þróun hans.
- Staðinn verði vörður um hreinleika svæðisins, þau náttúrugæði og auðlindir sem landbúnaðarframleiðsla og aukabúgreinar í dreifbýli byggja á og þær nýttar með sjálfbærum hætti.
- Stuðlað verði að því að sveigjanleiki sé til að stunda aukabúgreinar á landbúnaðarsvæðum.
- Stuðlað verði að varðveislu góðs ræktarlands á landbúnaðarsvæðum í samræmi við landsskipulagsstefnu og leiðbeiningar um flokkun.
- Nytjaskógrækt á landbúnaðarsvæðum felst í framleiðslu skógarafurða, skjólbeltum og annarri hagnýtingu trjágróðurs til landbóta og fegrunar, auk landgræðslu og kolefnisbindingar.

#### Sjávarnytjar:


- Stuðlað verði að sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda og tryggt að hreinleiki, heilbrigði, líffræðileg fjölbreytni og framleiðslugeta haf- og strandsvæða viðhaldist.
- Unnið verði að eflingu rannsókna og nýsköpunar með áherslu á þang og þara.
- Gert verði ráð fyrir að auknu svigrúmi fyrir hafnsækna starfsemi við Reykhólahöfn og starfsemi tengd nýtingu sjávarauðlinda.

#### Ferðaþjónusta:

- Ferðaþjónusta eflist sem heilsársatvinnugrein og sem aukabúgrein.
- Jarðhiti og sérkenni í sögu, lífríki og landslagi verði nýtt til uppbyggingar í ferðaþjónustu og við umhverfismótun og mannvirkjagerð verði leitast við að styrkja þau sérkenni og staðaranda sem þau hafa skapað. Sjá í samhengi við markmið og skilmála í 8. kafla um landslag og lífríki.
- Þróun ferðaleiða taki mið af stefnu svæðisskipulags. Lögð verði áhersla á að þróa ferðaleið meðfram ströndinni með sterkri tengingu við Vestfjarðaleiðina ásamt með tengingu við styttri og lengri akstur- og útivistarleiðir í grennd hennar. Unnið verði að því að á fjölga vönduðum og áhugaverðum áningarstöðum á leiðinni, þar sem kostur er að njóta landslags og lífríkis svæðisins, og komast í snertingu við mannlíf þess og sögu. Á leiðinni verði sett upp fuglaskoðunarskýli á völdum stöðum. Staðir fyrir skýlin verði ákveðnir í samráði við landeigendur og ferðaþjónustuaðila. Hönnun skýlanna taki mið af landslags hvers staðar, m.t.t. staðsetningar, efnis, lita og forms.
- Unnið verði að því að bæta aðstöðu fyrir móttöku ferðafólks á Reykhólum og í Flatey.
- Haldið verði opnum þeim möguleika að Reykhólahreppur verði áfangastaður siglinga ferðamanna um Breiðafjörð.

#### Aðrar atvinnugreinar:

- Önnur atvinnustarfsemi eflist, s.s. tengd framkvæmdum, tækni, skapandi greinum og rannsóknum.



Mynd 26. Ferðaleiðir í Reykhólahreppi. Ferðaleiðir um þjóðvegi og aðra vegi sem teljast greiðfærir eða seinfærir skv. tillögu Reykhólahrepps að flokkun vega í samræmi við reglugerð um vegi í náttúru Íslands.<sup>90</sup>

<sup>90</sup> [Reglugerð um vegi í náttúru Íslands.](#)

### 6.3.2 Reykhólar

#### Sjávarnytjar:

- Jarðhiti verði nýttur til margskonar framleiðslu úr staðbundnum auðlindum sjávar og grunnsævis svæðisins. Rannsóknir og nýsköpun á sviði sjávarnytja eflist. Svigrúm verði fyrir vöxt núverandi iðnaðar- og athafnastarfsemi og í boði verði lóðir fyrir nýja starfsemi, einkum þá sem getur nýtt sér hafnaraðstöðu, jarðhita og aðrar auðlindir sveitarfélagsins til lands og sjávar.

#### Ferðapjónusta:

- Góð aðstaða verði fyrir móttöku ferðafólks við þá ferðapjónustu sem er starfrækt í þorpinu.

#### Sjávarnytjar og ferðapjónusta:

- Sterk tengsl verði á milli sjávarnytja, ferðapjónustu og menningarstarfsemi.
- Stuðlað verði að því að Reykhólar þróist áfram sem þarabaðstaður.

#### Staðarmótun og staðarandi:

- Stuðlað verði að uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn sem fellur vel að staðaranda Reykhóla.

#### Ferðaleiðir og áfangastaðir:

- Lögð verði áhersla á áframhaldandi uppbyggingu útivistarleiða sem tengir saman áhugaverða viðkomustaði í og við Reykhóla (sjá nánar um útfærslu gönguleiða í kafla 9.3.2).

#### Aðrar atvinnugreinar:

- Búið verði vel að annarri atvinnustarfsemi, s.s. tengdri framkvæmdum, tækni, skapandi greinum og rannsóknum.

### 6.3.3 Flatey

#### Landbúnaður og nýting hlunninda:

- Landbúnaður og nýting hlunninda verði í sátt við umhverfið.

#### Ferðapjónusta:

- Ferðapjónusta þróist innan þolmarka náttúru og mannlífs og umhverfisvænar áherslur séu í öndvegi við þróun hennar.
- Stuðla verði að uppbyggingu sjálfbærrar ferðapjónustu og innviða sem byggist á sögunni og náttúrunni og styrki enn frekar staðarandann í Flatey. Sjá í samhengi við markmið og skilmála um lífríki og landslag í 8. kafla.

#### Ferðaleiðir og áfangastaðir:




- Stuðlað verði að uppbyggingu gönguleiða og áfangastaða sem segja sögu lands, lífríkis og búsetu og nýtast jafnt íbúum sem gestum, dreifa álagi og beina umferð frá viðkvæmum svæðum. Unnið verði að hönnun og uppsetningu fræðsluskilta og merkinga þar sem við á (sjá nánar um útfærslu gönguleiða í kafla 9.3.3).

## 6.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokk og landnotkunarreiti

### 6.4.1 Landbúnaðarsvæði (L)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfænað, matvæla- og fóðurframleiðslu.



Mynd 27. Landbúnaðarsvæði.

## Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 6.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um landnotkunarflokkinn landbúnaðarland sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.

- Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir mannvirkjum og starfsemi sem tengist búrekstri og öðrum landbúnaðarnotum.
- Gert er ráð fyrir að á landbúnaðarsvæðum séu mannvirki fyrir samfélagsþjónustu sem eru í lítilli eða stopulli notkun, svo sem fjárréttir, sveitakirkjur og grafreitir.
- Heimilt er að reisa önnur minniháttar mannvirki sem þjóna landbúnaði, útivist, náttúruskoðun eða hlunnindanýtingu.
- Gert er ráð fyrir að á landbúnaðarsvæðum séu nauðsynlegir innviðir með tilheyrandi minniháttar mannvirkjum fyrir sorphirðu, vatnsöflun (þ.m.t. borholur), veitu- og fjarskiptakerfi enda falli mannvirki af þessu tagi vel að landi og séu lítt áberandi.
- Minniháttar efnistaka er heimil á lögbýlum vegna þarfa landbúnaðarins enda fari hún fram utan svæða sem njóta verndar skv. 61. grein náttúruverndarlaga.
- Við mannvirkjagerð skal forðast að spilla góðu akuryrkjalandi skv. mati í samræmi við flokkun eftir leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar skal metið hve vel land hentar til akuryrkju í samræmi við leiðbeiningarnar um flokkun landbúnaðarlands og þess verði gætt að gott akuryrkjuland spillist ekki á óafturkræfan hátt að óþörfu. Leitast skal við að vernda landbúnaðarland sem flokkast sem mjög gott ræktunarland.
- Leitast skal við að raska ekki náttúrulegu landslagi að óþörfu heldur beina uppbyggingu á þegar röskuð svæði.
- Framræsing votlendis er ekki heimil á landbúnaðarsvæðum nema hún sé forsenda akuryrkju. Við ákvörðun um framræslu verði tekið mið af vistkerfum sem falla undir 61.gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Stuðla skal að því að að halda strönd, fjörum og grunnsævi í náttúrulegu ástandi eins og kostur er og að nýting auðlinda strandarinnar sé sjálfbær. Stór hluti Breiðafjarðar er verndaður með lögum um vernd Breiðafjarðar og nær verndunin til langflestu eyja, hólma og skerja í firðinum (sjá kafla 8.4.2 um landnotkunarflokkinn vötn, ár, sjór).
- Næst ströndinni þarf að taka tillit til flóðahættu vegna loftslagsbreytinga við hæðarsetningu mannvirkja.
- Varnir vegna náttúruváru eru heimilar (sjá markmið um náttúruvá í kafla 12.3).
- Huga þarf að ákvæðum skipulagsreglugerðar um mannvirkjagerð nálægt vegum, ám, vötnum og sjó.
- Gögn vegna útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis skulu sýna fram á að gætt hafi verið að varðveislu ræktarlands, menningarminja, vatnafars, jarðmyndana og viðkvæmra vistkerfa og engu slíku spillt að nauðsynjalausu. Sama aðgát skal höfð þegar land er brotið undir nýrækt.

**Sértækir skilmálar**

Auk markmiða í kafla 6.3 og almennra skilmála gilda eftirfarandi skilmálar um einstök landbúnaðarsvæði sem afmörkuð eru á skipulagsuppdráttum.

| Auðkenni                         | Lýsing   | Skilmálar   |
|----------------------------------|--|---|
| <p><b>L-1</b><br/>29167,1 ha</p> | <p><b>Landbúnaðarland á fastalandi utan þéttbýlismarka</b></p> | <p>Heimilt að reisa allt að þrjú íbúðarhús, án tengsla við búskap, á hverju lögbýli, auk þeirra íbúðarhúsa sem tilheyra búrekstrinum. Slík hús skulu ávallt standa á sérstaklega afmörkuðum lóðum. Leitast skal við að staðsetja ný íbúðarhús þannig að þau nýti heimreið sem fyrir er.</p> <p>Heimilt að reisa allt að þrjú frístundahús á hverju lögbýli. Mælst er til að húsin séu í nágrenni hvert við annað fremur en stök á víðavangi. Húsin skulu ætíð standa á sérstaklega afmörkuðum lóðum.</p> <p>Heimilt er, þar sem aðstæður leyfa á hverju lögbýli, að hafa sérhæfðar byggingar, allt að 1500 m<sup>2</sup>, fyrir ferðaþjónustu, þ.e. gistiheimili og byggingar fyrir veitingarekstur. Umfangsmeiri rekstur sem krefst stærri bygginga kallar á afmörkun verslunar- og þjónustusvæðis eða afþreyingar- og ferðamannasvæðis.</p> <p>Heimilt er að reisa smávirkjanir allt að 200 kW.</p> <p>Öll mannvirkjagerð og skógrækt á landbúnaðarsvæðum taki tillit til landslagseinkenna, mikilvægra kennileita, náttúrulegra birkiskóga verðmætra vistkerfa og búsvæða, s.s. votlendis og svæða sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, fjarlægðar frá ám og vötnum, svæða sem henta vel til tún- eða kornræktar, nærliggjandi landnotkunar, fornleifa og annarra búsetuminja.</p> <p>Í umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar komi fram hvernig tekið er mið að flokkun landbúnaðarlands (sbr. umfjöllun um flokkun landbúnaðarlands í kafla 6.2 ) og tekið tillit til staðháttu, s.s. merkilegra náttúru- og menningarminja, landslagsgerða, fjarlægðar frá vatnsbökkum, veitum og samgönguæðum og til stefnu svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar og þessa aðalskipulags. Vísað er í markmið aðalskipulagsins um landslag í kafla 8.3.1.</p> |

|                                |  |   |
|--------------------------------|--|---|
| <p><b>L-2</b><br/>22,5 ha</p>  | <p><b>Landbúnaðarland í Flatey</b></p>             | <p>Um Flatey gilda ákvæði laga um vernd Breiðafjarðar og stefna og skilmálar í verndaráætlun Breiðafjarðar.</p> <p>Heimilt að reisa allt að þrjú íbúðarhús, án tengsla við búskap, á hverju lögbýli, auk þeirra íbúðarhúsa sem tilheyra búrekstrinum. Slík hús skulu ávallt standa á sérstaklega afmörkuðum lóðum. Leitast skal við að staðsetja ný íbúðarhús þannig að þau nýti heimreið sem fyrir er.</p> <p>Heimilt að reisa allt að þrjú frístundahús á hverju lögbýli. Mælst er til að húsin séu í nágrenni hvert við annað fremur en stök á víðavangi. Húsin skulu ætíð standa á sérstaklega afmörkuðum lóðum.</p> <p>Hluti landbúnaðarsvæðisins í Flatey er innan svæðis sem hefur verið skilgreint sem verndarsvæði í byggð og gilda um það ákvæði laga um verndarsvæði í byggð og er svæðið á þeim grunni skilgreint sem hverfisverndarsvæði, sjá ákvæði hverfisverndar í kafla 8.4.3.</p> <p>Austurhluti Flateyjar er friðlýstur sem friðland á grundvelli laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í samræmi við friðlýsingarskilmála friðlandsins eru allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi og sjó innan friðlandsins háðar leyfi Reykhólahrepps sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010 og Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hefðbundin landnotkun ábúenda er heimil, þ.e. nýting æðarvarps, grasnytjar og fjárbeit svo sem verið hefur. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi við landnotkun. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun. Sjá ákvæði í kafla 8.4.4.</p> |
| <p><b>L-3</b><br/>316,9 ha</p> | <p><b>Landbúnaðarland innan þéttbýlismarka</b></p> | <p>Gert er ráð fyrir hefðbundinni nýtingu en ekki nytjaskógrækt. Heimilt er að byggja frístundahús, en huga skal að samræmi við stefnu aðalskipulagsins um þróun þéttbýlis, sjá kafla 4.1 og 4.3.2.</p>   |

|                                |  |   |
|--------------------------------|--|---|
| <p><b>L-4</b><br/>102,9 ha</p> | <p><b>Svefneyjar, Skálaeyjar, Sviðnur og Hvallátur</b></p> | <p>Um eyjar, hólma og sker gilda ákvæði laga um vernd Breiðafjarðar og stefna og skilmálar í verndaráætlun Breiðafjarðar.</p> <p>Við leyfisveitingar til framkvæmda skal hafa að leiðarljósi:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um vernd Breiðafjarðar eru framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum leyfilegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminum eða lífríki.</li><li>• Þegar fjallað er um í hvaða eyjum er leyfilegt að byggja og hvar, þá er eðlilegt að skoða hvort þar hafi verið byggt áður og hvort um sé að ræða mannvirki tengd hefðbundnum hlunnindanytjum. Skoðun á byggingarsögu eyjanna ætti að vera forsenda framkvæmda og leiðbeinandi varðandi úrlausnir.</li></ul> <p>Leggja ber áherslu á að byggja í anda þeirrar hefðar sem verið hefur í eyjunum. Samkvæmt 3 mgr. 6. gr. laga nr. 54/1195 um vernd Breiðafjarðar þá er bent á að framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, eru leyfilegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminum eða lífríki að mati Umhverfisstofnunar eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar er að ræða.</p> |
|--------------------------------|--|---|



### 6.4.2 Athafnavæði (AT)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér pungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.



Mynd 28. Athafnasvæði.

### Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 6.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um þau svæði fyrir athafnasvæði sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.

- Vanda skal umhverfisfrágang og umgengni á lóðum þannig að ásýnd verði sem snyrtilegust.

### Sértækir skilmálar

Auk markmiða í kafla 6.3 gilda og almennra skilmála eftirfarandi skilmálar um þau athafnasvæði sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.

| Auðkenni              | Lýsing   | Skilmálar   |
|-----------------------|--|---|
| <b>AT-2</b><br>0,8 ha | <b>Tröllendi, Flatey</b><br><i>Í gildi er deiliskipulag athafnasvæðis við Tröllenda í Flatey, samþ. árið 2016. Í því er komið fyrir fjórum lóðum. Skilgreind er lóð fyrir gamlan gamlan geymsluskúr sem stendur vestan fiskvinsluhúss, vatnstank, olútank, mastur og lóð undir nýbyggingu norðaustast á svæðinu.</i> | Heimild er fyrir byggingu gistiaðstöðu fyrir starfsfólks atvinnufyrirtækja í Flatey.<br>Vegna aðstæðna í Flatey skal leitast við að spara orku og neysluvatns.<br>Áhersla skal lögð á góðan umhverfisfrágang og að allar framkvæmdir falli vel að umhverfinu og þeirri byggð sem fyrir er.<br>Skilmálar fyrir stærðir lóða, byggingarreita og bygginga eru settir í deiliskipulagi. |
| <b>AT-4</b><br>7,2 ha | <b>Athafnasvæði við Suðurbraut, Reykhólum</b><br><i>Á svæðinu er aðstaða sem tengist athafnastarfsemi í sveitarfélaginu, t.d. aðstaða björgunarsveitar, slökkvistöð, verkstæði. Á svæðinu er söfnunarstaður fyrir ýmsan stærri úrgangs sem fellur til, s.s. bílhræ.<br/>Deiliskipulag er ekki í gildi.</i>           | Reiturinn er ætlaður fyrir aðstöðu sem tengist athafnastarfsemi.<br>Svigrúm er fyrir 2-3 nýjar lóðir fyrir athafnastarfsemi syðst á svæðinu, þ.m.t. rannsóknar- og þróunarstarfsemi tengda auðlindum svæðisins.   |
| <b>AT-6</b><br>0,3 ha | <b>Athafnasvæði vestan Barmahlíða, Reykhólum</b><br><i>Á reitnum eru tvær byggingar þar sem starfrækt er framleiðsla og ferðaþjónusta.<br/>Deiliskipulag er ekki í gildi.</i>  |   |

### 6.4.3 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.



Mynd 29. Afþreyingar- og ferðamannasvæði.

### Sértækir skilmálar

Auk markmiða í kafla 6.3 gilda eftirfarandi skilmálar um afpreyingar- og ferðamannasvæði sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.

| Auðkenni              | Lýsing   | Skilmálar   |
|-----------------------|--|---|
| <b>AF-2</b><br>0,3 ha | <b>Krákuvör, Flatey</b><br><i>Tjaldsvæði á túni suðvestur af Krákuvör.</i> | Reiturinn er ætlaður fyrir tjaldsvæði og aðstöðu því tilheyrandi. |
| <b>AF-4</b><br>3,0 ha | <b>Tjaldsvæði í Djúpadal</b>   | Reiturinn er ætlaður fyrir tjaldsvæði og aðstöðu því tilheyrandi. |
| <b>AF-6</b><br>0,9 ha | <b>Tjaldsvæðið í Reykhólabyggð</b>   | Reiturinn er ætlaður fyrir tjaldsvæði og aðstöðu því tilheyrandi. |

## 7 Samfélagsþjónusta og menningarlíf



### 7.1 Meginmarkmið

Að skipulag skapi góða umgjörð fyrir samfélagsþjónustu og menningarlíf.

Til að stuðla að þessu **meginmarkmiði** eru í kafla 7.3 sett fram **markmið** um:

- Samfélagsþjónusta
- Verslun og þjónusta
- Stíga í þéttbýli

**Heimsmarkmið** sem tengjast þessu meginmarkmiði



Til að stuðla að þeim markmiðum eru í kafla 7.4 settir **almennir skilmálar** og **sértækir skilmálar** fyrir svæði sem falla í eftirfarandi landnotkunarflokka:

- Verslun og þjónusta (VP)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Vegir, götur og stígar (VE)

Í kafla 7.2 er gerð grein fyrir helstu **forsendum** markmiða og skilmála.

## 7.2 Forsendur

Auk þess að vera iðnaðarþorp gegna Reykhólar mikilvægu hlutverki sem eini þjónustukjarni sveitarfélagsins. Þar er stjórnýsla sveitarfélagsins, grunnskóli, leikskóli, hjúkrunarheimili, sundlaug, íþróttahús og kirkja. Störf við opinbera þjónustu hafa mikið vægi í atvinnulífinu, einkum Reykhólaskóla og dvalarheimilið Barmahlíð. Menningararfur sem snýr að bændasamfélagi, sjávarnytjum og tengslum manns og sjávar á svæðinu er merkilegur. Söfn, sýningar og handverksmarkaður gefa tækifæri til að koma vörum úr héraði á framfæri.

Í Reykhólaskóla voru haustið 2020 um 36 nemendur á leik- og grunnskólastigi. Skólahúsnæðið er talið geta mætt mögulegri fjölgun nemenda, en byggingin er hins vegar í slæmu ásigkomulagi og er þörf á endurnýjun.

Á Reykhólum er hjúkrunarheimili, en heimilið hefur 13 hjúkrunarrými og 2 í dvalarrými.<sup>91</sup> Barmahlíð uppfyllir ekki nútímakröfur og er talin þörf á nýrri uppbyggingu með svigrúmi fyrir þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara.

Skrifstofa sveitarfélagsins er í stjórnýsluhúsinu við Maríutröð. Héraðsbókasafn Reykhólahrepps er í gamla leikfimisalnum í Reykhólaskóla.<sup>92</sup> Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) starfrækir heilsugæslu í Búðardal, en hægt er að sækja heilsugæsluþjónustu á Reykhólum einu sinni í viku.<sup>93</sup>

Rekstur verslunar á Reykhólum hefur gengið erfiðlega enda þorpið lítið, ekki í alfaraleið og í innan við klukkustundarakstri frá Hólmavík og Búðardal. Forsendur fyrir verslun og aðra einkaþjónustu hafa því verið veikar en horft er til þess að þær geti styrkst með fjölgun ferðamanna til Íslands og eflingu ferðaþjónustu á staðnum.

<sup>91</sup> VSÓ Ráðgjöf (2019). Reykhólahreppur. [Húsnæðisáætlun 2019-2027](#).

<sup>92</sup> [Vefur Reykhólahrepps](#), efni sótt 7.5.2020.

<sup>93</sup> [Vefur Heilbrigðisstofnunar Vesturlands](#), efni sótt 7.5.2020.

Reykhólahreppur starfrækir slökkvilið Reykhólahrepps, sem sinnir brunavörnum og eldvarnareftirliti.

Sex kirkjur er í sveitarfélaginu.

Ýmis áhugaverð söfn og sýningar eru í Reykhólahreppi. Þar má nefna Arnarsetrið, sem helgað er Íslenska haferninum, Dráttarvélasafnið á Grund og Dráttarvéla,- fornþíla- og smámunasafnið á Seljanesi sem bjóða upp á ýmsa skemmtilega sýningargripi. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum er í gamla samkomuhúsinu í sama húsi og upplýsingamiðstöð ferðafólks. Sýningin er helguð hlunnindanýtingu við Breiðafjörð, allt frá fyrri tíð, en að hluta allt fram á þennan dag<sup>94</sup>.

Handverksfélagið Assa í Reykhólahreppi starfrækir handverksmarkað, nytjamarkað og bókamarkað í kaupfélagshúsinu gamla í Króksfjarðarnesi. Á markaðnum, sem er opinn á sumrin, er að finna fjölbreytt handverk og er áhugaverður viðkomustaður fyrir gesti.<sup>95</sup>

<sup>94</sup> [Vefur Reykhólahrepps](#), efni sótt 7.5.2020

<sup>95</sup> [Vefur Reykhólahrepps](#), efni sótt 7.5.2020

## 7.3 Markmið

### 7.3.1 Sveitarfélagið í heild

#### Samfélagsþjónusta:

- Íbúar njóti sem bestar nærþjónustu. Góðar samgöngur tryggi gott aðgengi að góðri heilbrigðis- og félagsþjónustu innan sveitarfélagsins og sérfræðiþjónustu sem þarf að sækja út fyrir sveitarfélagið.

### 7.3.2 Reykhólar

#### Samfélagsþjónusta

- Samfélagsþjónusta verði áfram byggð upp í miðkjarna þorpsins á Reykhólum. Tryggt verði nægjanlegt rými fyrir framtíðarþróun skólstofnana miðsvæðis og vanda skal umhverfisfrágang þannig að aðstæður til leikja, íþróttar og annarrar útiveru séu sem bestar.

#### Heilbrigðisþjónusta:

- Unnið verði að endurnýjun hjúkrunarheimilisins sem og uppbyggingu þjónustuíbúða á Reykhólum.

### 7.3.3 Flatey

#### Samfélagsþjónusta



- Kirkju og kirkjusvæði verði vel við haldið.

## 7.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokk og landnotkunarreiti

### 7.4.1 Verslun og þjónusta (VP)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.



Mynd 30. Verslunar- og þjónustusvæði.



**Sértækir skilmálar um landnotkunarreiti:**

Auk markmiða sem skilgreind eru í kafla 7.3 gilda eftirfarandi skilmálar um þau verslunar- og þjónustusvæði sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.

| Auðkenni              | Lýsing  | Skilmálar  |
|-----------------------|---|--|
| <b>VP-1</b><br>5,0 ha | <b>Þjónustusvæði í landi Brekku</b><br><i>Reiturinn er austan megin við ána í Brekkudal.</i>  | Reiturinn er ætlaður fyrir fræðslustarfsemi, ferðapjónustu og útivist. Heimilt er að reisa allt að 2000 m <sup>2</sup> byggingu með aðstöðu fyrir fræðslustarfsemi, gístaðstöðu og aðstöðu fyrir veitingarekstur, ásamt aðkomuvegi og stígagerð, samkvæmt nánari afmörkun og skilmálum í deiliskipulagi. Leitast verði við að raska náttúru og landslagi sem minnst við framkvæmdir.   |
| <b>VP-2</b><br>8,6 ha | <b>Miðjanes - ferðapjónusta</b>   | Heimilt að byggja 12 einingar fyrir ferðapjónustu (hver eining allt að 35 m <sup>2</sup> ) og 4 frístundahús. Skilmálar fyrir stærðir lóða, byggingarreita og bygginga eru settir í deiliskipulagi.  |
| <b>VP-4</b><br>4,6 ha | <b>Heilsuhótel, Reykhólum</b><br><i>Í gildi er deiliskipulag fyrir útivistarsvæði og sjávarböð við Reykhóla, samp. 2016. Í því er gert ráð fyrir að uppbyggingu sjávarbaða í nánd við sjóinn og þarann ásamt gistingu og annarri þjónustu. Staðsetning Sjávarbaðanna við Laugavík á Titlingastaðarnesi undirstrikar sterka upplifum á sjávarföllum við ströndina.</i> | Reiturinn er ætlað fyrir heilsuhótel með allt að 80 herbergjum, allt að 4000 m <sup>2</sup> .<br>Taka skal tillit til landslags og náttúru á svæðinu og fella byggingar og önnur mannvirki vel að landslagi. Tryggja skal gott aðgengi að útivistarsvæðinu.  |
| <b>VP-6</b><br>1,0 ha | <b>Verslunar- og safnasvæði, Reykhólum</b><br><i>Á reitnum er verslunin Hólalúð og gamla samkomuhúsið þar sem Bata- og hlunnindasýningin er til húsa. Í tengslum við sýninguna hefur verið rekið kaffihús og í samkomuhúsinu er einnig upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Stjórnsýsluhús Reykhólahrepps er einnig á reitnum.</i>                                      | Reiturinn er ætlaður fyrir verslanir, ferðapjónustu (s.s. veitingar, gistingu og upplýsingagjöf), söfn, sýningar og ýmiskonar menningarstarfsemi sem og stjórnsýsluhúsi sveitarfélagsins. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins. Huga skal að skjólmyndun. Góður frágangur verði á svæðinu og góð tenging að og frá því fyrir gangandi og hjólandi.<br><br>Nýrri verslun og þjónusta verði beint á þetta svæði. |



|                                 |   |  |
|---------------------------------|---|--|
| <p><b>VP-8</b><br/>3,5 ha</p>   | <p><b>Álftaland, Reykhólum</b><br/><i>Reiturinn er austan Karlseyjarvegur, rétt eftir að beygt er af Reykhólasveitarvegi inn þorpið. Á reitnum er gistiheimilið Álftaland. Á reitnum er einnig geymsluskemmi. Við norðvesturhorn reitsins er skrifstofa sveitarfélagsins (reitur S-6). Sameiginleg aðkoma er að skrifstofunni og gistiheimilinu.</i></p>  | <p>Reiturinn er ætlaður fyrir ferðapjónustu (s.s. veitingar, gistingu og upplýsingagjöf), söfn, sýningar og ýmiskonar menningarstarfsemi.</p> <p>Við landslagsmótun og frekari mannvirkjagerð skal taka mið af legu reitsins við aðkomu í þorpið og nálægð við sveitarstjórnarskrifstofu og leitast við að nýta það tækifæri sem best til að marka kennileiti sem eins konar hlið inn í þorpið.</p>  |
| <p><b>VP-10</b><br/>12,3 ha</p> | <p><b>Bjarkalundur í Berufirði</b><br/><i>Reiturinn er ofan og neðan Vestfjarðavegar, miðja vegu á milli Berufjarðar og Þorskafjarðar, rétt eftir gatnamót við Reykhólasveitarveg. Í gildi er deiliskipulag frá 2003 m.br. samþ. 2007 sem nær til svæðis umhverfis Hótel Bjarkalund og Berufjarðarvatn. Deiliskipulagið afmarkar byggingarreit núverandi hótels og fyrir mögulega stækkun þess, reiti fyrir tjaldsvæði og smáhýsi, ásamt útvistarsvæði við vatnið. Deiliskipulagið nær einnig til 9 lóða fyrir sumarbústaði en með aðalskipulagsbreytingu árið 2010 var svæðið minnkað og lóðum fækkað úr 6 í 3 og í staðinn gert ráð fyrir 3 íbúðarhúsum. Deiliskipulagi hefur ekki verið breytt til samræmis.</i></p> | <p>Reiturinn er ætlaður fyrir ferðapjónustu (s.s. veitingar, gistingu og upplýsingagjöf), söfn, sýningar og menningarstarfsemi, ásamt frístundahúsum og íbúðarhúsnæði.</p> <p>Innan reitsins er heimild er fyrir hóteli með allt að 30 herbergjum. Innan reitsins er heimild fyrir tjaldsvæði og aðstöðu því tilheyrandi.</p> <p>Innan reitsins er heimild fyrir þremur íbúðarhúsum.</p> <p>Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 10 frístundahús.</p> <p>Skilmálar fyrir stærðir lóða, byggingarreita og bygginga eru settir í deiliskipulagi.</p> |

|                                |  |   |
|--------------------------------|--|---|
| <p><b>VP-12</b><br/>4,0 ha</p> | <p><b>Króksfjarðarnes, ofan Þjóðveg</b><br/><i>Króksfjarðarnes var áður verslunar- og þjónustustaður við Þjóðveginn á nesinu milli Gilsfjarðar og Króksfjarðar. Gamla kaupfélagshúsið hefur síðustu ár verið nýtt fyrir Arnarsetur Íslands, nytjamarkað, kaffihús og upplýsingaþjónustu fyrir ferðafólk. Á svæðinu eru einnig 3 íbúðarhús.</i></p> | <p>Reiturinn er ætlaður fyrir ferðaþjónustu (s.s. veitingar, gistingu og upplýsingagjöf), söfn, sýningar og menningarstarfsemi, ásamt íbúðarhúsum og frístundahúsum.</p> <p>Innan reitsins er heimild fyrir gistipjónustu með allt að 30 herbergjum.</p> <p>Á reitnum er heimilt að deiliskipuleggja allt að 10 frístundahús.</p> |
|--------------------------------|--|---|

### 7.4.2 Samfélagsþjónusta (S)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.



Mynd 31. Svæði fyrir samfélagsþjónustu.

**Sértækir skilmálar um landnotkunarreiti**

Auk markmiða sem skilgreind eru í kafla 7.3 gilda eftirfarandi skilmálar um einstök samfélagsþjónustusvæði sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.

| Auðkenni                     | Lýsing   | Skilmálar  |
|------------------------------|--|--|
| <p><b>S-2</b><br/>0,6 ha</p> | <p><b>Flateyjarkirkja í Flatey og bókhlaða, Flatey</b><br/> <i>Á reitnum er kirkja og bókhlaða.<br/>                     Kirkjan í Flatey var byggð árið 1926, hún er steinsteypt og skreytt loftmyndum og altaristöflu eftir Baltasar.<br/>                     Bókhlaðan í Flatey er timburhús reist 1864.</i></p> | <p>Reiturinn er ætlaður fyrir kirkju og bókhlaðu. Húsin eru friðlýst hús, skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.</p> <p>Um svæðið gilda ákvæði laga um verndarsvæði í byggð og er svæðið þeim grunni skilgreint sem hverfisverndarsvæði HV-2 og settir eftirfarandi skilmálar:</p> <p>Unnið verði að því að vernda og styrkja svipmót byggðarinnar og viðhalda byggingarlistarlegu og menningarsögulegu gildi hennar, ásamt samspili við einstaka náttúru og landslag. Stuðlað verði að verndun og viðhaldi einstakra húsa sem og þorpsins sem heildar. Það verði gert með því að hlúa að fjölbreyttum bæjarrýmum og samspili við landslag, s.s. göturýmum og torgum í þorpinu og áhugaverðum sjónlínunum að kennileitum á eyjunni. Í skipulagi séu settir sveigjanlegir skilmálar sem svo nýta megi húsin sem best. Leggja skal áherslur á að endurgera og viðhalda húsum, umhverfi og almenningsrýmum með þeim hætti að það styrki heildarásýnd verndarsvæðisins og bæta það sem fyrir er og færa hús og mannvirki nær upphaflegri gerð eftir því sem tækifæri gefst.</p> <p>Stuðlað verði að vernd fornminja og landslagssérkenna sem bera vitnisburð um söguna. Tryggja vernd einstakrar náttúru, landslags og landslagsheilda. Það verði gert með því að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gera grein fyrir minjum og setja verndarákvæði um þær.</li> <li>• Skilgreina gönguleiðir og áfangastaði sem segja sögu lands, lífríkis og búsetu og</li> <li>• nýtast jafnt íbúum sem gestum, dreifa álagi og beina umferð frá viðkvæmum svæðum.</li> <li>• Hanna og setja upp fræðsluskilti og merkingar þar sem við á.</li> <li>• Bæta þjónustu við ferðamenn, s.s. salerni og ruslatunnur.</li> <li>• Tryggja samræmi við stefnu í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.</li> </ul> <p>Stuðlað verði að endurgerð og viðhaldið mannvirkja sem bæði eru merkilegar minjar og þjóna ennþá mikilvægu hlutverki, s.s. garðar og bryggjur. Frekari skilmálar skulu skilgreindir í deiliskipulagi.</p> |

|                               |   |  |
|-------------------------------|---|--|
| <p><b>S-4</b><br/>1,0 ha</p>  | <p><b>Skálmarneskirkja í Múlasveit</b><br/><i>Kirkja hefur verið í Skálmarnesi síðan um 1200 og var hún helguð heilögum Lárentíusi.</i></p>   |  |
| <p><b>S-6</b><br/>1,0 ha</p>  | <p><b>Gufudalskirkja í Gufudalssveit</b><br/><i>Kirkju í Gufudal er fyrst getið um 1200 en var kirkjan helguð Guði og hinum helga krossi í kaþólskum sið. Timburhús reist 1908. Höfundur Rögnvaldur Ólafsson arkitekt. Kirkjan er friðlýst.</i></p> | <p>Um friðlýst hús gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.</p>   |
| <p><b>S-8</b><br/>1,0 ha</p>  | <p><b>Staðarkirkja á Reykjanesi</b><br/><i>Sóknarkirkjan á Stað var lögð niður árið 1957 en kirkjan sjálf sem var reist 1864 stendur enn og er byggingin friðlýst.</i></p>  | <p>Um friðlýst hús gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.</p>   |
| <p><b>S-10</b><br/>5,6 ha</p> | <p><b>Barmahlíð</b><br/><i>Á svæðinu er hjúkrunarheimili, grunn- og leikskóli, kirkja og prestsbústaður.</i></p>  | <p>Reiturinn er ætlaður fyrir samfélagsþjónustu.<br/>Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem styrkja þjónustu sveitarfélagsins, þ.m.t. byggingu þjónustuíbúða fyrir eldri borgara.<br/>Huga skal að skjólmyndum og góðum umhverfisfrágangi.</p> |
| <p><b>S-12</b><br/>0,5 ha</p> | <p><b>Grettislaug, Reykhólum</b><br/><i>Sundlaugarsvæði.</i></p>  | <p>Reiturinn er ætlaður fyrir sundlaug.<br/>Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar.</p>  |
| <p><b>S-16</b><br/>1,0 ha</p> | <p><b>Garpsdalskirkja í Gilsfirði.</b><br/><i>Garpsdalur hefur verið kirkjustaður síðan snemma á öldum. Kirkjan sem nú stendur er úr timbri og járnklædd var byggð á árunum 1934-35 og vígð 16. júní 1935.</i></p>                                  |  |

### 7.4.3 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

**Skilgreining skipulagsreglugerðar**  
Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.



Mynd 32. Kirkjugarðar og grafreitir.

**Sértækir skipulagsskilmálar um landnotkunarreiti**

Auk markmiða sem skilgreind eru í kafla 7.3 gilda eftirfarandi skilmálar um þá kirkjugarða sem afmarkaðir eru á skipulagsuppráttum.

| Auðkenni             | Lýsing   | Skilmálar   |
|----------------------|--|---|
| <b>K-2</b><br>0,2 ha | <b>Kirkjugarður í Flatey</b><br><i>Aflagður kirkjugarður í Flatey.</i> | Kirkjugarðurinn er innan hverfisverndarsvæðis og verndarsvæðis í byggð og um hann gilda skilmálar verndarsvæðis í byggð, sjá skilmála fyrir Þorpið í Flatey í kafla 4.4.3 Svæði fyrir frístundabyggð. |
| <b>K-4</b><br>0,5 ha | <b>Kirkjugarður á Reykhólum</b>  | Reiturinn er ætlaður kirkjugarði og mannvirki honum tilheyrandi.<br>Umhverfisfrágangur og aðgengi akandi og gangandi skal vera í samræmi við hlutverk reitsins.                                       |



## 8 Landslag, minjar og lífríki



### 8.1 Meginmarkmið

Að skipulag og staðarmótun taki mið af sérkennum landslags, lífríkis og minja.

Til að stuðla að þessu **meginmarkmiði** eru í kafla 8.3 sett fram **markmið** um:

- Landslag og mannvirkjagerð
- Náttúru- og menningarminjar

**Heimsmarkmið** sem tengjast þessu meginmarkmiði



Til að stuðla að þeim markmiðum eru í kafla 8.4 settir **almennir skilmálar** og **sértækir skilmálar** fyrir svæði sem falla í eftirfarandi landnotkunarflokka:

- Óbyggð svæði (ÓB)
- Vötn, ár og sjór (V)
- Hverfisverndarsvæði (HV)
- Friðlýst svæði (FS)
- Minjavernd (MV)

Í kafla 8.2 er gerð grein fyrir helstu **forsendum** markmiða og skilmála.

## 8.2 Forsendur

### Landslag


Landslag er lykilþáttur í að móta staðaranda svæða. Fólk tengir oft sjálfsmynd við landslagsgerðir heimahaga sinna á sama tíma og ferðapjónustufyrirtæki nota landslag sem aðráttarafli fyrir ferðamenn. Þannig hefur landslag skapað sér sess sem mikilvæg auðlind.

Ísland er aðili að Evrópska landslagssáttmálanum. Með aðild að þessum sáttmála hefur Íslenska ríkið skuldbundið sig til að auka meðvitund og þekkingu á gildi og verðmæti landslags. Það felst m.a. í því að greina og meta landslag og þá þætti sem hafa áhrif á það og setja fram stefnu um gæði landslags.

Til að uppfylla ákvæði sáttmálans hefur Skipulagsstofnun gefið út viðauka við landsskipulagsstefnu þar sem sett er fram stefna um hvernig taka skuli tillit til landslag í skipulagsgerð. Þar er sveitarfélögum falið að taka mið af þeim gæðum sem felast í landslagi við ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar í skipulagsáætlunum. Lögð er áhersla á að aukið tillit sé tekið til landslags og að hönnun byggðar og bæjarrýmis efli þau verðmæti og gæði sem fólgin eru í landslagi.

Landslagshugtakið nær yfir bæði náttúrulega og menningarlega þætti og einnig upplifun af þeim (sjá mynd hér til hliðar). Það nær jafnt til óbyggðra svæða, dreifbýlis og þéttbýlis.

Skipulagsstofnun mun annast gerð og miðlun upplýsinga og leiðbeininga um staðarmótun og landslagsvernd í skipulagi sem sveitarfélög og aðrir hagaðilar geta notað við skipulagsgerð. Með þessu er verið að tryggja að staðsetning og útfærsla nýrra mannvirkja og byggðar, bæði innan og utan þéttbýlis, skapi góða umgjörð um mannlíf og starfsemi á hverjum stað og tekið er tillit til staðbundinna gæða landslags.



Mynd 33. Hvað er landslag?<sup>96</sup>

<sup>96</sup> Tillaga Skipulagsstofnunar að viðauka við landsskipulagsstefnu 2021. Myndin er þýdd og staðfærð úr: Christine Tudor, 2014. An approach to Landscape Character Assessment.

Fyrir liggur niðurstaða flokkunar og kortlagningar landslagsgerða á landsvísu<sup>97</sup>. Stærsti hluti sveitarfélagsins flokkast sem Pröngir jökulsorfnir firðir, fjalllendi og inndalir. Helstu einkenni eru brattir firðir með inndölum, sem einkennist af fremur litlu undirlendi og upp af fjarðarbotnum ganga brött fjöll. Sjávarþorp og -bæir og landbúnaður við sjávarsíðuna og í inndölum. Svæðið frá Gilsfirði að Reykhólum flokkast landslag sem breiðir firðir milli hárra fjalla. Slíkt landslag einkennist af því að vera nokkuð þéttbýlir firðir með inndölum sem teygja sig milli hárra fjalla, upp á háheiðar. Undirlendi er allmikið og gróið. Þar er dreifð byggð og stundaður landbúnaður. Fjarðarhásléttur má finna í norðaustanverðu sveitarfélaginu, sem eru flatar eða öldóttar heiðar ofan fjarða. Grýttar og gróðurlitlar en með fjölda smárra stöðuvatna. Frá jöðrum hásléttanna er útsýni yfir firði og út á sjó.

Skerja- og eyjalandslag við strendur Reykhólahrepps er sérstætt og strandmenningin einkennandi fyrir svæðið. Ósnortin nesin eru sérstæð, s.s. Svínanes og Bæjarnes og merkilegir náttúrulegir birkiskógar eru á svæðinu.

Á jörðinni Skógum í Porskafirði, fæðingarstað þjóðskáldsins Matthíasar Jochumssonar, vann bróðursonur hans Matthías Jochum Eggertsson að tilraunum í skógrækt. Unnið hefur verið að skógrækt á svæðinu síðan, en starfið í Skógum er nú unnið í samstarfi og undir leiðsögn Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Á svæðinu stendur fallegur gráreynir sem var útnefndur sem tré ársins 2020. Minnismerki um Matthías stendur við þjóðveginn.<sup>98</sup>



Mynd 34. Skóglendi í Reykhólahreppi.<sup>99</sup>

Menningarlandslag í dreifbýli Reykhólahrepps einkennist af sveitamenningu og sauðfjárbúskap. Sauðfjárbúskapur er ráðandi í landbúnaði, þekking á sauðfjárrækt er mikil og sauðfjárkynið og kjötið eftirsótt.<sup>100</sup> Svæðið er ómengað, snyrtilegt og kyrrlátt.<sup>101</sup>

### Reykhólar

Reykhólar eru á sléttlendi sunnan Reykjanessfjalls. Sléttlendi af því umfangi er ekki að finna annarsstaðar á Vestfjörðum og frá þéttbýlinu er tilkomumikil sýn yfir fjölda eyja og skerja og til Snæfellsjökuls. Sjóndeildarhringurinn er fagur og jafnframt síbreytilegur eftir veðri, sem og eftir sjávarföllum, en mikill munur á flóði og fjöru skapar nýtt samspil lands

<sup>97</sup> Efla/LUC. 2020. Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu.

<sup>98</sup> Bahá'í samfélagið á Íslandi.

<sup>99</sup> Gögn frá Skógræktinni

<sup>100</sup> Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030.

<sup>101</sup> Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030.

og sjávar á degi hverjum. Þörungafjörur og mikið votlendi í samspili við mólendi þar upp af,<sup>102</sup> eru kjörlendi ótalmargra fuglategunda.

Jarðvarminn setur jafnframt sterkan svip á þorpið og er heitt vatn víða á yfirborði í bænum, mest þó að vestan og sunnanverðu.<sup>103</sup> Svæðið suð-austan við þéttbýlið á Reykhólum er afar sérstætt og býður upp á útivist og náttúruupplifun, s.s. við Lómatjörn, Langavatn og Neðra-Vatn.

### Flatey

Flatey, sem er stærst Vestureyja, er flatlend eins og nafnið gefur til kynna. Eftir endilöngu miðbiki eyjarinnar rís 10-12 m hár hryggur og hallar landi frá honum að sjó til norðurs og suðurs. Eyjan er um 1850 m að lengd og breiðust um 400 m.<sup>104</sup>

Flatey á Breiðafirði er einstakt svæði á Íslandi vegna sérstæðrar náttúru, menningarminja og landslagsheildar. Auk þess sem byggingararfurinn hefur verndargildi er saga byggðar í eyjunni merkileg. Flatey á sér langa sögu og má rekja búsetu í Flatey aftur til landnáms og hefur þar verið náið samspil manns og náttúru sem einkennist af nýtingu hlunninda.

Flateyarkirkja, Bókhlaðan og Klausturhólar eru áberandi kennileiti, en þessi hús eru öll friðlýst. Fjöldmörg hús í þorpinu eru friðuð skv. aldursákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.<sup>105</sup>

### Minjavernd

Fimm hús eru friðlýst í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012:

- Staðarkirkja á Reykjanesi
- Gufudalskirkja

<sup>102</sup> Vistgerðakort NÍ.

<sup>103</sup> Alta, 2014. Staðarandi Reykhóla. Greining og tillögur.

<sup>104</sup> Framfarafélag Flateyjar. Sótt 26.5.2020 af [www.flatey.is](http://www.flatey.is)

<sup>105</sup> Alta (2018). Þorpið í Flatey á Breiðafirði. Tillaga að verndarsvæði í byggð. Reykhólahreppur.

- Klausturhólar Flatey. Timburhús
- Bókhlaðan í Flatey
- Félagshús í Flatey

Fornleifar hafa verið skráðar víða í sveitarfélaginu og eru friðlýstar fornleifar alls 15 samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Fornleifar teljast samkvæmt lögum hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri og njóta þær friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.<sup>106</sup>

Friðlýstar fornminjar og friðlýst hús koma fram á aðalskipulagsupprætti og í kafla um landnotkun undir minjavernd (MV), nema friðlýsingar sé getið í skilmálum sem eiga við um aðra landnotkun á viðkomandi stað. Að öðru leyti er skráning fornleifa tengd deiliskipulagi og leyfisveitingum. Minjastofnun veitir upplýsingar um það hvar minjar hafa verið skráðar. Á nokkrum svæðum hafa minjar verið skráðar skv. eldri stöðlum sem eru ekki fullnægjandi miðað við þær kröfur sem nú eru gerðar.

Þorpið var það staðfest sem verndarsvæði í byggð árið 2019 í samræmi við lög nr. 87/2015 vegna sögulegs og menningarlegs gildis. Verndarsvæðið nær til sama svæðis og er skilgreint sem hverfisverndarsvæði í Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 hafa aðalskipulagsákvæði verið endurskoðuð í samræmi við ákvæði fyrir verndarsvæðið í staðfestingu ráðherra. Skilgreining verndarsvæðis í byggð byggir á viðamikilli byggða- og húsakönnun<sup>107</sup> sem var gerð samhliða mótun fyrra aðalskipulags Reykhólahrepps árið 2006 og Fornleifaskrá frá árinu 2016.<sup>108</sup> Meginmarkmið skilmála á verndarsvæðinu er að byggð í Flatey beri vitni um ríka virðingu fyrir menningarverðmætum og lífríki. Einnig að vandað sé til viðhalds húsa, minja og landslags út frá

<sup>106</sup> [Lög um menningarminjar nr. 80/2012.](#)

<sup>107</sup> Guðmundur L. Hafsteinsson. 2006. Þorpið í Flatey á Breiðafirði. Byggða- og húsakönnun.

<sup>108</sup> Birna Lárusdóttur, Elín Ósk Hreiðarsdóttur og Garðar Guðmundssyni. 2016. Fornleifastofnun Íslands. Fornleifar í Flatey: Aðalskráning.

varðveislugildi en um leið leitast við að styðja við samfélag eyjarinnar, sbr. verndarskilmála.<sup>109</sup>

### Náttúruvernd

Í Reykhólahreppi eru ýmis svæði sem njóta verndar og um þessi svæði gilda ýmist sérlæg, náttúruverndarlög eða ákvæði aðalskipulags. Við ákvarðanir sem snúa að þróun svæðisins er lögð áhersla á að nýta og vernda þessi sérkenni í Reykhólahreppi og draga þau fram í stefnumótun. Myndin á bls. 98 gefur yfirlit yfir friðlýst svæði, vatnsverndarsvæði, svæði á C-hluta Náttúruminjaskrá, svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga og hverfisvernduð svæði skv. aðalskipulagstillögunni.

Kveðið er á um náttúruminjaskrá í lögum um náttúruvernd. Henni er skipt í þrjá hluta þar sem sá fyrsti (A) fjallar um þegar friðlýst svæði, annar (B) er um friðlýsingaráform og sá þriðji (C) tilgreinir aðrar mikilvægar náttúruminjar.

### Náttúruminjaskrá

Um friðlýsingar gilda ákvæði laga um náttúruvernd og stjórnýsla friðlýstra svæða er hjá ríkisvaldinu en framkvæmd og útfærsla friðlýsinga er í samráði við sveitarstjórnir. Afmarkanir friðlýstra svæða eru gefnar út af ríkisvaldinu en færðar inn á skipulagsupphætti, þótt þar sé ekki um eiginlegar skipulagsákvarðanir sveitarstjórna að ræða. Undantekningar frá þessu eru annars vegar fólkvangar, sem skv. lögum um náttúruvernd eru skilgreindir sem verndarsvæði að frumkvæði sveitarfélaga og hins vegar hverfisverndarsvæði en þau eru skipulagsákvörðun sveitarstjórna.

Austurhluti Flateyjar var friðlýstur árið 1975 vegna fuglaverndar. Stækkun friðlandsins var undirrituð í ágúst 2021. Með viðbótinni nú er stærð friðlandsins tvöfölduð, í 1,62 km<sup>2</sup>. Stækkunin er austan marka verndarsvæðis í byggð og nær til eyja, hólma og skerja suður af Flatey. Þar sem friðlandið nær í sjó fram tekur friðlýsingin til hafsbotns, lífríkis og vatnsbólts. Meginmarkmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstætt og

fjölbreytt lífríki svæðisins og búsvæði fugla, einkum varpsvæði fágætra fuglategunda, s.s. þórshana, kríu og lunda. Friðlandið hefur hátt vísinda- og fræðslugildi og er vel þekkt á meðal vísindamanna og fuglaáhugafólks. Búsvæði og lífríki í fjörum og í sjó er afar fjölbreytt og mikilvægt fæðusvæði margra fuglategunda<sup>110</sup>. Svæðið er búsvæði og varpsvæði mikilvægra fuglastofna á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða, þ.m.t. sjaldgæfra varpfugla á Íslandi og fugla sem eru á valista Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN). Náttúruvegur svæðisins er einnig mikil og þar finnst m.a. marhálmur sem er sjaldgæfur á landsvísu

Hrísey var friðlýst árið 1977.

Á [vef Umhverfisstofnunar](#) eru skráð eru 10 svæði sem aðrar náttúruminjar á C-hluta náttúruminjaskrár, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem rétt þykir að vernda.

| Heiti og lýsing  |
|--|
| 302. Borgarland, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1)<br>Nesið milli Króksfjarðar og Berufjarðar í landi Borgar, Hafrafells, Klukkufells, Mýrartungu og Hríshóls. (2) Sérkennilegt og fagurt landslag. Tjarnir og mýrar með miklu fuglalífi.  |
| 303. Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafríði, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Fjörur, fitjar og sjávartjarnir frá Teigsskógum að Grónesi. Auk þess skóglendi á norðurströnd Þorskafjarðar milli Teigsskóga og Hallsteinsness. (2) Víðlendar og lífauðugar fjörur með miklu fuglalífi. Þéttur skógur og gott sýnishorn af landslagi við norðanverðan Breiðafjörð. |
| 304. Kerlingafjörður og Skálmarnes. Svæðið milli Hjarðarness að vestan og Vattardalsár í botni Vattarfjarðar að austan. Að norðan liggja mörkin um Kjálkafjarðará og Þingmannaheiði. (2) Ríkulegt gróðurfar með skóglendi í fjörðum, fuglabjarg í Múlanesi.  |

<sup>109</sup> Alta. 2019. Verndarsvæði í byggð. Porpið í Flatey. Tillaga og greinargerð.

<sup>110</sup> Stjórnarráð Íslands. [Friðlandið í Flatey stækkað](#).

|  |
|--|
| 332. Hergilsey, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Eyjan öll. (2) Óbyggð eyja, fjölbreytt að landslagi, stuðlabergsmyndanir. Mikið og fjölskrúðugt fuglalíf. Söguminjar.                              |
| 333. Stagley, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Eyjan öll. (2) Mikið fuglalíf.   |
| 334. Klofningur við Flatey, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Klofningur er rétt vestan við Flatey. (2) Sérstætt landslag og mikið fuglalíf.   |
| 335. Diskæðarsker, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Eyjan tilheyrir Flateyjar-löndum. (2) Jarðfræðilega sérstæð eyja.   |
| 336. Langey við Flatey, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Eyjan tilheyrir Flateyjarlöndum. (2) Eyja með gróskumiklum gróðri og fjölbreyttu fuglalífi. Endurnýjun auglýsingar um friðlandið í Flatey. |
| 337. Oddbjarnarsker, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Lítil eyja um 11 km vestur af Flatey. (2) Sérstætt landslag, jarðhiti, auðugt lífríki. Söguminjar.  |
| 338. Barmahlíð við Berufjörð, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Hlíðin frá Hlíðarhálsi vestan megin við botn Berufjarðar, suður að Börmum. (2) Gróskumiklar blóma- og kjarrbrekkur.                  |

B-hluti Náttúruminjaskrár er framkvæmdaáætlun um friðlýsingar og friðun til næstu fimm ára, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Svæðin eru birt í [kortasjá Náttúrufræðistofnunar](#). Breiðafjörður hefur verið tilnefndur á B-hluta Náttúruminjaskrár. Svæðið er tilnefnt vegna fjöruvistgerða, fugla og sela. Einnig eru tilnefnd undirsvæði vistgerða og fugla, þ.e. í Djúpaafirði, Berufirði og Miðhúsaeyjum.

### Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja

Mynd 36 sýnir náttúruverndarsvæði í Reykhólahreppi, þ.m.t. svæði sem njóta sérstakrar verndar tiltekinna vistkerfa og jarðminja. skv. 61. grein laga um náttúruvernd.

Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr. náttúruverndarlaga:

- A. Votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur.
- B. Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.

Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr., í samræmi við markmið 3. gr., náttúruverndarlaga:

- A. Eldvörp, eldhraun, gervíggar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.
- B. Fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruverndarsvæða, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Skyld er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar [Umhverfisstofnunar] 1) og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir.<sup>111</sup>

<sup>111</sup> [Lög um náttúruvernd nr. 60/2013](#)

Markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra.

Innan sveitarfélagsins eru vistgerðir sem hafa mjög hátt verndargildi skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://vistgerdakort.ni.is/>).

Margar votlendisvistgerðir, eins og starungsmýravist, hafa mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll, spói, þúfutittlingur, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur nýti slíka vistgerð til varps. Vert er að taka fram að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

### Vernd Breiðafjarðar

Breiðafjörður nýtur verndar samkvæmt sérlögum<sup>112</sup> og um hann gildir Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014–2019. Unnið er að endurskoðun hennar. Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu. Náttúra Breiðafjarðar hefur lengi verið álitin sérstök og er í skýrslu Breiðafjarðarnefndar bent á nokkrar staðreyndir því til stuðnings.<sup>113</sup>

- A. Breiðafjörður er víðáttumesta grunnsævis- og fjörusvæði landsins. Þar er að finna 31% af flatarmáli grunnsævis á minna en 20 m dýpi við Ísland (Arnbór Garðarsson, sbr. 1. mynd), 56% af öllum fjörum landsins, 65% af klettafjörum og 40% af leirum (Agnar Ingólfsson 1975, 2006) (1. mynd).
- B. Hvergi við Ísland er að finna viðlíka fjölda eyja, hólma og skerja, sem telja hátt á 3 þúsund.
- C. Meiri sjávarföll og fallastraumar en annars staðar við Ísland.
- D. Umfangsmestu þaraskógar landsins eru í Breiðafirði.

<sup>112</sup> Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 1995 nr. 54.

<sup>113</sup> Breiðafjarðarnefnd, 2007. Rannsóknir og vöktun á lífríki Breiðafjarðar. Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi 12.-13. september 2007.

- E. Meiri fjölbreytileiki botndýralífs en mælst hefur annars staðar við Ísland. Breiðafjörður er eina íslenska svæðið á lista Biomare verkefnisins yfir sjávarsvæði í Evrópu þar sem æskilegt og hentugt er að rannsaka líffræðilegan fjölbreytileika ([www.biomareweb.org](http://www.biomareweb.org)).
- F. Umtalsverður hluti ýmissa fuglastofna er háður Breiðafirði, ýmist á varp- eða fartíma. Þar má sérstaklega nefna að um tveir þriðju hlutar arnarstofnsins og meginþorri dílaskarfa og toppskarfa verpa við fjörðinn. Langstærsta álkubyggð heims er í Látrabjargi, auk þess sem um þriðjungur æðarstofnsins Rannsóknir og vöktun á náttúru Breiðafjarðar 5 er við Breiðafjörð. Þá fara stórir hlutar af heimsstofnum margæsar, rauðbrystings og tildru um fjörur Breiðafjarðar að vori og hausti.
- G. Alþjóðlegt mikilvægi Breiðafjarðar fyrir fuglalíf er viðurkennt (Birdlife International, IBA) og fjörðurinn ætti hiklaust heima á fleiri skráum (Bonn, Ramsar og Unesco). h) Loks hefur náttúra Breiðafjarðar mikla efnahagslega þýðingu; þar eru mikilvæg mið og/eða uppeldisstöðvar fyrir ýmsa nytjastofna, svo sem hörpudisk, þorsk og hrognkelsi, og þar er stunduð þörungavinnsla.

Ástand sjávar og lífríkis byggir á góðri umgengni við auðlindir og er mikilvægt er að stuðla að jafnvægi í nýtingu og verndun á þessu svæði. Rannsóknir, þekking og samstarf er forsenda þess.



Mynd 35. Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar.<sup>114</sup>

Í Flatey hefur verið lögð áhersla á að standa vörð um einstök náttúrugæði og menningarverðmæti og eru verndarsjónarmið ríkjandi í gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi. Lögð er áhersla á vernd náttúru, landslags, menningarminja og þess einstaka svipmóts sem ríkir í eygni.

## Víðerni

Víðerni hafa ekki verið friðlýst eins og heimilt er skv. 46. gr. laga um náttúruvernd en landsskipulagsstefna kveður á um að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst. Skilgreiningin á hugtakinu óbyggð víðerni í 19. tölulið 5. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er: *Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.*

<sup>114</sup> Breiðafjarðarnefnd. [Verndarsvæði Breiðafjarðar](#).





Mynd 36. Náttúruverndarsvæði í Reykhólahreppi. Myndin sýnir friðlýst svæði, svæði á Náttúruminjasrá skv. eldri lögum, svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga og hverfisverndarsvæði.

## 8.3 Markmið

### 8.3.1 Sveitarfélagið í heild

#### Landslag

- Landnýting, umhverfismótun og mannvirkjagerð taki tillit til landslagsheilda og einkenna.
- Margskonar möguleikar verði í boði til að njóta einstaks landslags og lífríkis svæðisins. Sérstaða svæðisins í landslagi, sögu og menningu verði dregin fram við umhverfismótun og mannvirkjagerð á ferðaleiðum. Við uppbyggingu áningarstaða og útivistaraðstöðu verði almennt gætt að álagi á lífríki viðkvæmra svæða.
- Stuðlað verði að viðhaldi landbúnaðarlandslags, s.s. með túnslætti og góðu viðhaldi landbúnaðarmannvirkja.
- Þess verði gætt að skógrækt falli sem best að landslagi og heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Áhersla verði á að rækta tegundir sem eru einkennandi fyrir svæðið og henta umhverfisaðstæðum og komið í veg fyrir útbreiðslu ágengra plöntutegunda á beitolönd, berjalönd, grasalönd og náttúrulega birkiskóga.

#### Náttúru- og minjavernd

- Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra menningarminja til þess að renna styrkari stoðum undir ferðaþjónustu.
- Tekið verði tillit til fornleifa og annarra menningarminja við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð, skógrækt og aðra landnýtingu.

Fornleifaskráning skal fara fram á deiliskipulagsstigi og/eða við útgáfa framkvæmda- eða byggingarleyfis.

- Uppbygging og landnýting taki tillit til jarðmyndana, verðmætra vistkerfa og búsvæða, s.s. votlendis og svæða sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.
- Staðinn verði vörður um búsvæði fugla og gróðurs til að viðhalda heilbrigði vistkerfa og líffræðilegri fjölbreytni.

### 8.3.2 Reykhólar

#### Landslag

- Sérstaða Reykhóla í landslagi, sögu og menningu verði dregin fram við umhverfismótun og mannvirkjagerð.
- Staðinn verði vörður um hverfi og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim. Tekið verði tillit til þeirra við umhverfismótun og mannvirkjagerð.

### 8.3.3 Flatey

#### Landslag og náttúru- og minjavernd


- Náttúru- og menningarminjar og landslagssérkenni sem bera vitnisburð um sögu Flateyjar og Breiðafjarðar verði styrkt við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landslagsmótun.
- Unnið verði að endurgerð og viðhaldi mannvirkja sem bæði eru merkilegar minjar og þjóna ennþá mikilvægu hlutverki, s.s. garðar og bryggjur.

## 8.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokkka og landnotkunarreiti

### 8.4.1 Óbyggð svæði (ÓB)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

*Pau svæði þar sem hvorki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, eru skilgreind sem óbyggð svæði. Þau eru að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.*



Mynd 37. Óbyggð svæði.

**Sértækir skilmálar um landnotkunarreiti**


Auk markmiða í kafla 8.3 gilda eftirfarandi skilmálar um þau óbyggðu svæði sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.

| Auðkenni                        | Lýsing   | Skilmálar   |
|---------------------------------|--|---|
| <p><b>ÓB-1</b><br/>77345 ha</p> | <p><b>Fjalllendi yfir 200 m. y.s.</b><br/><i>Meirihluti lands sveitarfélagsins telst fjalllendi.</i></p> | <p>Allt land ofan 200 m er skilgreint í flokk óbyggðra svæða og byggir viðmiðunin á þeirri staðreynd að ræktun og búseta takmarkast í grófum dráttum við um 200 m y.s.</p> <p>Óbyggð svæði eru landsvæði sem eru í landbúnaðarnotkun þar sem beitar- og afréttarnot er megin landnotkun en einnig til almennrar útivistar ofan afgirtra heimalanda.</p> <p>Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki á óbyggðum svæðum og er ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð annarri en til almennrar útivistar, s.s. stígar og áningarstaðir og tryggt skal að slíkt falli vel að umhverfinu og raski ekki viðkvæmri náttúru.</p> <p>Varnir vegna náttúruvár eru heimilar (sjá markmið um náttúruvá í kafla 12.3.1).</p> |
| <p><b>ÓB-2</b><br/>18,8 ha</p>  | <p><b>Óbyggður hluti Flateyjar</b></p>   | <p>Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki á óbyggðum svæðum og er ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð annarri en til almennrar útivistar, s.s. stígar og áningarstaðir og tryggt skal að slíkt falli vel að umhverfinu og raski ekki viðkvæmri náttúru.</p> <p>Stuðla skal að strönd viðhaldist í eins náttúrulegu ástandi eins og kostur er.</p> <p>Varnir vegna náttúruvár eru heimilar (sjá markmið um náttúruvá í kafla 12.3.1).</p>   |

### 8.4.2 Vötn, ár og sjór (V)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar

Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga.



Mynd 38. Vötn, ár og sjór.

### Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 8.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um landnotkunarflokkinn vötn, ár og sjór sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.


- Áhersla verði á að halda strönd, fjörum og grunnsævi í náttúrulegu ástandi eins og kostur er og að nýting auðlinda strandarinnar sé sjálfbær. Stór hluti Breiðafjarðar er verndaður með lögum um vernd Breiðafjarðar og nær verndunin til allra eyja, hólma og skerja í firðinum. Fyrir skerjagarð og strandsjó gilda verndarákvæði skv. lögnum og stefna í gildandi verndaráætlun Breiðafjarðar.
- Við deiliskipulagsgerð og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa á strandsvæðum verði þess gætt að vandað verði til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Tekið verði mið af náttúruvá (sjá markmið um náttúruvá í kafla 12.3.1), landslagi og byggingararfi, svo sem m.t.t. staðsetningar, forms, lita og efna. Leitað verði álits fagaðila eftir því sem ástæða þykir til. Staðinn verði vörður um lífríki, jarðveg, merkar jarðmyndanir og fornleifar.
- Gæta þarf að sérstakri vernd sjávarfitja og leira skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Í sjávarfitjum og leirum er ekki er gert ráð fyrir neinum mannvirkjum.

| Auðkenni          | Lýsing                             | Skilmálar |
|-------------------|------------------------------------|-----------|
| V-1<br>17354,7 ha | Skerjagarður, strandsjór og leirur |           |

### 8.4.3 Hverfisverndarsvæði (HV)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.



Mynd 39. Hverfisverndarsvæði.

**Sértækir skilmálar um landnotkunarreiti**

Auk markmiða í kafla 8.3 gilda eftirfarandi skilmálar um einstök hverfisverndarsvæði sem afmörkuð eru á skipulagsuppdráttum.

| Auðkenni                       | Lýsing                       | Skilmálar   |
|--------------------------------|------------------------------|---|
| <p><b>HV-2</b><br/>15,6 ha</p> | <p><b>Þorpið, Flatey</b></p> | <p>Um svæðið gilda ákvæði laga um verndarsvæði í byggð og er svæðið þeim grunni skilgreint sem hverfisverndarsvæði.</p> <p>Unnið verði að því að vernda og styrkja svipmót byggðarinnar og viðhalda byggingarlistarlegu og menningarsögulegu gildi hennar, ásamt samspiili við einstaka náttúru og landslag. Stuðlað verði að verndun og viðhaldi einstakra húsa sem og þorpsins sem heildar. Það verði gert með því að hlúa að fjölbreyttum bæjarrýmum og samspiili við landslag, s.s. göturýmum og torgum í þorpinu og áhugaverðum sjónlínnum að kennileitum á eyjunni. Í skipulagi séu settir sveigjanlegir skilmálar sem svo nýta megi húsin sem best. Leggja skal áherslu á að endurgera og viðhalda húsum, umhverfi og almenningsrýmum með þeim hætti að það styrki heildarásýnd verndarsvæðisins og bæta það sem fyrir er og færa hús og mannvirki nær upphaflegri gerð eftir því sem tækifæri gefst.</p> <p>Stuðlað verði að vernd fornminja og landslagssérkenna sem bera vitnisburð um söguna. Tryggja vernd einstakrar náttúru, landslags og landslagsheilda. Það verði gert með því að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gera grein fyrir minjum og setja verndarákvæði um þær.</li> <li>• Skilgreina gönguleiðir og áfangastaði sem segja sögu lands, lífríkis og búsetu og nýtast jafnt íbúum sem gestum, dreifa álagi og beina umferð frá viðkvæmum svæðum.</li> <li>• Hanna og setja upp fræðsluskilti og merkingar þar sem við á.</li> <li>• Bæta þjónustu við ferðamenn, s.s. salerni og ruslatunnur.</li> <li>• Tryggja samræmi við stefnu í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.</li> </ul> <p>Stuðlað verði að endurgerð og viðhaldið mannvirkja sem bæði eru merkilegar minjar og þjóna ennþá mikilvægu hlutverki, s.s. garðar og bryggjur. Frekari skilmálar skulu skilgreindir í deiliskipulagi.</p> <p>Að öðru leyti gilda ákvæði laga um menningarminjar.</p> |




|                                 |   |   |
|---------------------------------|---|---|
| <p><b>HV-4</b><br/>11493 ha</p> | <p><b>Vattarfjall</b><br/><i>Fjallendi frá Skálmardal í austri Skálmafirði í suðri og Vattarfjall og fjallendið upp frá því. Svæðið myndar framhald af svæði sem er á náttúruminjaskrá, þ.e. Kjálkafjörður, Kerlingafjörður og Skálmarnes. Svæðið einkennist af heiðalandslagi.</i></p>   | <p>Aðgengi til útivistar verði bætt, s.s. merking leiða, stíga eða áningaraðstöðu en þó þannig að það hafi ekki neikvæð áhrif á sérstætt landslag og náttúru svæðisins.</p> <p>Við skógrækt skal leitast við að nota birki eða aðrar tegundir sem falla vel að sérkennum náttúrufars og landslags á svæðinu. Ekki skal planta öðru en birki í gamlan birkiskóg.</p> <p>Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðinu.</p> <p>Forðast skal framræslu votlendis á svæðinu og votlendi verði endurheimt þar sem því verður við komið.</p> <p>Á frístundabyggðarsvæðum innan hverfisverndarsvæða skal þess jafnframt gætt að byggingarframkvæmdir leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.</p> |
| <p><b>HV-6</b><br/>8536 ha</p>  | <p><b>Bæjarnes og Svínanes</b><br/><i>Samfellt útivistarsvæði frá Kollafirði að Skálmafirði. Um er að ræða tvo skaga Bæjarnes og Svínanes norður að Vestfjarðavegi. Falleg strandsvæði og fjallendi meðfram djúpum fjörðum. Svæðið einkennist af fjölbreyttu náttúrufari og landslagi og hefur mikið útivistargildi hvort sem er til náttúruskoðunar eða almennrar útivistar.</i></p> | <p>Aðgengi til útivistar verði bætt, s.s. merking leiða, stíga eða áningaraðstöðu en þó þannig að það hafi ekki neikvæð áhrif á sérstætt landslag og náttúru svæðisins.</p> <p>Við skógrækt skal leitast við að nota birki eða aðrar tegundir sem falla vel að sérkennum náttúrufars og landslags á svæðinu. Ekki skal planta öðru en birki í gamlan birkiskóg.</p> <p>Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðinu.</p> <p>Forðast skal framræslu votlendis á svæðinu og votlendi verði endurheimt þar sem því verður við komið.</p> <p>Á frístundabyggðarsvæðum innan hverfisverndarsvæða skal þess jafnframt gætt að byggingarframkvæmdir leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.</p> |
| <p><b>HV-8</b><br/>1266 ha</p>  | <p><b>Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði</b></p>   | <p>Svæðið er á Náttúruminjaskrá og um birkiskóginn og leirurnar gilda ákvæði náttúruverndarlaga og laga um vernd Breiðafjarðar og á þeim grunni er svæðið skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Markmið hverfisverndar er standa vörð um birkiskóg, votlendi og viðkvæm og sérstæð strandsvæði.</p> <p>Aðgengi til útivistar verði bætt, s.s. merking leiða, stíga eða áningaraðstöðu en þó þannig að það hafi ekki neikvæð áhrif á sérstætt landslag og náttúru svæðisins.</p>   |

|                                 |  |   |
|---------------------------------|--|---|
|                                 |  | <p>Við skógrækt skal leitast við að nota birki eða aðrar tegundir sem falla vel að sérkennum náttúrufars og landslags á svæðinu. Ekki skal planta öðru en birki í gamlan birkiskóg.</p> <p>Forðast skal framræslu votlendis á svæðinu og votlendi verði endurheimt þar sem því verður við komið.</p> <p>Á frístundabyggðarsvæðum innan hverfisverndarsvæða skal þess jafnframt gætt að byggingarframkvæmdir leiði til eins lítillar röskunar og kostur er</p> <p>Framkvæmdir við Vestfjarðaveg eru háðar framkvæmdaleyfi.</p>   |
| <p><b>HV-10</b><br/>6411 ha</p> | <p><b>Berufjörður, Barmahlíð og Vaðalfjöll</b><br/><i>Samfellt útivistarsvæði frá byggðinni á Reykhólum, um Barmahlíð, undirlendi í Berufirði og Vaðalfjöll. Auk þess land Skóga niður í botn Þorskafjarðar. Á svæðinu er fjölbreytt náttúrufar og landslag, áhugavert útivistarsvæði árið um kring.</i></p> | <p>Aðgengi til útivistar verði bætt, s.s. merking leiða, stíga eða áningaraðstöðu en þó þannig að það hafi ekki neikvæð áhrif á sérstætt landslag og náttúru svæðisins.</p> <p>Við skógrækt skal leitast við að nota birki eða aðrar tegundir sem falla vel að sérkennum náttúrufars og landslags á svæðinu. Ekki skal planta öðru en birki í gamlan birkiskóg.</p> <p>Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðinu.</p> <p>Forðast skal framræslu votlendis á svæðinu og votlendi verði endurheimt þar sem því verður við komið.</p> <p>Á frístundabyggðarsvæðum innan hverfisverndarsvæða skal þess jafnframt gætt að byggingarframkvæmdir leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.</p> <p>Innan svæðisins eru svæði á Náttúruminjaskrá, Barmahlíð við Berufjörð og Borgarland. Um þau gilda ákvæði laga um náttúruvernd.</p> |

#### 8.4.4 Friðlýst svæði (FS)

**Skilgreining skipulagsreglugerðar:**

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.



Mynd 40. Friðlýst svæði.

**Sértækir skilmálar um landnotkunarreiti**

Auk markmiða í kafla 7.3 gilda eftirfarandi skilmálar um þau friðlýstu svæði sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum.

| Auðkenni                        | Lýsing  | Skilmálar  |
|---------------------------------|---|--|
| <p><b>FS-2</b><br/>162,1 ha</p> | <p><b>Friðland í Flatey</b><br/><i>Friðlandið nær yfir austurhluta eyjarinnar ásamt eyjum og hólum sunnan við Flatey.</i></p> | <p>Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi og sjó innan friðlandsins eru háðar leyfi Reykhólahrepps sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010 og leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.</p> <p>Hefðbundin landnotkun ábúenda er heimil, þ.e. nýting æðarvarps, grasnytjar og fjárbeit svo sem verið hefur. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi við landnotkun.</p> <p>Framkvæmdir skulu vera í samræmi við skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun.</p> <p>Aðgengi almennings um svæðið er skilgreint í samræmi við friðlýsingarskilmála og stjórnunar- og verndaráætlun. Friðlandið er lokað á varptíma fugla og er öll umferð um það óheimil á tímabilinu 15. apríl - 15. júlí.</p> <p>Vísað er í friðlýsingarskilmála í auglýsingu um friðland í Flatey á Breiðafirði.</p> |
| <p><b>FS-4</b><br/>25,7 ha</p>  | <p><b>Friðland í Hrísey</b><br/><i>Grösug eyja úti fyrir Reykhólasveit. Hrísey var friðlýst árið 1977.</i></p>                | <p>Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. apríl til 15. júlí. Friðlandið fellur innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sbr. lög nr. 54/1995.</p> <p>Vísað er í friðlýsingarskilmála í auglýsingu um friðland.</p>   |

#### 8.4.5 Minjavernd (MV)

##### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.



Mynd 41. Friðlýstar fornminjar.

### Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 8.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um þau svæði sem falla í flokk minjaverndar.

- Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar. Samkvæmt lögnum skal friðlýstum fornminjum fylgja 100 m friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 m nema annað sé ákveðið.

### Sértækir skilmálar

Auk markmiða í kafla 8.3 gilda eftirfarandi skilmálar um einstaka landnotkunarreiti sem afmarkaðir eru á skipulagsuppráttum.

| Auðkenni            | Lýsing   | Skilmálar   |
|---------------------|--|---|
| <b>MV-2</b><br>1 ha | <b>Ranakofi í Svefneyjum</b><br><i>Torfhús talið endurreist eftir daga Eggerts Ólafssonar náttúrufræðings og skálds (d. 1768). Höfundur ókunnur. Friðaður 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1.mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989</i>  | Um friðlýst hús gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.               |
| <b>MV-4</b><br>1 ha | <b>Hergilsey í Flateyjarlöndum</b><br><i>a. Hin forna Ingjaldsbæjarrúst; hún er að nokkru leyti að baki núverandi bæ. b. Ingjaldsbyrgi, er svo heitir; það er við hæð eina fyrir sunnan bæinn. Sbr. Árb. 1893: 2-3. c. "Fíflsgerði", svo nefnt, skamt frá Vaðsteinabergi. Sbr. Kålund 1877: 542. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.</i> | Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. |
| <b>MV-6</b><br>1 ha | <b>Silfurgarður, Flatey</b><br><i>Silfurgarður, hlaðinn hafnargarður við gömlu höfnina. Skjal undirritað af PM 11.04.1975. Þinglýst 16.05.1975.</i>  | Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. |
| <b>MV-8</b><br>1 ha | <b>Félagshús í Flatey</b><br><i>Tvö sambyggð timburhús, Gunnlaugshús og Benediktshús. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.</i>   | Um friðlýst hús gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.               |

|                      |  |   |
|----------------------|--|---|
| <b>MV-10</b><br>1 ha | <b>Bókhlaðan í Flatey</b><br><i>Timburhús reist 1864. Friðuð í A-flokki af menntamálaráðherra 2. apríl 1975 samkvæmt 1. mgr. 26. gr. og 27. gr. Þjóðminjalaga nr. 52/1969.</i>   | Um friðlýst hús gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.               |
| <b>MV-12</b><br>1 ha | <b>Klausturhólar í Flatey</b><br><i>Timburhús flutt inn tilsníðið frá Noregi og reist 1901. Það var friðað í A-flokki af menntamálaráðherra 11. febrúar 1976 samkvæmt 1. mgr. 26. gr. og 27 gr. Þjóðminjalaga nr. 52/1969.</i>   | Um friðlýst hús gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.               |
| <b>MV-14</b><br>1 ha | <b>Hin forna Klausturtóft, Flatey</b><br><i>l) a. Hin forna Klausturtóft, sem er efst og austast í Flateyjartúni. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.</i>  | Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. |
| <b>MV-16</b><br>1 ha | <b>Ólafarakur, Flatey</b><br><i>Ólafarakur, er svo heitir, stór girðing, austast á eyinni; kenndur við Ólöfu ríku. Sbr. Kálund 1877: 540. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.</i>  | Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. |
| <b>MV-18</b><br>1 ha | <b>Svefneyjar á Breiðafirði</b><br><i>a. Forn girðing, er liggur í útsuður frá hólí í túninu, er þinghóll heitir. Sbr. Árb. 1893: 1. b. Akrar, svo nefndir, allstórt svæði suður frá túninu, við veginn. Sbr. Árb. 1893: 1. c. Saltgrafir, heita, norðvestur frá bænum, við sjóinn. Sbr. Árb. 1893: 2. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.</i> | Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. |
| <b>MV-20</b><br>1 ha | <b>Múli</b><br><i>Kirkja og kirkjugarður.</i>  | Um menningarminjar gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.            |
| <b>MV-26</b><br>1 ha | <b>Gröf í Þorskafirði</b><br><i>1. Rústir fornþæjarins Grímksstaða fast innan við Grímksstaðaá niðri undir sjó. Túnstæðið er milli Akranesmels og Grímksstaðaár og eru bæjarrústir innan túngarðsins. 2. Fornt akurgerði í Akraneshvammi milli Akraness og Grímksstaðaár. Þinglýst 1989.</i>   | Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. |

|                              |   |  |
|------------------------------|---|--|
| <p><b>MV-28</b><br/>1 ha</p> | <p><b>Grímkelsstaðir</b></p>  | <p>Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.</p> |
| <p><b>MV-30</b><br/>1 ha</p> | <p><b>Rústir Titlingsstaða</b><br/><i>Eyðibýli skammt suðvestur frá Reykhólum. Þinglýst 1931.</i></p>   |  |
| <p><b>MV-32</b><br/>1 ha</p> | <p><b>Reykhólar</b><br/><i>a. Grettislaug, svo nefnd, sunnan á túnhólum. Sbr. Árb. 1899: 12. b. Rústir Titlingsstaða, eyðibýlis skammt suðvestur frá Reykhólum. Sbr. Árb. 1899: 34; Bruun 1928: 137-138 (með uppdretti). Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.</i></p>  | <p>Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.</p> |
| <p><b>MV-34</b><br/>1 ha</p> | <p><b>Hlíð í Þorskafirði</b><br/><i>a. Dysjar sex úti undir Stórahrauni, framan í barði á melbrún, rjett ofan við fjöruna. b. Haugur forn á Stekkjarnesi, bæjarmegin við mýrardrag, sem liggur eftir nesinu; - grasi gróinn hóll. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.</i></p>   | <p>Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.</p> |
| <p><b>MV-36</b><br/>1 ha</p> | <p><b>Hofsstaðir í Þorskafirði</b><br/><i>a. "Hoftóft", svo nefnd, í túninu, á flöt vestur frá bænum. b. "Veizlusalstöft", er svo nefnist, skammt frá "hoftóftinni". c. "Hallshaugur", svo kallaður, lítill hóll, flatur að ofan, norðan við hinn forna túngarð. d. Bænhústóft, í norðaustur frá hoftóftinni og kringlóttur garður um. e. Rauðsdalsrúst; er hún í litlum dal, (Rauðsdal), milli Hofstaða og Berufjarðar. Sbr. Kålund 1877: 520-521; Árb. 1899: 17; Árb. 1924: 44. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.</i></p> | <p>Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.</p> |



|                        |   |   |
|------------------------|---|---|
| <b>MV-38</b><br>1 ha   | <b>Múli í Kollafirði</b><br><i>Kirkjugarður gamall og kirkjutóft á honum. Skjal undirritað af MP 31.12.1935. Þinglýst 18.07.1936.</i>   | Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. |
| <b>MV-40</b><br>1 ha   | <b>Hyrningsstaðir í Berufirði.</b><br><i>Leifar fornra dysja við botninn á Berufirði. Sbr. Árb. 1898: 6. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.</i>  | Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. |
| <b>MV-42</b><br>1 ha   | <b>Berufjörður</b><br><i>Dysjaleifar fornar við Berufjarðarbotn. Sbr. Árb. 1899: 6; Bruun 1928: 55-57, með uppdætti. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.</i>  | Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. |
| <b>MV-44</b><br>1 ha   | <b>Akmannsstaðir</b>  | Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. |
| <b>MV-46</b><br>1 ha   | <b>Kuml við botn Berufjarðar</b><br><i>Í landi Skáldsstaða.</i>   | Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. |
| <b>MV-48</b><br>1 ha   | <b>Kuml við botn Berufjarðar</b><br><i>Í landi Hríshóls.</i>  | Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. |
| <b>MV-50</b><br>2,4 ha | <b>Kollabúðir í Þorskafirði</b><br><i>Öll mannvirki á hinum forna Þorskafjarðarþingstað, sem er upp frá fjarðarbotninum sunnanmegin. Sbr. Árb. 1899, fylgirit: 28-30. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.</i> | Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. |
| <b>MV-52</b><br>1 ha   | <b>Hríshóll í Reykhólasveit</b><br><i>Naðdalsrústir, fornar seljarústir og bæjarústir. Sbr. Árb. 1899: 8. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931.</i>   | Friðlýstar fornminjar. Um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. |

## 9 Útivist og afþreying



### 9.1 Meginmarkmið

Að skipulag stuðli að heilsueflandi umhverfi með góðum aðstæðum til útivistar og íþróttaiðkunar.

Til að stuðla að þessu meginmarkmiði eru í kafla 9.3 sett fram markmið um:

- Útivistarleiðir og stíga
- Almenningsrými

Heimsmarkmið sem tengjast þessu meginmarkmiði



Til að stuðla að þeim markmiðum eru í kafla 9.4 settir almennir skilmálar og sértækir skilmálar fyrir svæði sem falla í eftirfarandi landnotkunarflokka:

- Opin svæði (OP)
- Íþróttasvæði (ÍP)
- Gönguleiðir (VE-GL) (sjá kafla 10.4.4)
- Reiðleiðir (VE-RL) (sjá kafla 10.4.5)

Í kafla 9.2 er gerð grein fyrir helstu forsendum markmiða og skilmála.

## 9.2 Forsendur

### Heilsuefandi samfélag

Sveitarstjórn Reykhólahrepps leggur áherslu á að stuðla að bættri heilsu, líðan og lífsgæðum allra með þátttöku í verkefninu heilsuefandi samfélagi.<sup>115</sup> Skipulag getur gegnt mikilvægu hlutverki í að styðja við lýðheilsu. Almenningsrými, þ.m.t. götur, gangstéttar, stígar, garðar, leiksvæði og torg, gegna mikilvægu hlutverki m.t.t. lýðheilsu því þar er tækifæri til að styðja við hreyfingu, leiki og virka fararmáta með því að móta skjólgott, öruggt og aðlaðandi umhverfi. Þar er einnig hægt að skapa tækifæri til að hitta aðra og komast í snertingu við gróður og annað lífríki.<sup>116</sup>

Fjölbreytt tækifæri eru til almennrar útivistar og afþreyingar bæði fyrir íbúa og ferðamenn og til staðar er góður grunnur til að byggja frekar á við eflingu ferðaþjónustu.

Aðgengileg og vel útfærð svæði sem bjóða upp á dvöl og hreyfingu útivið skipta miklu máli fyrir lífsgæði íbúa um leið og þau gefa gestum kost á að njóta dvalar á staðnum. Reykhólar hafa nú þegar talsvert að bjóða í þessu tilliti, bæði innan þorpsins og í grennd þess. Í Hvanngarðabrekku er skjólgott svæði og þar sem komið hefur verið fyrir ærslabelg, frísbíggolfvelli og minnismerki um dvöl Grettis. Trjálundur og Kúatjörn eru einnig almenningsrými sem eru notuð til útivistar, leiks og hátíðarhalda.

Við Reykhólaskóla er íþróttahús og er það notað fyrir samkomur og viðburði. Leikvöllur, sparkvöllur og frjálsíþróttavöllur er við skólasvæðið.

---

<sup>115</sup> Verkefni á vegum landlæknis í samstarfi og samráði við sveitarfélög, opinberar stofnanir, frjáls félagasamtök o.fl. sem miðar að því að bæta heilsu, líðan og lífsgæði allra.

<sup>116</sup> Matthildur Kr. Elmarsdóttir, 2020. [Lýðheilsa og skipulag. Samantekt fyrir Skipulagsstofnun vegna mótunar landsskipulagsstefnu um lýðheilsu.](#)

Unnið hefur verið að uppbyggingu útivistarleiða í þéttbýlinu í samræmi við þær hugmyndir sem voru lagðar fram í greiningu staðaranda Reykhóla, sjá nánari umfjöllun í kafla 6 um atvinnustarfsemi.

Skjólmyndun er mikilvægur þáttur í að gera almenningsrými og útivistarsvæði aðlaðandi. Á Reykhólum er vindasamt og því almennt mikilvægt er að huga að aukinni skjólmyndun með trjárækt og öðrum gróðri og bæta útivistaraðstöðu með stígum, bekkjum og annarri aðstöðu sem hæfa þykir. Fram hefur komið áhugi á að skilgreina reit sem nýtist íbúum til matjurtaræktunar innan Reykhólaþorpsins eða í grennd þess.

Baðstaðir eru á nokkrum stöðum í Reykhólahreppi. Grettislaug er sundlaug Reykhóla og er staðsett litlu fyrir neðan bæinn. Í Djúpadal í Gufudalssveit er yfirbyggð sundlaug. Sjávarsmiðjan á Reykhólum býður upp á þara- og sjávarböð. Sunnan við byggðina á Reykhólum er í gildi deiliskipulag frá 2016 sem tekur til rúmlega 320 ha útivistar- og strandsvæðis við Breiðafjörð. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu sjávarbaða, hótels og ferðaþjónustu við Stekkjarvog (skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði VP-4 á aðalskipulagsupprætti).<sup>117</sup>

### Göngu- og reiðleiðir

Meginreiðstígar tengja saman byggð og heiðalönd, en eru jafnframt reiðleiðir milli byggða innan héraðsins. Margar þessara leiða eru mikið notaðar, bæði í atvinnuskyni og til almennrar útivistar. Margar reiðleiðir eru einungis færar hluta úr ári og sums staðar þarf að hafa samráð við landeigendur um notkun þeirra.<sup>118</sup> Margar fornar þjóðleiðir eru í sveitarfélaginu.<sup>119</sup>

Ferðamálasamtök hafa gefið út tvö göngukort sem ná til Reykhólasveitar. Annars vegar yfir Reykhólasveit og Strandir sunnan Hólmavíkur og hins vegar yfir Reykhólasveit og Breiðafjarðareyjar.

---

<sup>117</sup> VSÓ Ráðgjöf (2019). Reykhólahreppur Húsnæðisáætlun 2019-2027.

<sup>118</sup> Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018.

<sup>119</sup> Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018.

Í aðalskipulagi skilgreind aðalgönguleið og reiðleið í sveitarfélaginu í samræmi við stefnu svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar þar sem lagt er til að þróuð verði gönguleið á milli þorpanna Þriggja, Búðardals, Reykhóla og Hólmavíkur – Þriggja þorpa leiðin, m.a. í þeim tilgangi að styrkja þjónustuhlutverk þeirra.

Unnið hefur verið að uppbyggingu stíga og áningarstaða í Flatey og er lögð áhersla á að halda áfram þeirri uppbyggingu til að stuðla að góðri umgengni um svæðið. Um friðlandið liggur um 2 km langur gönguslóði frá friðlandsmörkum við Lundaberg vestan megin á eyinni með fjöruborðinu að friðlandsmörkum austan megin.<sup>120</sup>

Stefna um útivistarleiðir telur helst mið af stefnu svæðisskipulagsins og áfangastaðaáætlun Vestfjarða, sem og skoðun á leiðum á útgefnum ferðakortum og leiðum sem eru tilgreindar í áfangastaðaáætlun Vestfjarða.

*ATH: Sérstaklega er kallað er eftir rýni almennings og umsagnaraðila um legu gönguleiða og reiðleiða og verða þær mótaðar nánar að fengnum ábendingum að kynningartíma loknum.*

<sup>120</sup> Umhverfisstofnun. [Friðland í Flatey Stjórnunar- og verndaráætlun 2017-2026. Drög til kynningar maí 2017.](#)

## 9.3 Markmið

### 9.3.1 Sveitarfélagið í heild

#### Göngu-, hjóla- og reiðleiðir


- Þróað verði net áhugaverðra útivistarleiða um sveitarfélagið og sem tengja það við nágrannasveitarfélög. Styttri leiðir á milli þeirra eru skilgreindar í deiliskipulagi eða í framkvæmdaleyfi.
- Þróuð verði aðalgönguleið meðfram ströndinni frá austri til vesturs, yfir valda hálsa og um nesin. Stofnleiðir sem liggja frá suðri til norðurs tengja sveitarfélagið nágrannasveitarfélögum.
- Skilgreind verði aðalreiðleið meðfram ströndinni frá austri til vesturs, yfir valda hálsa. Stofnleiðir sem liggja frá suðri til norðurs tengja sveitarfélagið nágrannasveitarfélögum. Reiðleiðin liggur að mestu leyti og þar sem mögulegt er í sömu legu og aðalgönguleiðin. Þar sem þörf er á nánari útfærslu eða aðgreiningu annarrar umferðar verði hún verður ákveðin á hönnunar- og framkvæmdastigi.
- Meginreiðleiðir verði greiðfærar allt árið og malarbornar þar sem þess gerist þörf.
- Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla leiðanna verði mótuð í samhengi við verkefni áfangastaðaáætlunar Vestfjarða en það snýst um að kortleggja og skilgreina ferðaleiðir, í samvinnu við landeigendur og fleiri hagaðila.
- Stuðlað verði að því að göngu-, hjóla- og reiðleiðir og að ferðir um þær valdi sem minnstu raski á votlendi, lífríki og fuglalífi.

#### Merkingar

- Stuðlað verði að þróun og merkingum útivistarleiða og úrbótum á merkingum og aðgengi ásamt miðlun leiða og upplýsinga til samræmis við stefnu áfangastaðaáætlunar.



Mynd 42. Aðalgönguleiðir í dreifbýli.



Mynd 43. Aðalreiðleiðir í dreifbýli.

### 9.3.2 Reykhólar

#### Stígar

- Skilgreindar verði aðalgönguleiðir í þéttbýli sem hafa það hlutverk að tengja saman svæði í þéttbýlinu og tengja byggðina áningarstöðum, þar sem gangandi er gert kleift að njóta útiveru í náttúrunni. Aðalgönguleiðir tryggja góðar gönguleiðir í þéttbýli sem tengja saman þjónustusvæði, íbúðarbyggð og almenningsrými. Aðalgönguleiðin liggur frá þjóðveginum, meðfram byggðinni og að höfninni. Gönguleiðin liggur að áformaðri sjávarsmiðju og aftur norður fyrir byggðina. Gönguleiðin tengir einnig byggðina við útivistarsvæði við Langavatn. Tryggja verði stígar, áningarstaðir og skilti falli vel að umhverfinu og raski ekki viðkvæmri náttúru. Útfærsla skal návar skilgreind í deiliskipulagi eða á framkvæmdastigi. Leiðin er sýnd á aðalskipulagsupprætti og þemakortum og um hana gildir almenna stefnan um stíga í þéttbýli. Aðrar gönguleiðir eru háðar útfærslu í deiliskipulagi eða á framkvæmdastigi.
- Stíganet tengi saman einstaka hluta þéttbýlisins; helstu þjónustaði, opin svæði og útivistarsvæði í grenndinni.
- Hugað verði að því að koma fyrir heitri laug í árfarvegi Einreykis við austurenda Langavatns sem fellur vel að umhverfinu í góðum tengslum við útivistarsvæði við Langavatn.
- Útivistaraðstaða, s.s. stígar og áningarstaðir, falli vel að umhverfinu og komi í veg fyrir álag á lífríki og viðkvæm svæði.


#### Lýðheilsa

- Stuðlað verði að heilsuefningu allra aldurshópa með góðum íþrótt- og útivistarsvæðum í göngufæri við íbúðarsvæði á Reykhólum, sem nýtast bæði heimamönnum og ferðafólki.

#### Almenningsrými og leiksvæði

- Skólalóðir verði öruggar með aðlaðandi leik- og útivistarsvæði sem nýtist einnig utan skólatíma.
- Í þéttbýli verði lögð áhersla á skjólmyndun með runnum og trjágróðri sem víðast, í samvinnu við skógræktarfélag. Áhersla verði á að rækta

tegundir sem eru einkennandi fyrir svæðið og henta umhverfisaðstæðum.




Mynd 44. Gönguleiðir í þéttbýli. Aðalgönguleiðir eru auðkenndar með heilli línu, en aðrar gönguleiðir með brotalínu. Áningarstaðir eru sýndir með rauðum punkti.

### 9.3.3 Flatey

#### Stígar og áningarstaðir

- Stuðlað verði að því að Flatey þróist sem áhugaverður áfangastaður fyrir ferðafólk þar sem njóta má útivistar og fræðslu. Unnið verði áfram að uppbyggingu gönguleiða og áfangastaða í Flatey sem segja sögu lands, lífríkis og búsetu og nýttast jafnt íbúum sem gestum.
- Skilgreind verði aðalgönguleið í Flatey sem tengir saman áhugaverða áfangastaði á eyinni. Aðrar gönguleiðir eru háðar útfærslu í deiliskipulagi eða framkvæmdaleyfi. Leiðin er sýnd á aðalskipulagsupprætti og þemakortum og um hana gildir almenn stefna um stíga og áfangastaði.



Mynd 45. Gönguleiðir í Flatey. Aðalgönguleiðir eru auðkenndar með heilli línu, en aðrir slóðar með brotalínu. Áningarstaðir eru sýndir með rauðum hring.



## 9.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokk og landnotkunarreiti

### 9.4.1 Opin svæði (OP)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.



Mynd 46. Opin svæði.

**Sértækir skilmálar um landnotkunarreiti:**

Auk markmiða í kafla 9.3 gilda eftirfarandi skilmálar um einstök opin svæði sem afmarkaðir eru á skipulagsuppdráttum.

| Auðkenni              | Lýsing  | Skilmálar  |
|-----------------------|---|--|
| <b>OP-2</b><br>0,7 ha | <b>Kúatjörn, Reykhólum</b><br><i>Almenningsrými sunnan við þéttbýlið á Reykhólum, vestan megin við Karlseyjarveg.</i> | Á svæðinu er gert ráð fyrir stígum og áningarstað. Svæðinu verði vel viðhaldið og aðgengi að honum sé gott, m.a. stígatengingar þannig að hann geti þjónað hlutverki sem lykil áfangastaður í vef útivistarsvæða. Tekið sé tillit til Kúatjarnar á svæðinu og hlúð að henni. Uppbygging samkvæmt útfærslu í framkvæmdaleyfi. |
| <b>OP-4</b><br>2,3 ha | <b>Hvannagarðabrekka</b><br><i>Almenningsrými í þéttbýlinu vestan megin við Karlseyjarveg.</i>                        | Garðinum verði vel viðhaldið og aðgengi að honum sé gott, m.a. stígatengingar þannig að hann geti þjónað hlutverki sem lykil áfangastaður í vef útivistarsvæða. Haldið verði áfram við að byggja upp skjólgóðan almenningsgarð sem útivistar- og leiksvæði fyrir alla aldurshópa.  |
| <b>OP-6</b><br>0,8 ha | <b>Trjálundur, Reykhólum</b><br><i>Trjálundur til að marka aðkomu inn í þéttbýlið.</i>                                | Almenningsgarður í þéttbýlinu sem nýtist til hvíldar og leiks og markar aðkomu markar aðkomu inn í þéttbýlið. Garðinum verði vel viðhaldið og aðgengi að honum sé gott, m.a. stígatengingar þannig að hann geti þjónað hlutverki sem lykil áfangastaður í vef útivistarsvæða.  |

### 9.4.2 Íþróttasvæði (ÍÞ)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.



Mynd 47. Íþróttasvæði.

**Sértækir skilmálar um landnotkunarreiti:**

Auk markmiða í kafla 9.3 gilda eftirfarandi skilmálar um þau íþróttasvæði sem afmörkuð eru á skipulagsuppdráttum.

| Auðkenni                      | Lýsing  | Skilmálar  |
|-------------------------------|---|--|
| <p><b>ÍP-2</b><br/>3,5 ha</p> | <p><b>Hesthúsasvæði, Reykhólum</b><br/> <i>Skv. bráðabirgðahættumat Verðurstofunnari vegna fyrirhugaðrar staðsetningar íbúðarhúss að Grund í Reykhólasveit dag. 26.6.2006) er hættusvæði vegna ofanflóða í nágrenni reitsins.</i></p> | <p>Reiturinn er ætlaður fyrir aðstöðu fyrir hestaíþróttir og þeirri mannvirkjagerð og frágangi sem nýting svæðisins kallar á, s.s. hesthús, skeiðvöll og reiðskemmu. Reiturinn er einnig ætlaður aðstöðu fyrir þá sem vilja stunda tómstundalandbúnað, s.s. fjárhús. Aðgengi að svæðinu með göngu- og reiðstígum sé gott.</p> <p>Áður en unnið er deiliskipulag og/eða gefið út framkvæmda-/byggingarleyfi á reitnum skal leita eftir mati Skipulagsstofnunar á hvort óska beri eftir bráðabirgðahættumati hjá Verðurstofu Íslands, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.</p> <p>Vanda skal umhverfisfrágang á reitnum.</p> |

## 10 Samgöngur



### 10.1 Meginmarkmið

Að skipulag í dreifbýli tryggji öruggt og greiðfært vegakerfi sem styður við byggðapróun í sveitarfélaginu. Að skipulag í þéttbýli tryggji öruggar götur og göngu- og hjólavænt umhverfi.

Til að stuðla að þessu **meginmarkmiði** eru í kafla 10.3 sett fram **markmið** um:

- Vegi og götur
- Virka ferðamáta
- Stíga
- Bílastæði
- Almenningsamgöngur
- Hafnir og flug

**Heimsmarkmið** sem tengjast þessu meginmarkmiði



Til að stuðla að þeim markmiðum eru í kafla 10.4 settir **almennir skilmálar** og **sértækir skilmálar** fyrir svæði sem falla í eftirfarandi landnotkunarflokka:

- Vegir, götur og stígar (VE)
- Stofnvegir (VE-SV)
- Tengivegir (VE-TV)
- Gönguleiðir (VE-GL)
- Reiðleiðir (VE-RL)
- Flugvellir (FV)
- Hafnir (H)


Í kafla 10.2 er gerð grein fyrir helstu **forsendum** markmiða og skilmála.

## 10.2 Forsendur

### Vegakerfi í dreifbýli

Í aðalskipulagi er gerð grein fyrir megingatnakerfi, núverandi og fyrirhuguðu og það sýnt með skýrum hætti á uppdrætti.


Stofnvegir í Reykhólahreppi eru Vestfjarðavegur og Reykhólasveitarvegur.



Mynd 48. Vegir Reykhólahreppi 2018.<sup>121</sup> Stofnvegir (rauðir), héraðsvegir (dökk appelsínugulir), landsvegir (ljós appelsínugulir), almennir vegir (gulir) og einkavegir (ljósgulir).

<sup>121</sup> Gögn frá LMÍ 2018.

Í nóvember 2019 var staðfest breyting á aðalskipulagi vegna legu Vestfjarðavegar frá Bjarkalundi að Skálanesi sem felur í sér veg um Teigsskóg og þverun þriggja fjarða; Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjarðar.<sup>122</sup> Dýrafjarðargöng opnuðu í október 2020 og eru mikil samgöngubót fyrir Vestfirði.



Mynd 49. Yfirborð vega í Reykhólahreppi 2021.<sup>123</sup> Svart: bundið slitlag, brúnt: malavegur.

Samkvæmt 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands skal flokka vegi, aðra en þjóðvegi eftir greiðfærni til samþykktar samliða afgreiðslu aðalskipulags.<sup>124</sup> Vegaskrá aðalskipulagssins er sett fram á þemauppdrætti.

<sup>122</sup> Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 vegna Vestfjarðavegar. [Greinargerð](#).

<sup>123</sup> [Vegasjá vegagerðarinnar](#), gögn sótt 28.5.2021.

<sup>124</sup> [Reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands](#)

Í Samgönguáætlun 2020-2034 eru markmið um greiðar, öruggar og hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar samgöngur, sem og jákvæða byggðapróun. Til að ná þeim markmiðum eru skilgreindar áherslur sem snúa m.a. að þjónustu í grunnnetinu, aðgengi hreyfihamlaðra, þörfum ferðapjónustunnar, uppbyggingu og rekstri samgöngukerfisins, flutningsleiðum, vistvænum almenningsamgöngum, fjölbreyttum ferðamáttum, öryggismálum, umhverfisvænum orkugjöfum, lágmarkun áhrifa samgangna/umferðar á loftgæði og hljóðvist við þjóðvegi í þéttbýli og styttingu ferðatíma innan skóla- og vinnusóknarsvæða.<sup>125</sup>

Samgöngum er ábótavant og eru malarvegir eru margir í sveitarfélaginu. Aðkallandi er að endurbæta Reykhólaveg en góðir vegir eru mikilvægir fyrir þróun ferðapjónustu á svæðinu. Þörf er á að bæta vegi sem tengja sveitarfélagið við önnur sveitarfélög á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra til að svæðið geti sem best nýtt möguleika sína til þróunar, sbr. áherslur í svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandasýslu. Sérstök áhersla er lögð á bættan veg um Skógarströnd til að svæðið geti notið þess ávinnings í ferðapjónustu sem bætt tenging við Snæfellsnes getur gefið<sup>126</sup>.

Akvegur liggur frá bryggjunni á Tröllenda að þorpinu í Flatey.

### **Götur og ferðamátar í þéttbýli**

Aðkoma að Reykhólum frá Vestfjarðavegi eru um Reykhólasveitarveg. Frá honum liggur Karlseyjarvegur að þorpinu og niður að höfninni í Karlsey. Karlseyjarvegur er þjóðvegur í þéttbýli og viðhald hans því á könnu Vegagerðarinnar. Hann er skilgreindur sem stofnvegur á milli Reykhólasveitarvegur og Hellisbrautar en sem héraðsvegur þaðan að höfn.<sup>127</sup>

Hellisbraut, sem er hin aðalgata þorpsins, liggur í sveig í kringum stofnanasvæði kirkju, skóla og hjúkrunarheimilis. Götur út frá henni eru allt

<sup>125</sup> [Samgönguáætlun 2019-2034](#).

<sup>126</sup> Úr svæðisskipulagi, sem og ábending frá Grundarfirði við skipulagslýsingu.

<sup>127</sup> Vegaskrá 2020, <https://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>

botnlangar nema Grettiströð sem sem liggur að sundlaug og tjaldsvæði og myndar Lykkju með Reykjabraut upp á Karlseyjarveg.

Landslag og smæð Reykhóla gefa kost á að fara allra sinna ferða gangandi eða hjólandi, ef heilsan leyfir. Meiri skjólmyndun með gróðri og annarri landslagsmótun ásamt fleiri gangstéttum og stígum getur stutt þarna við. Gangstéttar vantar víða í þéttbýlinu en gert er ráð fyrir að malbika götur og leggja gangstéttar þegar yfirstandandi framkvæmdum við fráveitukerfi er lokið. Þörf er á að móta skjólgóðar gönguleiðir á milli íbúðargatna og helsta þjónustu- og atvinnuhúsnæðis. Við þá mótun þarf að huga snjósöfnun vegna skafrennings en hann er vandamál á Reykhólum.

Skortur er á almenningsbílastæðum þar sem ferðamenn geta lagt m .a. bílastæði fyrir stórar bifreiðar við hús báta- og hlunnindasýningarinnar.

### **Hafnir**

Nokkrar hafnir eru í sveitarfélaginu. Höfn er í Karlsey á Reykhólum, um 2 km sunnan þorpsins stutt frá Þörungaverksmiðju og saltvinnslu. Þörungaverksmiðjan tók til starfa árið 1975 og þá var lagður vegur og gerð höfn í Karlsey. Athafnasvæðið í Karlsey hefur verið stækkað og þar er nú risin saltverksmiðja. Höfnin í Karsley er lítil og falleg í sérstæðum skerjagarði, þar sem þangskurðarprammar setja einnig svip á starfseminu. Varmaorka er á staðnum vegna pípu sem lögð hefur verið frá Reykhólum.<sup>128</sup> Bryggja er við sláturhúsið í Króksfjarðarnesi en þar er fyrst og fremst vinnusvæði.

Önnur bryggja er á Vesturnesi við Stað en þar þarf að gæta sjávarfalla. Aðrar bryggjur eru að finna í Hvallátrum og Skáleyjum.<sup>129</sup> Bryggja er á Tröllenda og bátavör er við Teinæringsvog.

Fram hafa komið hugmyndir um smábátahöfn í Flatey vegna fjölgunar ferðamanna til eyjarinnar og til að bæta aðstöðu ábúenda í Flatey til að

<sup>128</sup> Alta, 2014. Staðarandi Reykhóla. Greining og tillögur.

<sup>129</sup> Reykhólahreppur 2008. Aðalskipulag 2006-2018. Forsendur.

sinna hlunnindabúskap og útgerð. Fjölgun hefur verið í heimsóknum minni báta, bæði skúta og skemmtibáta, og sumarhúsafólk er í meira mæli með báta til afnota. Aðstaða fyrir smábáta í dag þykir erfið þar sem mikill munur er á flóði og fjöru við núverandi bryggju, allt að 5 metrar. Gerð var könnun á staðsetningu fyrir smábátahöfn 2008-2009 þar sem skoðaðir voru fjórir kostir. Besti kosturinn þá þótti vera Innstapollur og var það rökstutt m.a. með því að það væri skjólgóður staður og því þyrfti minna efni í grjótgarða. Unnin var deiliskipulagstillaga fyrir Innstapoll og gerð breyting á aðalskipulagi, en deiliskipulagið var aldrei staðfest vegna þess að ákveðið var að hlífa minjum á svæðinu. Þá kom í ljós að vegur niður að hafnarsvæðinu þótti umtalsverð framkvæmd. Síðustu ár hafa fleiri hallast að því að rétta staðsetningin fyrir smábátahöfn sé við Miðpoll og eru helstu rökin fyrir því nálægð við ferjubryggju, hafnarsvæðið verði samfelt og þar séu stækkunarmöguleikar. Gæta þarf að málsmeðferð smábátahafnar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana.

Varðandi hafnarframkvæmdir skal fara að Hafnarlögum nr. 61/2003 m.s.br. og reglugerðum settum með stoð í þeim.

### **Flugsamgöngur**

Rétt norðan Reykhólaþorpsins er um 900 metra löng malarflugbraut. Talsvert hefur aukist að flugvöllurinn sé nýttur t.d. við flugæfingar og þyrluflug með ferðamenn.<sup>130</sup>

### **Almenningssamgöngur**

Fjórðungssamband Vestfirðinga annast rekstur almenningssamgangna í landshlutanum samkvæmt samningi við Vegagerðina. Reykhólar eru ekki tengdir við leiðarkerfi, en um tvær ferðaáætlanir er um að ræða

Patreksfjörður - Ísafjörður og Ísafjörður - Hólmavík. Ferðaáætlanir gera ekki ráð fyrir viðkomu á Reykhólum.<sup>131</sup>

Reglulegar ferjusiglingar eru á milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey fyrir farþega, bíla og frakt. Ferjan siglir daglega allt árið. Vegagerðin styrkir rekstur framangreindra ferjuleiða að undangengnu útboði<sup>132</sup>. Á Brjánslæk er viðkomustaður almenningsvagna í ferðaáætlun frá Patreksfirði til Ísafjarðar.<sup>133</sup>

<sup>130</sup> [Vefur Reykhólahrepps. efni sótt þann 7.5.2020.](#)

<sup>131</sup> Vestfjarðarstofa. Sótt 3.7.2020 á

<https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/almenningsamgongur>

<sup>132</sup> Vegagerðin 2019: Ferjur, <http://www.vegagerdin.is/siglingar/ferjur/>

<sup>133</sup> Vestfjarðastofa. Sótt 3.7.2020 á

<https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/almenningsamgongur>



### 10.3 Markmið

#### 10.3.1 Sveitarfélagið í heild

##### Vegir

- Vegir innan sveitarfélagsins og á milli þess og annarra sveitarfélaga á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra séu greiðar og öruggir. Þannig verði stuðlað að auknu jafnrétti til náms, starfa og þjónustu, auk þess sem stuðlað er að umhverfisvænni samgöngum.
- Unnið verði að því að einbreiðar brýr heyri sögunni til.

#### 10.3.2 Reykhólar

##### Götur og aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur

- Gatna- og stígakerfi og útfærsla rýma styðji við virka ferðamáta í daglegum ferðum.
- Unnið verði að gerð stíganets sem tengir saman helstu atvinnu- og þjónustustaði. Stígarnir verði hugsaðir bæði sem útivistar- og samgönguleiðir og nýtist þannig íbúum og gestum.
- Unnið verði að því að leggja gangstéttir, sem líka má nýta til hjólreiða, með forgangi á gangstéttar meðfram Karlseyjarvegi, Hellisbraut og Grettiströð að sundlaug.
- Stuðlað verði að auknu skjóli á helstu göngu- og hjólaleiðum með gróðursetningu og annarri landslagsmótun.
- Unnið verði að malbikun gatna í þéttbýlinu og að skilgreina gangbrautir yfir Karlseyjarveg og Hellisbraut, þar sem þörf er á, til að tryggja öryggi vegfarenda.

##### Bílastæði

- Skilgreint verði bílastæði fyrir stærri bíla í nálægð við báta- og hlunnindasýninguna, samkvæmt nánari útfærslu í deiliskipulagi eða framkvæmdaleyfisgögnum.

##### Almenningssamgöngur

- Unnið verði áfram að bættum almenningssamgöngum til og frá Reykhólum í samstarfi við ríkið og önnur sveitarfélög á Vestfjörðum.

##### Höfn

- Höfn á Reykhólum verði vel viðhaldið þannig að hún þjóni atvinnulífinu sem best.

##### Flug

- Áfram verði möguleiki til lendinga minni flugvéla í sveitarfélaginu. Flugbrautinni verði viðhaldið þannig að hann uppfylli kröfur fyrir einkaflug.

#### 10.3.3 Flatey

##### Ferjusamgöngur

- Stuðlað verði að því með tryggum ferjusamgöngum að Flatey verði áfram aðgengilegur áfangastaður.

##### Höfn



- Höfninni á Tröllenda verði viðhaldið þannig að hún þjóni íbúum, gestum og atvinnulífi sem best.
- Aðstaða fyrir smábáta verði bætt.

## 10.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokkka og landnotkunarreiti

### 10.4.1 Vegir, götur og stígar (VE)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.



Mynd 50. Vegir, götur og stígar.

### 10.4.2 Stofnvegir (VE-SV)

#### Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 10.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um stofnvegi.

- Lega stofnvega og tengivega, eins og hún er sýnd skipulagsuppdráttum, er bindandi í þeirri nákvæmni sem uppdrættirnir eru. Nákvæmlega er ákveðin á deiliskipulags- og/eða framkvæmdaleyfisstigi.
- Stofnvegir, skv. vegalögum, ásamt tengdum mannvirkjum, s.s. göngum, brúm og áningarstöðum. Taka þarf tillit til takmarkana sem gilda á helgunarsvæðum stofnvega.
- Gert er ráð fyrir að aðrir innviðir geti legið samhliða stofnvegum án þess að þeir séu sérstaklega tilgreindir, t.d. háspennustrengir, ljósleiðarar, stofnæðar veitna, göngu-, hjóla- og reiðstigar. Ef sýnd er lega annarra innviða meðfram stofnvegi telst það ekki bindandi hvorum megin vegarins hún er sýnd.
- Veghelgunarsvæði er 30 m til beggja hliða frá miðlínu vegar.

#### Sértækir skilmálar fyrir landnotkunarreiti

Auk markmiða sem eru skilgreind í kafla 10.3 gilda eftirfarandi skilmálar um einstaka stofnvegi sem sýndir eru á skipulagsuppdráttum.

| Auðkenni                  | Lýsing  | Skilmálar  |
|---------------------------|---|--|
| <b>VE-SV-2</b><br>96,4 km | <b>Vestfjarðavegur</b><br><i>Gilsfjörð um Þorskafjörð gert er ráð fyrir þverun Þorskafjarðar rétt utan við Mjólkár línu, Djúpafjarðar frá Hallsteinsnesi að Grónesi og Gufufjarðar við mynni hans, Skálanes, Klettsháls, Vattarfjörð, Litlanes-sýslumörk – Skiptá.</i><br><i>Breyting er áformuð á legu Vestfjarðavegar frá Bjarkalundi að Skálanesi sem felur í sér veg um Teigsskóg og þverun þriggja fjarða; Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjarðar.</i> | Veghelgunarsvæði er 30 m til beggja hliða frá miðlínu vegar.<br>Skipulagsákvæði fyrir Vestfjarðaveg milli Bjarkalundar og Skálaness: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Haga skal hönnun og framkvæmd þannig að votlendi, skóglendi og náttúruminjar raskist sem minnst, í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Skógræktina. Vegagerðin í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, Skógræktina og Reykhólahrepp finni svæði fyrir endurheimt votlendis og skóglendis sem raskist vegna framkvæmda.</li> <li>• Brúarop verði nægilega löng til þess að tryggja vatnsskipti og straumhraða í samræmi við þarfir lífríkisins. Tvær brýr verði í þverun Djúpafjarðar.</li> <li>• Áður en framkvæmdir hefjast skal Vegagerðin leggja fram vöktunaráætlun á framvindu við endurheimt votlendis og skóglendis og vöktunaráætlun um þróun fiskungviðis og botndýralífs í Þorskafirði og Djúpafirði.</li> <li>• Haga skal hönnun og framkvæmd þannig að menningarminjar raskist sem minnst, í samráði við Minjastofnun Íslands.</li> <li>• Mannvirkjagerð, þ.m.t. vinnubúðir, skal vera í samræmi við framkvæmdarlýsingu sem fram kemur í 5. kafla greinargerðar aðalskipulagsbreytingar og skal þá sú</li> </ul> |

|                           |  |  |
|---------------------------|--|--|
|                           |  | <p>framkvæmdarlýsing vera forsenda leyfisveitinga sveitarstjórnar án deiliskipulags.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Vanda skal allan frágang mannvirkja, þ.m.t. svæði fyrir vinnubúðir.</li> </ul> <p>Við endurgerð á Vestfjarðarvegi frá Bjarkalundi að Króksfjarðarnesi verði gert ráð fyrir reiðleið meðfram vegi, skv. nánari útfærslu í deiliskipulagi eða framkvæmdaleyfi og stefnu um göngu-, hjóla- og reiðleiðir, sjá kafla 9.3. Skilgreint verði á deiliskipulags- / framkvæmdaleyfisstigi hvoru megin vegar reiðleiðin verði.</p> |
| <b>VE-SV-4</b><br>13,0 km | <b>Reykhólasveitarvegur</b><br><i>Stofnvegur af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni, út Barmahlíð, um Reykhóla, að Hamarlandi.</i> | Veghelgunarsvæði er 30 m til beggja hliða frá miðlínu vegar.   |

### 10.4.3 Tengivegir (VE-TV)

#### Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 10.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um tengivegi.

- Tengivegir, skv. vegalögum, ásamt tengdum mannvirkjum, s.s. göngum, brúm og áningarstöðum. Taka þarf tillit til takmarkana sem gilda á helgunarsvæðum tengivega.
- Gert er ráð fyrir aðrir innviðir geti legið samhliða tengivegum án þess að þeir séu sérstaklega tilgreindir, t.d. háspennustrengir, ljósleiðarar, stofnæðar veitna, göngu-, hjóla- og reiðstígar. Ef sýnd er lega annarra innviða meðfram stofnvegi telst það ekki bindandi hvorum megin vegarins hún er sýnd.

#### Sértækir skilmálar fyrir landnotkunarreit

Auk markmiða sem eru skilgreind í kafla 10.3 gilda eftirfarandi skilmálar um einstaka tengivegi sem sýndir eru á skipulagsuppráttum.

| Auðkenni                 | Lýsing  | Skilmálar  |
|--------------------------|---|--|
| <b>VE-TV-2</b><br>0,4 km | <b>Karlseyjarvegur</b><br><i>Karlseyjarvegur er skilgreindur sem stofnvegur á milli Reykhólasveitarvegur og Hellisbrautar en sem héraðsvegur þaðan að höfn.</i> | Veghelgunarsvæði er 30 m til beggja hliða frá miðlínu vegar. |

|                           |  |  |
|---------------------------|--|--|
| <b>VE-TV-4</b><br>16,2 km | <b>Porskafjarðarvegur</b><br><i>Tengivegur af Vestfjarðavegi frá nýrri brú yfir Porskafjörð.</i> | Veghelgunarsvæði er 15 m til beggja hliða frá miðlínu vegar. |
| <b>VE-TV-6</b><br>2,9 km  | <b>Geiradalsvegur</b><br><i>Tengivegur af Vestfjarðavegi í Geiradal um Gautsdal.</i>             | Veghelgunarsvæði er 15 m til beggja hliða frá miðlínu vegar. |
| <b>VE-TV-8</b><br>9,6 km  | <b>Djúpvegur</b>   | Veghelgunarsvæði er 15 m til beggja hliða frá miðlínu vegar. |

#### 10.4.4 Gönguleiðir (VE-GL)

Auk markmiða í kafla 10.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um gönguleiðir sem eru sýndar á skipulagsupprætti.

- Á skipulagsupprætti eru sýndar gönguleiðir þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdum eða endurbótum, uppbyggingu áningarstaða eða búast má við verulegri umferð. Gönguleiðir kunna að vera opnar fyrir öðrum fararmátum, t.d. umferð hesta og reiðhjóla, eftir því sem merkingar á vettvangi eða í öðrum gögnum segja til um. Lega gönguleiða er gróflega afmörkuð og telst ekki bindandi.

| Auðkenni                   | Lýsing   | Skilmálar |
|----------------------------|--|-----------|
| <b>VE-GL-1</b><br>312,5 km | <b>Gönguleiðir í Reykhólahreppi</b><br><i>Gönguleið sem liggur um sveitarfélagið meðfram ströndinni frá austri til vesturs, yfir valda hálsa. Gönguleiðir sem liggja frá suðri til norðurs tengja sveitarfélagið nágrannasveitarfélögum.</i> |           |
| <b>VE-GL-2</b><br>2,2 km   | <b>Aðalstígar í Flatey</b>   |           |
| <b>VE-GL-4</b><br>9,8 km   | <b>Aðalstígar á Reykhólum</b>  |           |

#### 10.4.5 Reiðleiðir (VE-RL)

Auk markmiða í kafla 10.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um reiðleiðir sem eru sýndar á skipulagsuppdrætti.

- Á skipulagsuppdrætti eru sýndar reiðleiðir þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdum eða endurbótum, uppbyggingu áningarstaða eða búast má við verulegri umferð. Reiðleiðir kunna að vera opnar fyrir öðrum fararmátum, t.d. umferð gangandi og reiðhjóla, eftir því sem merkingar á vettvangi eða í öðrum gögnum segja til um.

| Auðkenni                   | Lýsing   | Skilmálar   |
|----------------------------|--|---|
| <b>VE-RL-1</b><br>317,4 km | <b>Reiðleiðir í Reykhólahreppi</b><br><i>Reiðleiðir í Reykhólahreppi</i><br><i>Reiðleið meðfram ströndinni frá austri til vesturs, yfir valda hálsa. Reiðleiðir sem liggja frá suðri til norðurs tengja sveitarfélagið nágrennasveitarfélögum.</i> | Við endurgerð á Vestfjarðarvegi frá Bjarkalundi að Króksfjarðarnesi verði gert ráð fyrir reiðleið meðfram vegi, skv. nánari útfærslu í deiliskipulagi eða framkvæmdaleyfi og stefnum um göngu-hjóla- og reiðleiðir, sjá kafla 9.3.1. Skilgreint verði á deiliskipulags-/framkvæmdaleyfisstigi hvoru megin vegar reiðleiðin verði. |

#### 10.4.6 Flugvellir (FV)

**Skilgreining skipulagsreglugerðar:**

Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.



Mynd 51. Flugvellir.

### Sértækir skilmálar um landnotkunarreiti

Auk markmiða í kafla 10.3 gilda eftirfarandi skilmálar um einstaka landnotkunarreiti sem afmarkaðir eru á skipulagsuppdráttum.

| Auðkenni              | Lýsing   | Skilmálar  |
|-----------------------|--|--|
| <b>FV-2</b><br>7,5 ha | <b>Flugbraut, Reykhólum</b><br>Brautin er skráður landingarstaður, sbr. reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli og Flugmálahandbók AIP-Ísland. Í reglugerðinni eru m.a. settar kröfur um skráða landingarstaði, aðbúnað og reiknireglur um hindrunarfleti. | Á skipulagstímabilinu eru ekki ráðgerðar frekari breytingar eða stækkun flugbrautarinnar.<br>Fara skal að kröfum laga um loftferðir og reglugerða settum stoð í þeim, m.a. vegna hugsanlegra hindrana í aðflugsleiðum o.fl. Ef hindrun er nálægt áætlunarflugvelli eða við aðra landingarstaði leggur Samgöngustofa áherslu á að við fyrirhugað skipulag/framkvæmd verði tekið tillit til reglugerðar 464/2007, IV. hluti og til 6-1 í Viðauka 14 við stofnanasamning Alþjóðaðflugmálastofnunarinnar.<br>Taka skal mið af skilgreindum hindrunarfleti við mannvirkjagerð í nágrenni flugvallarins. |



### 10.4.7 Hafnir (H)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfararfarþega og smábátahafnir.



Mynd 52. Hafnir.

**Sértækir skilmálar**

Auk markmiða í kafla 10.3 gilda eftirfarandi skilmálar um einstaka landnotkunarreiti sem afmarkaðir eru á skipulagsuppdráttum.

| Auðkenni             | Lýsing   | Skilmálar   |
|----------------------|--|---|
| <b>H-2</b><br>1,0 ha | <b>Tröllendi, Flatey</b><br><i>Deiliskipulag liggur ekki fyrir.</i>  | Ferjubryggja með tilheyrandi, aðstöðu, búnaði og mannvirkjum. Reiturinn er afmarkaður þannig að koma megi fyrir nýrri smábátahöfn, skv. útfærslu í deiliskipulagi og framkvæmdaleyfi í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um landslag, náttúru- og minjavernd, sjá kafla 8.3. Uppbygging og framkvæmdir falli vel að umhverfinu og svipmóti í Flatey.<br><br>Vanda skal umhverfisfrágang og umgengni á lóðum.<br><br>Sjá einnig skilmála um vötn, ár og sjó í kalfa 8.4.2. |
| <b>H-4</b><br>5,0 ha | <b>Staður</b><br><i>Á svæðinu er smábáta- og ferjubryggja.</i>   | Smábáta- og ferjubryggja með tilheyrandi aðstöðu.   |
| <b>H-6</b><br>1,9 ha | <b>Reykhólahöfn</b><br><i>Iðnaðarhöfn í Karlsey á Reykhólum, um 2 km sunnan þorpsins í mikilli nálægð við Þörungaverksmiðjuna og saltvinnslu. Bryggjukantar: 90 m Mesta dýpi við kant 4 m á 43 m kafla. Bryggja óvarin fyrir öldu.</i> | Iðnaðarhöfn með tilheyrandi aðstöðu, búnaði og mannvirkjum.<br><br>Vanda skal frágang og umgengni á svæðinu.<br><br>Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á hafnarmannvirkjum skv. samgönguáætlun á hverjum tíma og eftir þörfum.<br><br>Sjá skilmála um sérstök not haf- og vatnssvæða (SN-2) við Reykhólahöfn í kafla 5.4.5.<br><br>Sjá einnig skilmála um iðnaðarsvæði (I-2) í Karlsey í kafla 5.4.5.   |

## 11 Veitukerfi



### 11.1 Meginmarkmið

Að skipulag stuðli að öruggum veitukerfum styðja sem best við þróun og nýsköpun í samfélaginu, í sátt við náttúru og samfélag.

Til að stuðla að þessu **meginmarkmiði** eru í kafla 11.3 sett fram **markmið** um:

- Hitaveitu
- Vatnsveitu
- Rafveitu
- Fjarskipti
- Fráveitu
- Meðhöndlun úrgangs

**Heimsmarkmið** sem tengjast þessu meginmarkmiði



Til að stuðla að þeim markmiðum eru í kafla 11.4 settir **almennir skilmálar** og **sértækir skilmálar** fyrir svæði sem falla í eftirfarandi landnotkunarflokka:

- Rafveitur (VH-R)

Í kafla 11.2 er gerð grein fyrir helstu **forsendum** markmiða og skilmála.

## 11.2 Forsendur

### Hitaveita

Reykhólar eru ríkir af jarðhita og hann er þar víða sýnilegur. Jarðhiti þar er að mestu í eigu ríkisins og Reykhóla í samræmi við eign á landi. Orkubú Vestfjarða rekur hitaveitu á Reykhólum og sér um afhendingu á heitu vatni til almennings og fyrirtækja þar. Þörungaverksmiðjan hefur komið að borun þriggja hola á jarðhitasvæðinu á Reykhólum og lagt nokkurra km leiðslu að starfsstöð fyrirtækisins í Karlsey.<sup>134</sup>

Mikilvægt er að sem stærstur hluti byggðar á svæðinu njóti hitaveitu og í þeim tilgangi verði rannsóknum á jarðhita og mögulegri nýtingu hans til húshitunar framhaldið.

### Vatnsveita

Reykhólahreppur rekur kaldavatnsveitu á Reykhólum og í Króksfjarðarnesi og Flateyjarveitur, sem er einkafyrirtæki, rekur vatnsveitu í Flatey.<sup>135</sup>

Árið 2021 var gerð úttekt á veitukerfum fyrir kalt vatn og er í fyrirliggjandi skýrslu farið yfir stöðu á kerfunum og komið með tillögur að úrbótum þar sem það á við.<sup>136</sup>

Vatnsból eru fjögur og merkt inn á skipulagsupprátt, sjá umfjöllun um verndarsvæði vatnsverndar í kafla 5.2. Að öðru leyti er dreifikerfi vatnsveitu ekki tilgreint í aðalskipulaginu.

Í Flatey er vatnið fengið úr brunnum á eyinni, en þegar vatnspörfin er mikil er vatn flutt frá meginlandinu til Flateyjar. Vatninu er þá tappað af ferjunni með slöngu sem leidd er í vatnstank á Tröllsenda og þaðan rennur vatnið niður í þorp eftir lögnum.

<sup>134</sup> Stertuvík Economix. Jarðhitanyting á Reykhólum – framtíðarsýn. 2020.

<sup>135</sup> Munnleg heimild frá Ingibjörgu Birnu Erlingsdóttur, 24.6.2020.

<sup>136</sup> Verkís, 2021. Reykhólahreppur. Úttekt á veitukerfum.

### Rafveita

Orkubú Vestfjarða er dreifiaðili raforku í sveitarfélaginu. Allir bæir eru tengdir dreifikerfi Orkubúsins. Spennistöð er í Geiradal.

Mjólkárhlína 1 liggur um sveitarfélagið til vesturs frá spennistöð Geiradal en Geiradalshlína til suðurs frá spennistöðinni og yfir Gilsfjörð. Báðar línur eru hluti af flutningskerfi Landsnets og með spennustig 132 kV. Að auki er gert ráð fyrir 132 kV háspennustreng frá vindorkuveri á Garpsdalsfjalli að spennistöð í Geiradal.

Orkuframleiðsla og flutningsmál raforku lykilmál á Vestfjörðum og þörf á að bæta raforkuöryggi. Á Vestfjörðum hefur afhendingaröryggi í sögulegu samhengi verið heldur lakara en víðast annars staðar á landinu en ýmsar endurbætur hafa verið gerðar á undanförunum árum. Vestfirðir eru því mjög háðir flutningi orku frá öðrum hlutum landsins. Mikilvægt er að auka orkuframleiðslu innan Vestfjarða til að tryggja samkeppnishæft öryggi.<sup>137</sup>

Rafstrengir í dreifikerfi eru allir komnir í jörð í sveitarfélaginu. Allir bæir hafa aðgang að þriggja fasa rafmagni.

Flatey á Breiðafirði eru ekki tengd raforkukerfi landsins. Rafmagnið er fengið frá díselrafstöð sem rekin er á eyinni.

Stefnan í svæðisskipulagi gefur kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggir örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Stefnan stuðlar að því að mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. Tekin er afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafla, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag.

Í sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 kemur fram að einn helsti veikleiki landshlutans séu veikir innviðir og er ótryggt rafmagn einn af þeim liðum. Undir atvinnu og nýsköpun kemur einnig fram að einn af helstu veikleikum sé raforkuskortur og ótryggt afhendingaröryggi rafmagns. Ein af þeim

<sup>137</sup> Vestfjarðastofa. [Orkumál](#). Sótt 10.7.2020 af

áherslum sem koma fram undir tengslum við forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar, í heimsmarkmiðunum, er að afhendingaröryggi rafmagns sé aukið og í umhverfi og skipulagi er einn helsti veikleikinn að rafmagn sé framleitt með jarðefnaeldsneyti.

Tillaga að kerfisáætlun 2020-2029 um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi fjallar m.a. um grunnforsendur fyrir áætlun, niðurstöður valkostagreininga, áætlun um uppbyggingu meginflutningskerfisins til næstu 10 ára og lýsingar á framkvæmdaverkum á tímabilinu 2021-2023.<sup>138</sup>



Mynd 53. Raforkukerfi á vegum Orkubús Vestfjarða<sup>139</sup>

Í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana eru dregin mörk við 200 kW en vatnsaflsvirkjanir undir þeim mörkum eru tilkynningarskyldar til sveitarfélagsins. Virkjanir yfir 200 kW ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar, sem sker úr um matsskyldu. Verndar- og

<sup>138</sup> Landsnet, 2019 [Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030](#).

<sup>139</sup> [Kortasjá Orkubús Vestfjarða](#).

orkunýtingaráætlun fjallar síðan um vatnsaflsvirkjanir yfir 10 MW. Engin svæði í Reykhólahreppi eru í biðflokki rammaáætlunar.<sup>140</sup>



Mynd 54. Raflínur (rauðar og bláar línur) og möstur (gulir reitir) í flutningskerfi Landsnets<sup>141</sup>

Áformað er að reisa allt að 89 MW vindorkuver í landi Garpdals í Reykhólahreppi, sbr. samþykktu breytingu á aðalskipulagi þar um (breytingin er óstaðfest, en reiknað má með að hún hafi tekið gildi áður en

<sup>140</sup> [Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða](#).

<sup>141</sup> Landsnet 2019: Flutningskerfið, kortasjá, <https://www.map.is/landsnet/>

aðalskipulagstillagan verður auglýst). Um er að ræða skilgreiningu á 437 ha iðnaðarsvæði til vindorkunýtingar.

### Fjarskipti

Öflug og örugg fjarskiptabjónusta er mikilvæg fyrir íbúa og fyrirtæki.

Aðgengi er að ljósleiðara í dreifbýli Reykhólahrepps, en í þéttbýlinu á Reykhólum er ekki búið að tengja ljósleiðara.

Mannvirki fyrir fjarskipti eru almennt fyrirferðarlítill og því ekki tilefni til að fjalla um þau sérstaklega í aðalskipulagi nema að því marki að taka af tvímæli um að mannvirkjagerð af því tagi sé heimil enda mikilvægt að aðgangur að fjarskiptakerfum sé sem víðast.

Lega ljósleiðarastrengja er af öryggisástæðum almennt ekki höfð opinber og er lega slíkra strengja því ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti. Um ljósleiðara gildir einnig að erfiðara er að greina milli stofn- og dreifikerfis. Lagning strengjanna veldur almennt ekki verulegri röskun á yfirborði.

Um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara gildir það sama og þegar lagðar eru lagnir annarra dreifikerfa og eru ekki taldar stofnlagnir.

### Fráveita

Notast er við rotþrær í þéttbýlinu og á það sama við um bæi í dreifbýlinu, sem og sumarhús. Fráveitukerfi á Reykhólum var tekið út samhliða vatnsveitunni og reyndist það í góðu ásigkomulagi<sup>142</sup>, en fyrirkomulag fráveitu kallar víða á endurbætur. Í dreifbýlinu er fráveita almennt á ábyrgð landeiganda, t.d. með rotþró við sveitabæi. Mikilvægt að stefna að því að öll byggð verði tengd viðurkenndum rotþróum.

Í gildi er samþykkt um fráveitur í Reykhólahreppi og nær hún til allra fasteigna; íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða, stofnana og atvinnustarfsemi.

<sup>142</sup> Verkís, 2021. Reykhólahreppur. Úttekt á veitukerfum.

### Meðhöndlun úrgangs

Úrgangur úr sveitarfélaginu er fluttur í Fíflholt í Borgarbyggð til urðunar. Reykhólahreppur er ekki aðili að Sorpsamlagi Vesturlands sem rekur urðunarstaðinn í Fíflholtum. Boðið er upp á flokkun úrgangs og hann sóttur heim á bæi. Sérstök söfnun er fyrir rúlluplast. Grófum úrgangi og er safnað saman á athafnasvæði við Karlseymarbraut. Flokkun og hirðu úrgangs úr Flatey er sinnt af Íslenska gámafélaginu, sem er með starfsstöð í Stykkishólmi.

Þegar kemur að innleiðingu hringrásarhagkerfis, í úrgangsmálum á Íslandi, er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsforvarnir, sem kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu Saman gegn sóun, og hins vegar stefnan um meðhöndlun úrgangs. Saman mynda þessar stefnur eina heildarstefnu í úrgangsmálum sem nefnist: Í átt að hringrásarhagkerfi.<sup>143</sup> Sú stefna kemur í stað landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013–2024, í samræmi við breytingar sem gerðar voru árið 2014 á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs kemur fram að sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skuli semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Jafnframt kemur fram að svæðisáætlun skuli fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir og að þar skuli m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á viðkomandi svæði, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og upplýsingar um hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Ekki liggur fyrir svæðisáætlun sem Reykhólahreppur á aðild að.

<sup>143</sup> Stjórnarráð Íslands. Júní 2021. [Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis- og Auðlindaráðherra í úrgangsmálum.](#)

### 11.3 Markmið

#### 11.3.1 Sveitarfélagið í heild

##### Grunnkerfi

- Íbúum og fyrirtækjum verði tryggð gott aðgengi að grunninnviðum, s.s. raforku og heitu og köldu vatni til að styðja við þróun og nýsköpun.
- Lega fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu og ljósleiðara er ákvörðuð í deiliskipulagi og/eða á framkvæmdaleyfisstigi

##### Hitaveita

- Stuðlað verði að betri nýtingu jarðhitauðlindarinnar, þannig að hún þjóni íbúum og fyrirtækjum sem best.

##### Vatnsveita

- Stuðlað verði að góðu aðgengi að heilnæmu ferskvatni og að því að nýting yfirborðsvatns fari fram með sjálfbærum hætti.

##### Rafveita

- Stefnt verði að auknu raforkuöryggi og stuðlað að uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggir örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag.

##### Fjarskipti

- Stuðlað verði að því að fjarskiptajónusta á svæðinu verði öflug og örugg og þjóni íbúum, fyrirtækjum og ferðamönnum sem allra best. Áfram verði unnið uppbyggingu ljósleiðara og farsímasenda í sveitarfélaginu.

##### Fráveita

- Stuðlað verði að því að öll byggð á svæðinu verði tengd rotþróum sem uppfylla kröfur viðeigandi reglugerða.

##### Meðhöndlun úrgangs

- Íbúar, stofnanir og fyrirtæki geti á auðveldan og aðgengilegan hátt nýtt umhverfisvænar leiðir til meðhöndlunar úrgangs.

#### 11.3.2 Reykhólar

##### Fjarskipti

- Stuðlað verði að uppbyggingu ljósleiðara í þéttbýlinu þannig að fjarskiptajónusta á svæðinu verði öflug og örugg og þjóni íbúum, fyrirtækjum og ferðamönnum sem allra best.

#### 11.3.3 Flatey

##### Grunnkerfi

- Staðinn verði vörður um innviði í Flatey og þróun grunnkerfa verði með sjálfbærni að leiðarljósi.

##### Vatnsveita

- Tekið verði mið af vatnsskorti í Flatey við þróun byggðar og ferðajónustu í Flatey.

## 11.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokkka og landnotkunarreiti

### 11.4.1 Veitur, rafveita (VH-R)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar

Veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.



Mynd 55. Rafveita.



### Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 11.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um rafveitur (VH-R).

- Til stofnkerfis rafveitu teljast einnig tengivirki en þau má reisa innan iðnaðarsvæða.
- Gert ráð fyrir því að háspennulínur í flutningskerfi geti verið ofan jarðar eða neðan án þess að greinarmunur sé gerður á skipulagsuppdráttum. Línur í dreifikerfi kalla ekki á afmörkun í aðalskipulagi og koma ekki fram á uppdráttum.
- Helgunarsvæði (einnig nefnt byggingabannsvæði) háspennulína er svæði meðfram háspennulínum þar sem takmarkanir geta verið á landnotkun og mannvirkjagerð. Hafa skal samráð við veitufyrirtæki við skipulag og framkvæmdir í nágrenni háspennulína og ef ráðgert er að nýta línuslóða. Takmarkanir eru á mannvirkjagerð innan helgunarsvæðis háspennulína, sbr. reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009 og viðeigandi staðla.
- Öll orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira og jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira eru háðar umhverfismati skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 1. viðauka laganna.
- Háspennustrengir geta legið meðfram þjóðvegum án sérstakrar tilgreiningar á skipulagsuppdrætti.
- Nákvæm lega lína og gerð mastra sé ákveðin í deiliskipulagi og/eða framkvæmdaleyfi og að gætt verði að góðu aðgengi að línumannvirkjum.

**Sértækir skilmálar um landnotkunarreiti**

Auk markmiða í kafla 11.3 og almennra skilmála (VH-R) gilda eftirfarandi skilmálar um rafveitur sem sýndar eru á skipulagsuppdráttum.

| Auðkenni                 | Lýsing   | Skilmálar   |
|--------------------------|--|---|
| <b>VH-R-2</b><br>58,7 km | <b>Mjólkár lína, 132 kV</b><br><i>Línan liggur frá Geiradal að Mjólkár virkjun í Arnarfirði.</i> | Miða skal við 35-45 m breitt helgunarsvæði fyrir 132 kV línur. Aðgengi að möstrum skal tryggt. Hafa skal samráð við veitufyrirtæki við skipulag og framkvæmdir í nágrenni háspennulína og ef ráðgert er að nýta línuslóða.<br><br>Til stofnkerfis teljast einnig tengivirki en þau má reisa innan iðnaðarsvæða.   |
| <b>VH-R-4</b><br>11,4 km | <b>Geiradalslína 132 kV</b><br><i>Línan liggur frá spennuvirki í Geiradal.</i>                   | Miða skal við 35-45 m breitt helgunarsvæði fyrir 132 kV línur. Aðgengi að möstrum skal tryggt. Hafa skal samráð við veitufyrirtæki við skipulag og framkvæmdir í nágrenni háspennulína og ef ráðgert er að nýta línuslóða.<br><br>Til stofnkerfis teljast einnig tengivirki en þau má reisa innan iðnaðarsvæða.   |
| <b>VH-R-6</b><br>10,1 km | <b>Garpsdalsstrengur, 132 kV</b>   | Jarðstrengurinn liggur frá vindorkubúi á Garpsdal að spennistöð Landsnets í Geiradal. Lengd strengsins er um 6 km.<br><br>Miða skal við 35-45 m breitt helgunarsvæði fyrir 132 kV línur. Aðgengi að möstrum skal tryggt. Hafa skal samráð við veitufyrirtæki við skipulag og framkvæmdir í nágrenni háspennulína og ef ráðgert er að nýta línuslóða.<br><br>Til stofnkerfis teljast einnig tengivirki en þau má reisa innan iðnaðarsvæða. |

## 12 Náttúruvá og varúðarsvæði



### 12.1 Meginmarkmið

Að skipulag taki mið af öryggi íbúa og mannvirkja.

Til að stuðla að þessu **meginmarkmiði** eru í kafla 12.3 sett fram **markmið** um:

- Náttúruvá
- Gróðureldar
- Sjávarsvæði og loftslagsbreytingar
- Sýkingarhætta

**Heimsmarkmið** sem tengjast þessu meginmarkmiði



Til að stuðla að þeim markmiðum eru í kafla 12.4 settir **almennir skilmálar** og **sértækir skilmálar** fyrir svæði sem falla í eftirfarandi landnotkunarflokka:

- Varúðarsvæði (VA)

Í kafla 12.2 er gerð grein fyrir helstu **forsendum** markmiða og skilmála.

## 12.2 Forsendur

Við mótun aðalskipulagsins var óskað eftir upplýsingum frá Veðurstofnunni um náttúruvá í sveitarfélaginu.

### Eldvirkni og jarðskjálftar

Skipulagssvæðið liggur utan helstu jarðskjálftasvæða landsins og engin hætta er talin á eldvirkni.<sup>144</sup>

### Ofanflóð

Vitað er um að á ýmsum svæðum er nokkur hætta vegna snjóflóða og skriðufalla. Þekkt snjóflóðasvæði eru í bröttum hlíðum s.s. Gilsfirði, Reykjanesi og vesturhlíðum Þorskafjarðar.<sup>145</sup> Ljóst er að mörg snjóflóð hafa fallið í dreifbýli Reykhólahrepps.<sup>146</sup> Í svari Veðurstofunnar við fyrirspurn um náttúruvá í sveitarfélaginu kom fram að gert hefur verið hættumat fyrir Grund í Reykhólasveit fyrir lóð fyrirhugaðs íbúðarhúss í landinu. Þá hafa ofanflóðaaðstæður verið kannaðar við Miðjanes, en þar hefur ekki verið gert formlegt hættumat. Staðbundið hættumat hefur einnig verið unnin fyrir eigendur að jörðunum Kirkjubóli og Dal við Kvígindisfjörð vegna fyrirhugaðrar frístundabyggðar.

### Landbrot

Sífelld fjölgar vísbendingum um að breytingar á loftslagi séu í vændum. Skipulag þarf að taka tillit til aukinna öfga í veðurfari og áhrif þeirra á rof, mannvirki og innviði. Landbrot hefur orðið vegna ágangs sjávar á norðurenda Flateyjar. Til að sporna við rofi er ráðgerð sjónvörn við gamla þorpið.

<sup>144</sup> Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018. Forsendur.

<sup>145</sup> Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018. Forsendur.

<sup>146</sup> Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018.

## Loftslagsbreytingar

Gera má ráð fyrir breytingum í veðurfari, s.s. auknum veðurofsa, á næstu áratugum og ætla má að helstu afleiðingar loftslagsbreytinga á byggð Íslandi séu sjávarflóð vegna hækkandi sjávarborðs og flóð innan byggðar vegna ofsarigninga. Ekki liggja fyrir skýr viðmið um flóðahæð sem skuli taka tillit til við skipulagsgerð. Aðlögunaraðgerðir felast fyrst og fremst um það að kortleggja og draga úr áhrifum af flóðum innan byggðar.

Í skýrslu Sigurðar Sigurðarsonar (2018) *Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð* kemur fram að á lágsvæðum þurfi að gera ráð fyrir a.m.k. 1 m hækkun sjávar. Veðurstofan bendir einnig á að sjávarstöðuhækkun muni halda áfram öldum saman og því líklegt að nýbyggingar á uppfyllingum muni að lokum þurfa að glíma við sjávarstöðuhækkun jafnvel þó þessum kröfum sé fylgt. Í skýrslunni er jafnframt bent á að viðmiðunarreglur um skipulag á lágsvæðum þarfnist reglulegrar uppfærslu við eftir því sem þekkingu fleygir fram. Mikilvægt er því í skipulagsvinnu að hægt verði að bregðast við hækkun sjávar verði hún að lokum meiri en áður hefur verið skilgreint.

### Gróðureldar

Mikilvægt er að skipulag taki mið af hættu sem getur stafað af gróðureldum, sérstaklega á svæðum fyrir frístundabyggð. Við skipulag frístundabyggðar þarf að huga að áskorunum sem tengjast gróðureldum, svo sem flóttaleiðum og brunavörnum á frístundabyggðarsvæðum.

### Sýkingarhætta

Sérstaka varúð þarf að hafa þar sem riðufé og miltisbrandssýktar skepnur hafa verið grafnar en smithætta getur varað í áratugi. Heimildir eru um þrjá staði í Reykhólahreppi þar sem talið er að skepnur sýktar af miltisbrandi hafi verið grafnar; Reykhólum árið 1882, Börmum árið 1900 og Gillastöðum á árabílinu 1900-1920.<sup>147</sup> Varúð skal viðhöfð við jarðvinnu þar sem grunur er um slíkt enda geta gró miltisbrands lifað lengi í dvala í

<sup>147</sup> Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018.

jarðvegi. Hafa verður í huga að nokkur skekkja getur verið í staðsetningum og því rétt að afla frekari upplýsinga áður en hreyft er við jarðvegi í nágrenni við tilgreinda staði. Merktar eru inn á aðalskipulagsupprátt þær grafir (varúðarsvæði, VA) sem vitað er um að geti valdið hættu. Hafa þarf að því staðsetning grafanna getur verið ónákvæm og afla þarf frekari upplýsinga ef jörð er raskað í grenndinni.

### **12.3 Markmið**

#### **12.3.1 Sveitarfélagið í heild**

##### **Náttúruvá**

- Tekið verði tillit til þekktrar náttúruvár, þ.m.t. flóða, og fárviðris, við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landnotkun.
- Varnir vegna náttúruvár skulu skilgreindar í deiliskipulagi eða framkvæmdaleyfi og taka tillit til stefnu aðalskipulagsins um landslag og náttúru og minjar (sjá kafla 8.3).

##### **Gróðureldar**

- Hugað verði að áskorunum sem tengjast gróðureldum, svo sem flóttaleiðum og brunavörnum á frístundasvæðum.

##### **Sjávarsvæði og loftslagsbreytingar**

- Tekið verði tillit til mögulegrar hækkunar sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landnotkun. Í deiliskipulagi skal gólfkóti ákveðinn með hliðsjón af nýjustu upplýsingum um hækkandi sjávarstöðu á líklegum líftíma mannvirkjanna.

##### **Sýkingarhætta**


- Hægt verði að forðast jarðrask þar sem sýkt búfé hefur verið grafið.

## 12.4 Skilmálar fyrir landnotkunarflokka og landnotkunarreiti

### 12.4.1 Varúðarsvæði (VA)

#### Skilgreining skipulagsreglugerðar:

Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun.



Mynd 56. Varúðarsvæði.

### Almennir skilmálar

Auk markmiða í kafla 12.3 gilda eftirfarandi almennir skilmálar um einstaka landnotkunarreiti sem afmarkaðir eru á skipulagsuppdráttum.

- Staðsetning grafanna getur verið ónákvæm og afla þarf frekari upplýsinga ef jörð er raskað í grenndinni.

| Auðkenni         | Lýsing  | Skilmálar   |
|------------------|---|---|
| VA-2             | Reykhólar, miltisbrandsgröf   |   |
| VA-4             | Barmar, miltisbrandsgröf  |   |
| VA-6             | Gillastaðir, miltisbrandsgröf   |   |
| VA-8<br>444,0 ha | <b>Garpsdalur</b><br><i>Vindorkugarður í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun.</i> | Iðnaðarsvæði í Garpsdal, þar sem gert er ráð fyrir vindorkugarði, er skilgreint sem varúðarsvæði þar sem ekki hefur verið tekin afstaða til virkjunarkostsins í gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun og skal hann því lúta sömu reglum og virkjunarkostir í biðflokki áætlunarinnar, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 48/2011. Þær takmarkanir sem eiga við svæði í biðflokki eru tilgreindar í 3. gr. framangreindra laga og fela í sér að ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnuslu vegna virkjunarkostsins og einungis er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknnum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki háðar umhverfismati.<br><br>Sjá skilmála um iðnaðarsvæði í Garpsdal I-10 í kafla 5.4.5. |

## Viðauki. Umsagnaraðilar

Eftirtaldir aðilar fengu tillögu á vinnslustigi send rafrænt til umsagnar í október 2021 og fengu tilkynningu um auglýsta tillögu í júlí 2022:

|  |   |
|--|---|
| <b>Nefndir og stofnanir sveitarfélagsins</b>     | Nefndir sveitarfélagsins                              |
|  | Reykhólaskóli   |
|  | Reykhólakirkja, sóknarnefnd                           |
|  | Slökkvilið Reykhólahrepps                             |
|  | Upplýsingamiðstöðin á Reykhólum                       |
| <b>Aðliggjandi sveitarfélög</b>                  | Svæðisskipulagsnefnd Dalab., Reykhólahr. og Strandab. |
|  | Dalabyggð   |
|  | Strandabyggð  |
|  | Súðavíkurreppur                                       |
|  | Ísafjarðarbær   |
|  | Vesturbyggð   |
| <b>Önnur sveitarfélög við Breiðafjörð</b>        | Stykkishólmsbær                                       |
|  | Helgafellssveit                                       |
|  | Grundarfjarðarbær                                     |
|  | Snæfellsbær   |
| <b>Opinberar stofnanir/opinber stjórnarsýsla</b> | Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða                        |
|  | Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið            |
|  | Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið               |
|  | Matvælaráðuneytið                                     |
|  | Umhverfisstofnun                                      |
|  | Hafrannsóknastofnun                                   |
|  | Íslandsstofa  |
|  | Landsnet  |
|  | Minjastofnun Íslands                                  |



|  |   |
|--|---|
|  | Náttúrufræðistofnun Íslands                     |
|  | Innviðaráðuneytið                               |
|  | Samgöngustofa                                   |
|  | Stjórnstöð ferðamála                            |
|  | Skipulagsstofnun                                |
|  | Skógræktin                                      |
|  | Veðurstofa Íslands                              |
|  | Vegagerðin                                      |
|  | Byggðastofnun                                   |
|  | Ferðamálastofa                                  |
|  | Breiðafjarðarnefnd                              |
|  | Minjavörður Vestfjarða                          |
|  | Náttúrustofa Vestfjarða                         |
|  | Rarik, Búðardal                                 |
| <b>Svæðisbundnar stofnanir</b>                 | Fjórðungssamband Vestfirðinga, stjórn           |
|  | Markaðsstofa Vestfjarða                         |
|  | Háskólasetur Vestfjarða                         |
|  | Vestfjarðarstofa                                |
| <b>Félaga- og hagsmunasamtök</b>               | Félag eldri borgara Dalabyggð og Reykhólahreppi |
|  | Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna      |
|  | Framfarafélag Flateyjar                         |
|  | Breiðfirðingafélagið                            |
|  | Skógræktarfélagið Björk                         |
|  | Skógræktarfélag Íslands                         |
|  | Björgunarsveitin Heimamenn                      |
| <b>Félaga- og hagsmunasamtök atvinnugreina</b> | Búnaðarfélag Reykhólahrepps                     |
|  | Búnaðarsamband Vestfjarða                       |
|  | Ferðamálasamtök Vestfjarða                      |

|   |                                    |
|---|------------------------------------|
|   | Sauðfjárræktarfélag Reykhólahrepps |
| Fyrirtæki í Reykhólahreppi eða með hagsmuni þar | Norðursalt, Reykhólum              |
|   | Orkubú Vestfjarða                  |
|   | Pörungaverksmiðjan, Reykhólum      |
|   | Sjávarsmiðjan                      |
|   | Pörungaklaustur                    |
|   | Icelandic WildWest-Kelp            |
|   | Glæðir                             |
|   | Hótel Flatey                       |
|   | Hótel Bjarkalundur                 |
|   | Íslenska gámafélagið               |